


Bliki

5

NÓVEMBER 1986

TÍMARIT UM FUGLA



BLIKI er gefinn út af dýrafræðideild Náttúrufræðistofnunar Íslands í samvinnu við Fuglaverndarfélag Íslands og áhugamenn um fugla. Birtar eru greinar og skýrslur um íslenska fugla ásamt smærri pistlum um ýmislegt er að fug um lýtur.

Ritið kemur út a.m.k. einu sinni á ári. Hvert hefti er verðlagt sérstaklega og innheimt með gíróseðli. Þeir sem þessa óska geta látið skrá sig á útsendingarlista og fengið ritið við útgáfu.

Ritnefnd Blika skipa: Ævar Petersen (formaður), Arnþór Garðarsson, Erling Ólafsson, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson og Kjartan Magnússon.

Afgreiðsla ritsins er á Náttúrufræðistofnun Íslands, Laugavegi 105, pósthólf 5320, 125 Reykjavík. Sími (91)-29822.

Greinar, sem óskast birtar, skulu sendar formanni ritnefndar á Náttúrufræðistofnun. Höfundar fá 25 sérprent af greinum sínum endurgjaldslaust.

Ábyrgðarmaður: Ævar Petersen.

Setning: BLIKI.
Spaltagerð: Prentsmiðjan Oddi hf.
Umbrot: BLIKI / Prentþjónustan hf.
Filmgerð: Prentþjónustan hf.
Prentun: Guðjón Ó hf.
Bókband: Bókfell hf.

© 1986 BLIKI
ISSN 0256-4181

BLIKI is published by the Icelandic Museum of Natural History, Department of Zoology, in cooperation with the Icelandic Society for the Protection of Birds, and bird observers. The primary aim is to act as a forum for previously unpublished material on Icelandic birds, in the form of longer or shorter papers and reports. The main text is in Icelandic, but summaries in English are provided, except for shorter notes.

The bulletin appears at least once a year. Each issue is priced separately, hence there are no annual subscriptions. Those wishing to receive future issues of the bulletin, will be put on the mailing list. Payment is by an invoice or postal giro (account no. 29822-0).

Editorial board: Ævar Petersen (chairman), Arnþór Garðarsson, Erling Ólafsson, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson, and Kjartan Magnússon.

All enquiries, including potential contributions, should be submitted to the chairman, at the Icelandic Museum of Natural History, PO Box 5320, 125 Reykjavík, Iceland. Offers of exchange of bird journals, will be considered. Authors are provided with 25 reprints of their contributions, free of charge.

Note to foreign readers: The Icelandic letters Ðð, Þþ, Ææ, Öö and vowels with an acute accent (Áá, Éé, Íí, Óó, Úú, Ýý), are used in all Icelandic and foreign texts. In the references "HEIMILDIR" Icelandic authors are listed by their Christian name, as is customary in Iceland.

Forsíðumynd:
Músarrindill
Svínafell í Örfum, 16. júní 1975
Ljósm. Hjálmar R. Bárðarson

Bókfinka kemur upp ungum á Íslandi

Bókfinka *Fringilla coelebs* er algengur varpfugl í Evrópu og tíður flækingur hér á landi. Hún sést einkum á haustin og veturna, stundum í talsverðum mæli, eins og t.d. 1979 og 1980 (Gunnlaugur Pétursson og Kristinn H. Skarphéðinsson 1980, 1982).

Stöku sinnum hafa bókfinkur sést á vorin og sumrin, m.a. sumarið 1985 er vart varð syngjandi karlfugla á þremur stöðum á Suðurlandi (sjá 1. mynd), en kvenfuglar sáust ekki. Það var ekki fyrr en sumarið 1986, að bókfinkuvarp varð staðfest hér á landi, en athuganir sem liggja því til grundvallar fóru fram í Skógræktarstöðinni í Fossvogi, Reykjavík. Auk eigin athugana hef ég fengið upplýsingar frá Erling Ólafssyni, Erpi Snæ Hansen, Gunnlaugi Péturssyni og Hannesi P. Hafsteinssyni.

Bókfinka sást fyrst í Fossvogi 12. maí, en það var karlfugl. Daginn eftir sást kvenfugl á sama stað. Dagana 15. og 16. maí varð einnig vart við bókfinkur en síðan ekki fyrr en um miðjan ágúst, er tveir fuglar sáust, annar þeirra kvenfugl. Hann sat á grein og gaf í sífellu frá sér aðvörunarhljóð vegna kattar, sem var þar á ferð. Hin bókfinkan sást aðeins skamma stund og varð ekki greind til kyns. Hegðun kvenfuglsins gæti bent til þess, að hann hafi átt unga í grenndinni, þó ekki verði það fullýrt.

Þann 23. ágúst sást kvenfugl og a.m.k. einn fleygur ungi. Voru bókfinkurnar í fylgd með 5-6 fjallafinkum *Fringilla montifringilla*, þ.e. pari og ungum sem komust upp í Skógræktinni þetta sama sumar. Bókfinkurnar voru skoðaðar af stuttu færi og sáust því vel, þó aldrei nema ein í einu. Þær sáust áfram næstu daga, oftast með fjallafinkunum. Aldrei sáust fleiri en tveir ungar samtímis auk

kvenfuglsins, m.a. 27. ágúst og 7. september, en þá sáust þrír fuglar saman í æti á jörðinni.

Til að byrja með voru ungarnir auðgreindir frá kvenfuglinum. Þeir voru grárri, liturinn „óhrein“ og fiður úfnara. Ljós blettur var í hnacka þeirra, en það einkennir unga frá kvenfuglum. Að öðru leyti var lítill munur á fuglunum og fór minnkandi er leið að hausti. Um miðjan september var orðið erfitt að greina ungana frá kvenfuglinum. Karlfuglinn sást aldrei um haustið.

Nærri útilokað er, að ungarnir hafi flækst hingað frá varpstöðvum í Evrópu og eru það einkum þrjú atriði sem benda til að svo hafi ekki verið: (1) Ungarnir báru það með sér, er þeir sáust fyrst, að stutt var liðið frá því að þeir yfirgáfu hreiður. (2) Fartími bókfinku í N.-Evrópu hefst ekki fyrr en eftir miðjan september, en ungar sáust allt frá 23. ágúst. (3) Þar sást á þessum stað um vorið, e.t.v. sama parið og mun hafa verpt. Má því telja nær öruggt, að þessir ungar séu úr hreiðri hérlendis, svo þetta er í fyrsta sinn sem bókfinka verpir hér, svo vitað sé.

Það vekur athygli, að bókfinkurnar sáust ekki í um þrjá mánuði, frá miðjum maí fram í miðjan ágúst. Talsvert var um að fuglaáhugamenn legðu leið sína í Skógræktina fyrri hluta sumars og er ósennilegt annað en að vart hefði orðið við fuglana, ef þeir hefðu verið á svæðinu, sér í lagi hefði söngur karlfuglsins átt að heyrast.

Því verður að ætla, að bókfinkurnar hafi flutt sig úr Skógræktinni upp úr miðjum maí og verpt einhvers staðar í nágrenninu, en nóg er þar af heppilegum stöðum, t.d. kirkjugarðurinn í Fossvogi eða trjálundir við Nýbýlaveg í



1.mynd. Bókfinka, syngjandi karlfugl, við Laugarvatn 5. júní 1985.
— Chaffinch, a singing male, at Laugarvatn, S-Iceland, 5 June 1985. Ljós. Erling Ólafsson.

Kópavogi. Í seinni hluta júlí eða fyrri hluta ágúst hefur kvenfuglinn svo komið með ungana í Skógræktina, þar sem væntanlega er mikið æti. Á þessu tímabili var lítil umferð um svæðið og fuglarnir því getað verið ósédir fram í miðjan ágúst.

Eins og áður sagði, er bókfinka algengur varpfugl um mestalla Evrópu. Hún er lítið eitt minni en snjótittlingur og er karlfuglinn auðþekktur á rauðri bringu og bláleitum kalli. Kvenfuglinn er grábrúnn á lit. Varptími er frá miðjum apríl fram í júlí. Hreiðrin eru í trjám eða runnum og yfirleitt eru eggin fjögur eða fimm. Útungunartími er 11-13 dagar og ungarnir verða fleygir eftir u.þ.b. tvær vikur. Bókfinkur eru staðfuglar í V-Evrópu, en fuglar frá N- og A-Evrópu hafa vetrarsetu í V- og S-Evrópu.

HEIMILDIR

Gunnlaugur Pétursson og Kristinn H. Skarphéðinsson 1980. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1979. Náttúrufræðistofnun Íslands, fjölrít.

Gunnlaugur Pétursson og Kristinn H. Skarphéðinsson 1982. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1980. Náttúrufræðistofnun Íslands, fjölrít.

SUMMARY

Chaffinch *Fringilla coelebs* nesting in Iceland

A pair of Chaffinches *Fringilla coelebs* was observed in a small tree plantation in Reykjavík between May 12 and 16, 1986. The birds were not seen again until the middle of August when two birds were seen. One of them, a female, was busy mobbing a cat. The other was only glimpsed briefly and neither sex nor age was verified. Then on August 23, a female and one recently fledged young were seen. During the next fortnight chaffinches were seen regularly in the same area, never more than a female and two young simultaneously. Males were never seen during the late summer. This is the first record of chaffinches breeding in Iceland, but they are fairly frequent vagrants, mostly in autumn and winter.

Kjartan G. Magnússon, Bogahlíð 18, 105 Reykjavík.

Kolþernur verpa öðru sinni við Stokkseyri

Nýlega var gerð grein fyrir kolþernum *Chlidonias niger* á Íslandi og óvæntri varptilraun við Stokkseyri sumarið 1983 (sjá Erling Ólafsson o.fl. 1983). Nokkuð óvænt komu kolþernur aftur til Stokkseyrar að ári og urpu, þ.e. sumarið 1984.

Að þessu sinni settust kolþernur að í allstóru kríuvarpi skammt austan Stokkseyrar, í þurrlendi ofan vegar á milli bæjanna Grundar og Skipa. Ekki verður fullýrt hvort þetta var sama parið bæði árin.

Ég frétti fyrst af kolþernunum hinn 13. júní, en þann dag hringdu tveir Stokkseyringar, Steingrímur Jónsson og Bjarkar Snorrason, og sögðu frá svartri þernu, sem sást þar á tünnum með kríum.

Tveimur dögum síðar fór ég ásamt Ib Petersen til Stokkseyrar. Eftir nokkra leit, bæði við ströndina þar sem kolþernurnar urpu 1983 og á síkjasvæðinu vestur af þorpinu fundum við loks kolþernu á flugi yfir austasta hluta Löngudælar. Hún sást rétt augnablik og hvarf sjónum okkar án þess að við sæjum hvert hún fór. Þetta var fugl í mjög hreinum búningi, sambærilegur við fuglinn sem talinn var vera karlfugl árið áður.

Síðan spurðist ekki til þernanna fyrr en 11. júlí. Þá hringdi Stefán Jónsson á Grund við Stokkseyri og kvaðst hafa fundið kolþernuhreiður með einu eggi og unga, sem hann taldi um tveggja daga gamlan, í ofangreindu kríuvarpi á milli



1. mynd. Kolþernuungi við Stokkseyri 17. júlí 1984. — *A Black Tern chick near Stokkseyri, S-Iceland, 17 July 1984.* Ljós. Erling Ólafsson.



2. mynd. Kolperna á varpstað við Stokkseyri 17. júlí 1984, þar sem hún varp „undir verndarvæng“ kríunnar. — *A Black Tern at nesting site near Stokkseyri, S-Iceland, 17 July 1984, where it nested in a colony of Arctic Terns.* Ljósm. Erling Ólafsson.

Grundar og Skipa. Daginn eftir sáu Arnór P. Sigfússon og Kristján Lilliendahl kolþernupar með æti við Skipa. Gunnlaugur Práinsson, Ferdinand Jónsson og Hannes Hafsteinsson komu á varpstaðinn 15. júlí. Skoðuðu þeir ungann og fengu eggid, sem Stefán Jónsson hafði fjarlægð úr hreiðrinu 12. júlí. Eggid er nú varðveitt á Náttúrufræðistofnun. Það mældist 31,7 x 25,0 mm, og í ljós kom, þegar blásið var úr því, að það var ófrjótt.

Þann 17. júlí kom ég að hreiðrinu, merkti ungann (Reykjavík 855801), sem þá var um 8 daga gamall, og tók af honum myndir (sjá 1. mynd). Hann var

töluvert frábrugðinn kríuungum. Á höfði var rauðbrúnn dúnn og ljós slitróttur taumur frá nefi og aftur fyrir auga. Hann var ljós framan á bringu en grárri á kvið og aftur á stél. Vængir voru farnir að fiðrast og voru yfirvængþökur og flugfjadrir dökkgráar. Nefið var dökkt og fætur blágráir með rauðleitum blæ.

Fullorðnu fuglarnir komu öðru hvoru og sveimuðu yfir í nokkurra metra hæð, en voru ekki eins aðgangsharðir og kríurnar (2. mynd). Þeir voru mjög áþekkir fuglunum frá 1983 í útliti. Karlfluglinn var í hreinum búningi, en þó fannst mér hann ekki eins biksvartur og sá frá árinu áður. Kvenfluglinn var sem fyrr mósku-

legur. Hann var heldur flikróttari á haus en kvenfuglinn 1983. Kverkin var hvít, einnig ennið við nefrót, og ljós blettur var aftan við auga.

Ég fylgdist lengi með fuglunum. Þeir voru á nær stöðugu flugi um varpið og tíndu smádyr úr gróðrinum án þessa að lenda, á svipaðan hátt og þegar kolþernur tína æti af yfirborði vatns (sjá mynd á bls. 27 í BLIKA nr.4). Annar fuglinn sást m.a. taka ánamaðk. Einnig flugu þeir niður í fjöru og tíndu æti af yfirborði fjörupolla. Stöku sinnum settust fuglarnir á girðingarstaura. Kríurnar skiptu sér ekkert af kolþernunum, sem sáust hins vegar áreita kríur stöku sinnum.

Mér taldist til, að um 100 pör af kríum væru í varpinu. Þar sást einnig tómmt hettumáfshreiður. Þarna er sendið land með nokkuð fjölbreytilegum gróðri. Mest bar þó á ýmsum grösom og gróskumiklu umfeðmingsgrasi *Vicia cracca*, en kolþernuhreiðrið var utan í breiðu af þéttvöxnu umfeðmingsgrasi, þar sem ungin faldi sig.

Aður en ég fór af staðnum sannfærði ég mig um, að kolþernurnar héldu áfram að sinna unganum svipað og fyrir heimsóknina. Hvernig unganum reiddi af eftir þetta er ekki vitað. Kristján Lillendahl o.fl. fóru á staðinn 23. júlí og sáu parið sitjandi með kríum niðri í fjörunni neðan við varpstaðinn. Þær sýndu þá engin merki þess, að þær hefðu unga á framfæri. Bendir það frekar til þess, að ungin hafi misfarist, en hann hefði verið of ungur til að vera kominn á flug.

Sumarið 1985, árið eftir ofangreinda varptilraun, var farið nokkrum sinnum til Stokkseyrar til að huga að kolþernum, en þeirra varð ekkert vart þetta sumar. Í viðræðum við Stefán Jónsson á Grund (17. júlí 1984) kom fram, að kolþernur hefðu sést nokkuð reglulega á þessum slóðum allt frá því að hann flutti að Grund árið 1973. Hann hefði þó aldrei séð tvo fugla fyrr en 1983, er þær urpu í fyrra skiptið. Stefán sagði, að

hann hefði séð kolþernur í varpinu milli Grundar og Skipa seint í júlí 1983, þ.e. eftir að hreiðrið eyðilagðist, jafnvel fugl með æti. Líklega hefur þó varpparið verið þar á ferðinni, en ekki er óalgengt, að fuglar haldi áfram að bera æti eftir að varp hefur misfarist.

ÞAKKIR

Stefán Jónsson á Grund við Stokkseyri tilkynnti um hreiðurfundinn og veitti ýmsar aðrar upplýsingar. Sku u honum færðar sérstakar þakkir fyrir. Öllum öðrum sem lögðu til gögn og getið er í greininni skal einnig þakkað. Arnþór Garðarsson, Gunnlaugur Pétursson, Jóhann Óli Hilmarsson og Ævar Petersen lásu handritið yfir.

HEIMILD

Erling Ólafsson, Ferdinand Jónsson og Kristinn H. Skarphéðinsson 1983. Kolþerna verpur á Íslandi. Bliki 3: 48-55.

SUMMARY

A second breeding attempt of Black Terns in Iceland

The occurrence of the Black Tern *Chlidonias niger* and the first known breeding attempt of this species in Iceland in 1983 has recently been described (Erling Ólafsson et al. 1983). In this paper a second breeding attempt is recorded, about 4 km east of the 1983 locality, near Stokkseyri, S-Iceland. A single bird was first recorded on 13 June 1984 among Arctic Terns *Sterna parasaeae*. On 11 July a nest was found in an Arctic Tern colony. The nest contained a single chick, probably 2 days old, and an infertile egg. The egg (measuring 31.7 x 25.0 mm) is preserved at the Icelandic Museum of Natural History. On 17 July the chick was ringed (Reykjavík 855801) and photographed (Fig. 1). A week later the pair was seen on the coast near the breeding place, but nothing in their behaviour indicated that they were in care of a young, which thus is likely to have perished.

Erling Ólafsson, Náttúrufræðistofnun Íslands, pósthólf 5320, 125 Reykjavík

Fuglar í fjöllum og skerjum í Breiðamerkurjökli

Inngangur

Lífriki afskekktur og einangraður staða hefur jafnan þótt fýsilegt til rannsóknar. Dæmi um slíka staði eru gróðurvinjar í hálendinu, eyjar, fjöll umgirt jöklu og jökulsker.

Jökulsker nefnist „hæð eða fjallshnúkur umkringd(ur) jökli, núnatakkur“ (Árni Björnsson 1983). Í Breiðamerkurjökli eru fjöll og sker, sem falla undir þessa skilgreiningu (1. og 2. mynd). All-ítarlegar rannsóknir hafa farið fram á lífríki þeirra, bæði gróðri og dýralífi. Í þessari grein verður fjallað um fugla, sem sést hafa í Esjufjöllum, Máfabýggðum og jökulskerjum í Breiðamerkurjökli.

Svo virðist sem menn hafi lítið þekkt til fjalla inni á Breiðamerkurjökli fyrir á tímum. Í ferðabókum Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar (1974) og Sveins Pálssonar (1945) frá 18. öld er einungis getið um Máfabýggðir inni á Breiðamerkurjökli. Svo er þó að skilja af skrifum Eggerts og Bjarna, að þar sé einkum átt við Suðursveitarfjöllin. Um mörk Breiðamerkurjökuls segja þeir t.d. (2. bd., bls. 107): „Að vestanverðu er Breiðamerkurfjall, sem nær upp undir Örafajökul, en að austan Máfabýggðir ... og Hornafjarðarfjöll“.

Sveinn Pálsson segir hins vegar (bls. 280): „Austan við hana [Fjallsá] á bærinn Breiðamörk að hafa staðið og rís Breiðamerkurfjall upp úr jöklinum þar rétt fyrir ofan. En norðar sést annað einstakt fjall í jöklinum og heitir Máfabýggðir“. Þessi lýsing bendir ótvírætt til þess, að átt sé við það fjall, sem í dag kallast Máfabýggðir. Allt fram á þessa öld var Breiðamerkurjökull svo hár, að Esjufjöll sáust ekki neðan af sandinum.

Hins vegar munu Máfabýggðir hafa sést þaðan (sjá Sigurð Björnsson 1979). Sveinn Pálsson mun því tæplega hafa séð Esjufjöll. En hann segir enn fremur (bls. 280): „Kunnugt er, að fyrir á tímum hélt villifé eða útigangar sig í þessu fjalli [Máfabýggðum], því að nálægt 1700, þegar Ísleifur Einarsson ... var sýslumaður hér, bar svo til, að bændur nokkrir hættu sér yfir jökulinn út í fjallið og náðu þar í allmargt ómerkingsfé, en þar sem þeir höfðu ekki leyfi til þess, dæmdi sýslumaður þá fyrir þjófnað“.


Mjög ólíklegt er, að fé hafi gengið úti í Máfabýggðum. Staðháttum og gróðurfari er þannig háttað í dag, að litlar líkur eru til þess að fé geti gengið þar villt. Við teljum ekki ástæðu til að ætla, að aðstæður hafi verið miklu hagstæðari um 1700. Líklegt er, að gróðurfari í Máfabýggðum sé í jafnvægi og dæmigert fyrir þar harðneskjulegu aðstæður, sem þar ríkja.

Í Esjufjöllum er hins vegar víða ríku- legur gróður og hefur svo án efa einnig verið um 1700. Þar gæti fé hafa gengið úti í góðu árferði. Svo virðist sem þekking manna á 18. öld á fjöllum í Breiðamerkurjökli hafi verið lítil sem engin, enda mun það ekki hafa tíðkast, að menn færu inn á jökul ótilneyddir. Sennilega var borin óttablandin virðing fyrir þessum líttþekkta heimi (sjá einnig Flosa Björnsson 1951, Sigurð Björnsson 1972).

Það er óljóst, hve gamalt heitið Esjufjöll er og hvernig það er til komið. Þorsteinn Guðmundsson (1972) segir í Suðursveitarlýsingu sinni, „að gömlum mönnum, sem annars voru kunnugir hér um slóðir, virtist vera ókunnugt um nafnið Esjufjöll, en hvenær nafnið kem-

ur til sögunnar eða af hverju, er ókunnugt“. Á meðal Öræfinga hafa Máfabbyggðir og Esjufjöll verið nefnd hvort sínu nafni um langan aldur, en engir hafa verið kunnari staðhátum inni á jöklinum en Hofsmenn, sem smöluðu

Breiðamerkurfjall og hafa því haft öll þessi fjöll fyrir augunum. Heitið á hæsta tindri Esjufjalla, þ.e. Esju, virðist hafa fest við hann á þessari öld (sbr. Flosa Björnsson 1951, Sigurð Björnsson 1979).



1. mynd. Afstaða fjalla og jökulskerja í Breiðamerkurjökli. – The location of nunataks in the glacier Breiðamerkurjökull.



2. mynd. Horft yfir Breiðamerkursand, Breiðamerkurjökul og Vatnajökul. Inni á jöklinum eru, talið frá vinstri, Máfabyggðir, Bræðrasker, Kárasker og Esjufjöll (Vesturbjörg, Skálambjörg, Esjubjörg og Austurbjörg). – A view over the glacier Breiðamerkurjökull and the nunataks discussed in this paper. Ljós. Oddur Sigurðsson.

Allmargar ferðir hafa verið farnar til náttúrufræðirannsókna í fjöllin og skerin í Breiðamerkurjökli á seinustu áratugum. Minna hefur þó birst á prenti um þær rannsóknir en æskilegt væri. Kvískerjabræður hafa birt nokkrar greinar um uppgötvanir sínar (Flosi Björnsson 1951, Hálfán Björnsson 1951, 1958, Sigurður Björnsson 1958). Eyþór Einarsson hefur fylgst með landnámi plantna í Káraskeri og Bræðraskeri og einnig kannað gróðurfar í Esjufjöllum og Máfabyggðum. Niðurstöður hans hafa birst að hluta (Eyþór Einarsson 1968, 1970).

Svæðislýsing

Esjufjöll nefnast einu nafni fjórir fjallsranar nyrst í Breiðamerkurjökli.

Vestast eru Vesturbjörg, síðan Skálambjörg, þá Esjubjörg og austast Austurbjörg. Þau eru um 18 km inni á jöklinum, en ofan þeirra tekur við hjarnbreiða Vatnajökuls. Fjallgarðarnir liggja frá norðvestri til suðausturs. Jökullinn lækkar suður með þeim, þannig að sunnan til eru fjöllin mest upp úr jökli. Eftir því sem innar dregur á jökulinn verða tindarnir hærri, þótt sífellt minna standi upp úr ís.

Sunnan til standa Vesturbjörg um 500 m upp úr jökli og ná 1203 m hæð. Þar er jökullinn í um 700 m hæð. Hæsti klettur nyrst í rananum nær 1600 m hæð. Vestan megin í Vesturbjörgum eru þurrar og brattar skriður neðan við þverhniptan hamravegg. Þær eru myndaðar af köntuðum og hvössum steinum. Austan

megin eru hvilftir og hvammar með uppsprettum og töluverðum gróðri í annars brattri og klettóttri hlíðinni.

Skálabjörg er stærsti fjallgarðurinn (3. mynd). Hann er tæplega 10 km langur. Steinþórsfell er mest fjalla í Skálabjörgum, en það stendur um 600 m upp úr jökli og nær í 1300 m hæð. Nyrsta nípan er þó hæst eða 1522 m. Við suðurrætur Skálabjarga er jökullinn í um 650 m hæð. Í Skálabjörgum eru fjölbreytilegastir staðhættir í Esjufjöllum, einnig gróðurfar og dýralíf. Þar er eina mýrlendið, Tjaldmýri, þó það hafi illu heilli þornað mjög hin síðari ár, einnig pollar við lindir, sem ekki er að finna í hinum fjöllum. Vestan undir Steinþórsfelli eru gróskumiklar brekkur, m.a. með hvannstöðum. Þær eru nefndar Fögrubrekkur og eiga enga jafninga annars staðar í Esjufjöllum (4. mynd). Í Skálabjörgum er skáli Jöklarannsóknafélagsins. Fyrst var skáli byggður árið 1951, en hann eyðilagðist í óveðri

árið 1966. Nýr skáli var fluttur uppeftir á páskum 1977.

Esjubjörg liggja hæst Esjufjalla, en jökullinn er í 840 m hæð sunnan undir þeim. Meginfjallið í sunnanverðum rananum nær 1184 m hæð. Nyrst er Esjan, hæsti tindur Esjufjalla, sem er 1639 m hár og því með hæstu fjöllum á Íslandi. Esjubjörg eru til muna hrjóstrugri en hinir fjallgarðarnir og gróðurfar þar áberandi fátæklegra.

Sunnan undir Austurbjörgum er jökullinn í um 760 m hæð. Aðalfjallið í sunnanverðum fjallgarðinum er tindurinn Flekkur, sem er 1200 m hár, en nyrsta nípan er 1580 m. Gróðursælt er í vesturhlíðunum, þó þær jafnist ekki á við Fögrubrekkur í Skálabjörgum.

Víst má telja, að Esjufjöll hafi staðið upp úr jökli í þúsundir ára, eða frá því að ísaldarjökullinn hörfaði. Menn hafa velt þeirri spurningu fyrir sér, hvort ekki hafi einhvern tíma verið íslaust frá Breiðamerkursandi og inn að Esjufjöllum.



3. mynd. Skálabjörg, stærsti fjallsrani Esjufjalla, séð að sunnan. Steinþórsfell gnæfir hæst (1300 m y.s.). – *Skálabjörg is the largest of the four Esjufjöl nunataks. The highest peak is 1300 m a.s.l.* Ljós. Erling Ólafsson.



4. mynd. Fögrubrekki eru gróðursælar brekki vestan undir Steinþórsfelli í Skálabjörgum. — *The west-facing slopes of Skálabjörg enjoy relatively luxurious vegetation.* Ljós. Erling Ólafsson.

um (sjá t.d. Þorstein Guðmundsson 1972). Ekki er ólíklegt, að svo hafi einhvern tíma verið. Að minnsta kosti hafa vaxið myndarlegir skógar í dal þeim, sem Breiðamerkurjökull nú fyllir. Vænir viðardrumbar koma þar fram undan jöklinum, en dalur nær e.t.v. langleiðina inn að Esjufjöllum. Þetta skiptir talsverðu máli, þegar túlka skal samsetningu fínu og flóru í fjöllum. Þótt ýmis dýr og plöntur berist nokkuð auðveldlega yfir hindranir eins og ís, vatn og eyðisanda, þá gengur öðrum erfiðar að yfirstíga þá trafala.

Um 5 km vestan við Esjufjöll eru Máfabbyggðir. Þar er rúmlega þriggja km langur þverhníptur veggur, sem liggur frá norðaustri til suðvesturs. Hann nær 1442 m hæð. Austur úr honum ganga tveir nafnlausir ranar. Sá syðri gengur austur frá svonefndu Kaplaklifi og nær 1114 m hæð. Sunnan í þeim rana er nokkur gróður, en þó miklu minni en í

Esjufjöllum. Á nyrðri rananum er glæsi-legur tindur, sem nefnist Fingurbjörg (1137 m). Þar eru einkum þurrar og gróðurvana skriður. Við Máfabbyggðir liggur jökullinn í um 1000 m hæð.

Suður af Vesturbjörgum, 12-13 km inni á jöklinum, komu tvö minni sker undan ís á þessari öld. Það eldra hefur sennilega skotið upp kolli skömmu fyrir 1940 (Sigurður Björnsson 1958). Kvískerjabræður nefndu það Kárasker eftir Kára Sölmundarsyni, sem bjó á Breiðá á 11. öld. Hið yngra, Bræðrasker, fannst árið 1961, en Eyþór Einarsson nefndi það eftir Kvískerjabræðrum (Eyþór Einarsson 1968). Þessi sker ná í um 750 m hæð, en jökulröndin er í u.þ.b. 600 m hæð. Um 2 km eru á milli þeirra.

Frá fjöllum liggja aurrendur eftir jöklinum og ná þær alla leið niður á Breiðamerkursand. Slíkar rendur myndast er skriðjökla sverfa utan úr fjöllum á leið niður.

Ofangreind fjöll og sker voru friðlýst ásamt nánasta umhverfi árið 1978 (sbr. Stjórnartíðindi B, nr. 188/1978).

Fuglalíf

Hér á eftir verða teknar saman allar tiltækar upplýsingar um fuglalíf í fjöllum og skerjum í Breiðamerkurjökli.

Fátt bitastætt er að finna í gömlum heimildum um fuglalíf á þessu svæði. Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson nefna (2. bindi, bls. 107) „...Máfabyggðir þar sem stóri hvítmáfurinn verpir...“ [þ.e. *de store hvide Strandmaage* í uppruna-legu útgáfunni]. Auk þess segja þeir um hvítmáfinn (2. bd., bls. 139): „En það er ekki síður merkilegt, að hann flýgur nokkrar mílur frá sjó upp yfir Breiðamerkursand og jökulbreiður til þess að komast þar að klettafjalli einu, sem Máfabyggðir heitir, og verpir hann þar. Leiðin þangað yfir Breiðamerkurjökul er sögð mjög hættuleg. Samt hafa nokkrir Hornfirðingar brotist þangað á seinustu árum, og komu þeir aftur með nýorpin egg“. Að öllum líkindum hafa þeir „Hornfirðingar“ (þ.e. Suðursveitungar) farið inn að Prestfelli í Veðurárdalsfjöllum til eggjatöku, en hvorki í Máfabyggðir né Esjufjöll. Þar er staður nefndur Máfatorfa, en mikið svartbaksvarp var þar allt fram á þessa öld. Það mun hafa lagst af á árunum 1940-50.

Eggert og Bjarni segja þannig frá gæsaveiðum á Breiðamerkursandi (2. bd., bls. 133): „Dálftil villigæsveiði er á Breiðamerkursandi í ágúst. Veiða menn þá bæði unga fugla og gamla. Sagt er, að þær verpi fyrir ofan Breiðamerkurjökul, en eru í sárum í ágúst“. Á sama veg skrifar Sveinn Pálsson í dagbók sína 1793, þar sem hann segir (bls. 281): „Á sandi þeim, sem nú er getið [þ.e. Breiðamerkursandi], fella gæsirnar fjaðrir, og var sá tími nýlega liðinn að þessu sinni. Talið er, að bæði þær og veiðibjallan verpi í Máfabyggðum og sennilega miklu víðar í hinum ókönnuðu jökulfjöllum“.

Og í Jökclaritinu segir Sveinn enn fremur (bls. 479): „Á milli áнна vestan Jökulsár, þar sem grasfitjar eru á köflum, leita grágæsir (*Anas anser*) og helsingjar (*Anas bernicla*) fremur hælís en á nokkrum öðrum stað, meðan þeir eru í sárum. Annars er það hald manna, að fuglar þessir ásamt veiðibjöllunni verpi í Máfabyggðum, en fari þaðan með unga sína fram á sandinn, þegar þeir taka að fella fjaðrir“. Ekki er ástæða til að ætla, að nokkur fótur hafi verið fyrir þessum gæsa sögum. Menn hafa alla tíð leitað skýringa á öllum sköpuðum hlutum. Augljóslega hefur ekki verið vitað hvaðan gæsirnar, sem veiddar voru á sandinum, komu. Mun því ekki hafa þótt ólíklegt, að heimkynni þeirra væru í því huldulandi, sem jökullinn faldi.

Flosi Björnsson (1951) rakti ferðir, sem farnar voru inn á Breiðamerkurjökul fyrir á tímum. Þar kemur fram, að ferð „Hornfirðinganna“ á 18. öldinni, sem áður var getið, og afrakstur hennar hefur lengi verið í minnum höfð. Reynt var að feta í fótspor þeirra Hornfirðinga síðar, en fáum sögum fer af ferðum þeim. Þó er kunnugt um ferð, sem farin var í Máfabyggðir um 1870-80, en þá voru tveir vinnumenn á Kvískerjum sendir þangað í eggjaleit. „Ferðin tók þá h.u.b. tvo daga. Fundu þeir engin egg, en munu hafa séð fáeina fugla. Sögðu þeir, að í Máfabyggðum væri ekki annað að sjá en bera kletta“ (Flosi Björnsson 1951).

Daninn J.P. Koch kom í Esjufjöll 21. júní 1912 og fór þaðan á þriðja degi. Hann fór ásamt nokkrum mönnum yfir þveran Vatnajökul. Koch (1912, bls. 261) sagði um fuglalíf Esjufjalla, að „Rypen og Snepurven er bosiddende her, Svartbag og Kjove aflægger Visit“.

Flosi Björnsson (1951) getur um þrjár ferðir Kvískerjabræðra á Breiðamerkurjökul, en árin 1933, 1943 og 1950 fóru þeir bræður til Esjufjalla með viðkomu í Máfabyggðum í fyrri ferðunum tveimur. Í Máfabyggðum sáust engir fuglar. Í síð-

ustu ferðinni dvöldu þeir lengst í Esjufjöllum (tvo daga). Þegar hefur verið gerð grein fyrir þeim fuglum, sem sáust í Esjufjöllum í þessum ferðum (Hálf dán Björnsson 1951).

Á seinni árum hefur alloft verið farið í fjöllin til rannsókna á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Fuglatalið hér á eftir er einkum byggt á ferðum höfunda þangað og fyrri ferðum frá Kvískerjum.

Hálf dán Björnsson var í Esjufjöllum dagana 25.-27. júlí 1954 ásamt Sverri Sch. Thorsteinssyni, jarðfræðingi. Árið 1977 vorum við báðir með í fimm manna leiðangri dagana 16.-21. júlí, en þá var kannað bæði dýralíf og gróðurfar. Mestum tíma var varið í Skálabjörgum, en einnig litið við í Esjubjörgum og Austurbjörgum. Ekki var farið í Vesturbjörg.

Tveimur árum síðar, 1979, var á ný farið í Esjufjöll og dvalið þar dagana 17.-26. júlí. Leiðangursmenn voru átta talsins. Að þessu sinni var farið í öll

fjöllin, einnig dagsferð í Máfabyggðir og komið við í Káraskeri og Bræðraskeri á leið niður af jöklinum. Hinn 16. ágúst 1982 komum við ásamt grasafræðingum í Kárasker og Bræðrasker og annar okkar (EÓ) aftur 31. júlí 1985.

Að lokum ber þess að geta, að flestar ofangreindra ferða voru farnar um eða eftir miðjan júlí, en það er að sjálfsögðu ekki hagstæðasti tími til könnunar á varpi fugla. Þó er ólíklegt, að reglulegir varpfuglar séu fleiri en fram kemur hér á eftir. Hugsanlegt er, að fleiri tegundir eigi það til að verpa á svæðinu stöku sinnum, þó það hafi ekki verið staðfest.

Hér á eftir verða taldir upp þeir fuglar, sem við höfum séð og haft spurnir af í fjöllum og skerjum í Breiðamerkurjökli.

Rjúpa *Lagopus mutus*

Rjúpur verpa í Esjufjöllum, en þeirra hefur orðið vart í öllum ferðum þangað.



5. mynd. Rjúpa á hreiðri í Vesturbjörgum 19. júlí 1979. — *A Ptarmigan on nest at Vesturbjörg, 19 July 1979.* Ljósm. Erling Ólafsson.

Koch (1912) sá rjúpur árið 1912 og taldi þær verpa í Esjufjöllum. Í fyrstu ferð Kvískerjabræðra, 1933, sást nýlegur rjúpnasaur í Skálabjörgum. Ein rjúpa sást þar 1943 en þrjár fullorðnar 1950 og voru ívær þeirra með nýfleyga unga (Hálf dán Björnsson 1951).

Árið 1954 varð vart við þrjú rjúpupör í Skálabjörgum. Eitt parið var með átta nokkurra daga gamla unga og annað með tvo. Um 5 m neðan við toppinn á Steinþórsfelli fundust eggjakoppar af tveimur eggjum. Nokkrum metrum neðar var rjúpa, sem lét eins og hún ætti unga þar nálægt. Þarna eru brattir klettir og gátu ungarnir því auðveldlega dulist. Allt benti því til þess, að rjúpan hefði ungað þarna út í um 1300 m hæð. Í þessari sömu ferð sáust þrjú pör með fjóra, fimm og átta unga í Austurbjörgum.

Árið 1977 sáust þrír karrar í Skálabjörgum. Einn var í brekkunni neðan við skálann, suðvestan í fjallsrananum, annar í brekku ofan við Tjaldmýri og sá þriðji innarlega í Fögrubrekku, en honum fylgdi kvenfugl og tíu vikugamlir ungar. Þar fannst einnig hreiður með tveimur fúleggjum. Annað hreiður fannst í smáskúta í öxlinni suðaustan við Steinþórsfell í 930 m hæð. Í því voru þrjú köld egg og skurn af sex eggjum. Í Esjubjörgum sást einn karri og eggjaskurn fannst. Í Austurbjörgum sást einn kvenfugl með sjö unga.

Árið 1979 fannst rjúpa á hreiðri með 9 eggjum í smáskúta undir klettavegg suðvestan í Vesturbjörgum (5. mynd) og þar með átta unga í austurhlíðinni. Í Skálabjörgum sást kvenfugl með níu unga skammt frá skálanum og hreiður með átta eggjakoppum ekki langt þar frá. Í Esjubjörgum sást einn karri og eggjaskurnir fundust í vesturhlíðinni. Í Austurbjörgum var eitt par með níu nýklakta unga. Í Máfabyggðum sást ein rjúpa uppi á rananum austur af Kaplaklífi, en óvist er um kyn hennar.

Af þessum upptalningum má sjá, að

rjúpur verpa í öllum fjallgörðum Esjufjalla. Sennilega er fjöldi para þó breytilegur eftir árum, þar sem miklar sveiflur eru í stærð rjúpnastofnsins (sbr. Arnþór Garðarsson 1982). Þá er hugsanlegt, að þær verpi einnig í Máfabyggðum. Þar sást rjúpa á varptíma og aðstæður eru sannarlega betri en á toppi Steinþórsfells.

Heiðlóa *Pluvialis apricaria*

Þar hélt sig í Fögrubrekku í Skálabjörgum 1979. Það var staðbundið, en virtist þó ekki vera með hreiður eða unga.

Hrossagaukur *Gallinago gallinago*

Hauskúpa fannst efst í skriðunum í vesturhlíð Vesturbjarga 1979. Hvernig hún var þangað komin verður ekkert um sagt.

Kjói *Stercorarius parasiticus*

Koch (1912) sá kjóa í Esjufjöllum árið 1912 og taldi þá vera gestkomandi þar. Í Skálabjörgum sáust fjórir kjóar 1933 og hreiður með einu eggi fannst á Skálabjargaröndinni á jöklinum 4-5 km framan við fjöllin. Þar sáust 4-6 kjóar árið 1943 og aftur fjórir kjóar 1950. Hreiður með einu eggi fannst, en fuglarnir yfirgáfu það við truflunina (Hálf dán Björnsson 1951).

Árið 1954 sáust tvö pör, annað með einn hálfstálpaðan unga sunnan til í Skálabjörgum, en hitt með tvo nýfleyga unga nokkru vestar í fjallinu. Árið 1977 sáust a.m.k. þrír kjóar í Skálabjörgum, en 1979 var þar með einn nokkurra daga gamlan unga við lindir suðaustan í fjallinu (6. mynd). Fuglarnir yfirgáfu ungann við truflunina og drapst hann af þeim sökum. Sama ár sást einn kjói í Esjubjörgum og annar á flugi yfir Austurbjargaröndinni, skammt framan við Austurbjörg, e.t.v. sami fuglinn.

Þar með nýfleygan unga sást á flugi yfir Káraskeri 1985. Óvist er hvaðan þeir fuglar komu.



6. mynd. Kjóaungi í Skálabjörgum 20. júlí 1979. — *An Arctic Skua chick at Skálabjörg, 20 July 1979.* Ljós. Erling Ólafsson.

Svarbakur *Larus marinus*

Líklegast er að máfsegg þau, sem sótt voru í „Máfabyggðir“ á 18. öld og sögð egg stóra hvítmáfs, hafi verið svartbaks-egg og þau sótt í Prestfell í Veðurárdalsfjöllum, eins og fyrr var reifað.

Koch (1912) taldi svartbaka gesti í Esjufjöllum. Árið 1933 sáu fimm eða sex svartbakar í Skálabjörgum og tvö tóm hreiður fundust. Ungarnir fundust ekki en máfarnir höguðu sér svo sem þeir ættu unga. Árið 1943 sáu engir svartbakar í Esjufjöllum (Hálf dán Björnsson 1951), og hafa heldur ekki sést þar í seinni ferðum.

Sílamáfur *Larus fuscus*

Sílamáfur hefur sést einu sinni í Skálabjörgum, árið 1943 (Hálf dán Björnsson 1951).

Marfuerla *Motacilla alba*

Hinn 29. júlí 1951 fannst marfuerluhreiður með ungum í gildragi skammt vestan við gamla skálann í Skálabjörgum (Flosi Björnsson, munnl. uppl.). Hinn 16. ágúst 1982 sáu tvær marfuerlur á jöklinum skammt sunnan við Bræðrasker.

Steindepill *Oenanthe oenanthe*

Steindeplar sáu í Skálabjörgum 1954, óvíst hve margir, en þar á meðal voru fleygir ungar. Árið 1979 var þar í Fögrubrekkum, en það virtist eiga þar unga. Sama ár sáu steindepill í vesturhlíð Esjubjarga. Það er því líklegt, að steindeplar verpi í Esjufjöllum, a.m.k. öðru hverju, þó það hafi ekki verið staðfest með hreiðurfundi.

Snjótittlingur *Plectrophenax nivalis*

Koch (1912) taldi snjótittlinga verpa í Esjufjöllum. Árið 1933 heyrðist í snjótittlingi í Skálabjörgum og einn sást 1943 (Hálfðán Björnsson 1951). Árið 1977 sáust einn eða tveir nýfleygir ungar í Fögrubrekku, og einn karlfugl söng mikið í Austurbjörgum. Árið 1979 sást nýfleygur ungi í austurhlíð Vesturbjarga, og uppi á eggjum í Esjubjörgum heyrðist í snjótittlingi. Snjótittlingar verpa því líklega í öllum fjöllum, enda hvarvetna ákjósanleg skilyrði. Þá sást snjótittlingur í Máfabyggðum 1979, vestan við Fingurbjörg, og tveir í Bræðraskeri.

Lokaorð

Ljóst er, að fuglalíf í fjöllum Breiðamerkurjökuls er mjög fátæklegt. Aðeins rjúpa og snjótittlingur virðast verpa reglulega í Esjufjöllum og vera útbreidd um öll fjöllin. Þessar tegundir verpa e.t.v. öðru hverju í Máfabyggðum. Kjói og steindpill virðast vera óreglulegir varpfuglar í Skálabjörgum. Svartbakur varp þar í eina tíð, en er nú horfinn með öllu. Í Káraskeri og Bræðraskeri verpa engir fuglar. Væntanlega gætu kjóar orpið í Káraskeri, en fæðu yrðu þeir að sækja niður á sand eða út á sjó, en það þurfa kjóar í Esjufjöllum líklega einnig að gera.

ÞAKKIR

Sigurði og Flosa Björnssonum, Kvískerjum, og Eyþóri Einarssyni skulu þakkaðar góðar ábendingar og upplýsingar, og Oddi Sigurðssyni lán á ljósmynd. Gunnlaugur Pétursson, Kristbjörn Egilsson og Ævar Petersen lásu handritið yfir og færðu margt til betri vegar.

HEIMILDIR

- Arnbór Garðarsson 1982. Rjúpa. Bls. 149-164 í Fuglar, Rit Landverndar 8.
Árni Björnsson (ritstj.) 1983. Íslensk orðabók (handa skólum og almennungi). Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Rvík. Önnur útg., aukin og bætt. 1256 bls.

- Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson 1974. Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar. Steindór Steindórsson íslenskaði. Bókaútgáfan Örn og Örlýgur, Reykjavík.
Eyþór Einarsson 1968. Vegetationen på nogle nunatakker i Vatnajökull. Naturens Verden, april 1968: 97-111.
Eyþór Einarsson 1970. Plant ecology and succession in some nunataks in the Vatnajökull glacier in South-east Iceland. Ecology of the Subarctic Regions, Proc. of the UNESCO Symp. in Helsinki 1966, bls. 247-256. París.
Flosi Björnsson 1951. Esjufjöll og Máfabyggðir. Náttúrufr. 21: 99-108.
Hálfðán Björnsson 1951. Gróður og dýralíf í Esjufjöllum. Náttúrufr. 21: 109-112.
Hálfðán Björnsson 1958. Gróður og dýralíf í Káraskeri. Jökull 8: 19-20.
Koch, J.P. 1912. Rejsen tværs over Island. Juni 1912. Geografisk Tidsskrift 21: 257-264.
Sigurður Björnsson 1958. Könnunarferð í Kárasker. Jökull 8: 15-17.
Sigurður Björnsson 1979. Örefasveit. Árbók F.Í 1979: 1-137.
Stjórnartíðindi B, nr 188/1978.
Sveinn Pálsson 1945. Ferðabók Sveins Pálssonar. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797. Snælandsútgáfan, Reykjavík. 813 bls.
Þorsteinn Guðmundsson 1972. Byggðasaga Borgarhafnarhrepps. Bls. 129-264 í Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu, 2. bindi. Bókaútgáfa Guðjónsó, Reykjavík.

SUMMARY

Birds on nunataks in the glacier Breiðamerkurjökull, SE Iceland

Several nunataks (i.e. mountains or hills surrounded by ice) occur in the glacier Breiðamerkurjökull, SE Iceland. The most pronounced of these is a group of four mountains collectively named Esjufjöll, about 18 km from the edge of the glacier. These lie between 600 and 1639 m a.s.l., the largest being about 10 km long, and have probably not been icebound since the last glacial period. Approximately 100 species of vascular plants have been found in Esjufjöll.

About 5 km west of Esjufjöll are Máfabyggðir, which consist mostly of one steep cliff reaching the height of 1442 m.

Lastly there are two small skerries that have emerged in this century as a result of the general retreat of glaciers since 1890. One of these, Kárasker, probably emerged shortly before 1940, but the other, Bræðrasker, was discovered in 1961.

Very few birds breed on these nunataks. On Esjufjöll the Ptarmigan *Lagopus mutus* and the Snow Bunting *Plectrophenax nivalis* are the only regular breeders. The Arctic Skua *Stercorarius parasiticus* breeds occasionally on one of these

mountains (Skálabjörg), and a nest has also been found on the glacier itself a few kilometers south of this mountain. The White Wagtail *Motacilla alba* has once been found nesting on Skálabjörg. The Wheatear *Oenanthe oenanthe* is probably an occasional breeder, but breeding has never been confirmed. The Great Black-backed Gull *Larus marinus* bred on Skálabjörg in 1933, and probably in earlier times.

On Máfabbyggðir there do not seem to be any regular breeders, but Ptarmigan and Snow Bunting possibly breed there occasionally. On the

smaller skerries, Kárasker and Bræðrasker, there has been no indication of breeding birds.

Other species occurring include Golden Plover *Pluvialis apricaria*, Snipe *Gallinago gallinago* (a skull only), and Lesser Black-backed Gull *Larus fuscus*.

Erling Ólafsson, Náttúrufræðistofnun Íslands, pósthólf 5320, 125 Reykjavík.

Hálf dán Björnsson, Kvískerjum, Örfum, 785 Fagurhólsmýri.

Hannes Pór Hafsteinsson

Svartþrastarvarp í Reykjavík 1985

Svartþrestir *Turdus merula* eru algengir haust- og vetrargestir á Íslandi. Þeir koma hingað yfirleitt seint á haustin, og dvelja margir hér fram á næsta vor. Stundum sjást þeir að sumarlagi, og hafa þeir orpið hér á landi nokkrum sinnum (sbr. Hálf dán Björnsson 1976).

Sumarið 1985 varp svartþrastarpar í Reykjavík og kom upp 3 ungum. Hér á eftir verður fjallað nánar um þetta varp. Ég hef aðallega stuðst við eigin athuganir en einnig fengið upplýsingar frá Gauki Hjartarsyni, Gunnlaugi Práinssyni, Jóhanni Óla Hilmarssyni, Kristni Hauki Skarphéðinssyni og Kjartani G. Magnússyni.

Haustið 1984 komu svartþrestir í talsverðum mæli til Íslands. Í Reykjavík sáuð m.a. nokkrir fuglar í skógræktarstöðinni í Fossvogi. Þann 4. nóvember sást þar ungur karlfugl, en í janúar 1985 sáuð fjórir fuglar, þar og tveir ungir karlfuglar.

Ekki varð svartþrasta vart í skógræktarstöðinni frá lokum janúarmánaðar 1985 til 22. júní, er ég sá þar fullorðinn karlfugl. Þann 25. júní sá ég svo þar á sama stað og karlfuglinn hafði sést á áður, en það var við grenilund með 5-8 m háum trjám í miðri skógræktarstöðinni. Fuglarnir héldu sig alfarið við þennan grenilund, sáuð þar í ætisleit en létu annars lítið á sér bera. Fjórum dögum síðar heyrði ég karlfuglinn syngja inni í lundinum. Þegar ég kom nær, flaug hann út úr lundinum og settist í reynivíðartré í nánd. Hann var með æti í nefi og lét illa, dillaði stélinu og skrákti. Sama dag sást kvenfugl á hreiðri í u.þ.b. 7 m háu grenitré. Þremur dögum síðar, eða 2. júlí, var hreiðrið athugað, en það reyndist vera ófullgert.

Erlendis verpa svartþrestir alla jafna oftast en einu sinni sama sumar og byggja þeir þá nýtt hreiður fyrir hvert varp (Lack 1968). Ég tel mjög líklegt, að þrestirnir í skógræktarstöðinni hafi verið

1. mynd. Svartpröstur, karlfugl, í skógræktarstöðinni í Fossvogi 19. maí 1986. — A singing male Blackbird *Turdus merula* at Fossvogur plantation, Reykjavík, 19 May 1986. Ljósm. Ævar Petersen.



að undirbúa annað varp, þar eð daginn eftir að hreiðrið var athugað sá ég fullorðnu fuglana við hreiðurstaðinn ásamt einum unga. Hann var ófleygur, greinilega nýkominn úr hreiðri. Hann var ólíkur skógarþrastarungum *Turdus iliacus*, sem voru nálægir, allur dökkur nema yrjóttur að neðanverðu. Auk þess var hann með gula kverk og svart nef. Þann 7. júlí sáust svo tveir ungar en fullorðnu fuglanna varð ekki vart, þrátt fyrir talsverða leit. Þessir ungar voru mjög dökkir, ljósyrjóttir að neðan og með svart nef, eins og staki unginn áður, en kverkin var hins vegar dökk. Ég sá síðan kvenfugl í áðurnefndum grenilundi 11. júlí, og sat hann við hreiðurstaðinn. Karlfuglinn var þarna líka og flaug að mér með látum, og tel ég líklegt, að

annað varp hafi verið byrjað. Þetta er ekki vitað með vissu, þar eð aldrei var klifið í hreiðrið nema í þetta eina skipti sem áður er getið um, vegna hættu á því að fuglarnir styggðust frá. Þann 20. júlí sást svo kvenfugl og einn ungi, 28. júlí aðeins einn kvenfugl, en einn ungi tveimur dögum síðar. Þann 5. ágúst sá ég kvenfugl ásamt 3 ungum, sem voru að éta ber af dúnylli. Tveir unganna voru dökkir að neðan en lítið yrjóttir, ljósari á kverk með brúnt höfuð og svart nef. Þriðji unginn var svipaður að lit, nema ljós að neðanverðu og með ljósa kverk. Ungarnir voru allir vel fleygir, einnig mjög spakir, mun spakari en skógarþrastarungarnir sem voru í grenndinni. Fullorðni fuglinn var hins vegar styggur. Eftir þetta sást parið og ungarnir þrír í

skógræktarstöðinni við og við til 27. október. Tveir unganna voru kvenfuglar en einn þeirra karlfugl.

Snemma vors árið eftir (1986) varð vart svartþrasta í skógræktarstöðinni, og ólíkt því sem venja er, hurfu þeir ekki er leið að sumri. Einn karlfugl sást á tímabilinu 3. mars til 7. júní, og undir vorið var þarna einn karlfugl, sem söng stöðugt (sjá 1. mynd). Eftir 7. júní sáust stundum tveir karlfuglar, en þá var jafnan mikil háreysti, sem endaði með því, að annar fuglinn var hrakinn á brott. Þess má geta, að karlfuglar svartþrastar sáust einnig á öðrum stöðum í Reykjavík á sama tíma, s.s. í Ártúnsbrekku og í Læknisgarðinum við Fossvogskirkjugarð. Geta má sér til, að einhverjir þessara fugla hafi verið þeir sömu og urpu í Fossvogi sumarið 1985, eða afkomendur þeirra.

HEIMILDIR

Hálf dán Björnsson 1976. Fuglalíf í Örfum, A.-Skaft. Náttúrufr. 46: 56-104.

Lack, D. 1968. Ecological adaptations for breeding in birds. Methuen & Co., London. 409 bls.

SUMMARY

Blackbirds *Turdus merula* nesting in Iceland 1985

For a long time Blackbirds have been known as common autumn and winter visitors in Iceland, and have been known to breed. In autumn 1984 many Blackbirds were observed in Iceland, in Reykjavík e.g. in a tree plantation at Fossvogur valley.

Four Blackbirds, a pair and two immature males, were seen there in January 1985, but then Blackbirds were not observed until late June. On 29 June a male was seen carrying food. On same day a female was seen on nest, located in a 7 m high spruce, but the nest was not completed when examined on 2 July. The day after one young, still unable to fly, was spotted near the nest, and on 7 July two young were seen. These observations can only mean that the nest was not the pairs' first of this year, and the young were from an earlier nesting attempt. On 11 July a female was seen near the previously uncompleted nest and again, presumably the same female, on 5 August, now with 3 young. The pair and the three young stayed in the area until late October.

Hannes P. Hafsteinsson, Hrauntungu 21, 200 Kópavogur.

Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1984

Það hefur vart farið fram hjá lesendum Blika, að ársskýrslur um sjaldgæfa fugla á Íslandi eru áberandi efni í ritinu. Vart hefur orðið við það, að menn velti fyrir sér, annars vegar tilgangi þessara skýrslna og hins vegar hvernig staðið er að samantekt þeirra. Um þessa tvo þætti skal því farið nokkrum orðum.

Í nær öllum löndum Evrópu eru ársskýrslur af þessu tagi birtar í fuglafræðitímaritum. Þær þykja öruggustu heimildirnar um sjaldgæfa fugla í viðkomandi löndum. Sums staðar eru tvenns konar skýrslur; í fyrsta lagi um sjaldgæfa eða staðbundna varpfugla og fargesti, en einnig sitthvað áhugavert um algengari varpfugla og algenga flækingsfugla, í öðru lagi um sjaldgæfa flækingsfugla. Enn sem komið er höfum við haldið okkur við eina skýrslu, þar sem fjallað er um alla flækingsfugla, algenga og fáséða, nokkra fargesti og vetrargesti svo og óreglulega varpfugla. Það er vissulega ekki síður áhugavert að afla upplýsinga um ýmsa sjaldgæfa varpfugla og fjalla um þá á svipuðum grundvelli. Má þar nefna tegundir eins og helsingja, gargönd, skeiðönd, haftyrdíl o.fl., og jafnvel algengari tegundir, því að oft verður þess vart, að einhverjar breytingar eigi sér stað í stofnum þeirra, sem vert er að geta á prenti og væri best komið fyrir í skýrslu af þessu tagi. Sem dæmi má nefna umfjöllun um ástand ránfugla-stofna, nýir varpstaðir tegunda o.s.frv. Þær ársskýrslur sem við höfum nú eru það viðamiklar, að ekki er stætt á því að gera þær umfangsmeiri. Það sem hér hefur verið sagt má ekki skilja svo, að upplýsinga um sjaldgæfa varpfugla sé ekki safnað. Því er öðru nær og lesend-

um skal bent á, að slíkar upplýsingar eru ávallt vel þegnar.

Tilgangur skýrslanna er að safna á einn stað og koma á framfæri fyrir þá, sem vilja nota eða njóta, upplýsingum um sjaldgæfa fugla. Með reglulegri og markvissri söfnun fást nýjastar og áreiðanlegastar upplýsingar, fuglaskoðurum er stöðugt haldið við efnið og það verður að árlegri hefð hjá þeim, að taka saman þær upplýsingar sem þeir afla. Með því að birta þessar upplýsingar nýtast þær til fulls, til fróðleiks, rannsókna o.s.frv. Skýrslurnar gera athugendum það kleift að fylgjast með því, sem kollegarnir hafa afrekað á þessu sviði. Nú er svo komið, að allstór hópur manna hefur ánetjast þessari iðju og hefur af henni ómælda ánægju.

Fyrir utan fræðandi gildi fyrir athugendur sjálfa og áhugasama lesendur, þjóna skýrslurnar einnig vísindalegum tilgangi. Út úr þeim má lesa ýmislegt um fartíma tegundanna, áhrif veðurs á farflug þeirra, afkomumöguleika eftir hrakninga o.s.frv. Sem dæmi um atriði sem komið hafa í ljós, eftir að farið var að afla þessara upplýsinga markvisst, má nefna, að nú eru nokkuð góðar upplýsingar til um vetrardvöl fjöruspóa hér á landi, hvar þeir halda sig og hve margir, að snjógæsir og kanadagæsir eru árvissar í gæsaþópum hér á landi, bæði vor og haust, keldusvínið er orðið afar sjaldséð, og allmargar snæuglur sjást árlega, þótt ekki finnst hreiður. Þá hefur komið í ljós, að áhugi á fuglum leynist miklu víðar en talið var!

Þess hefur margsinnis verið farið á leit við athugendur, að þeir vandi sem best frágang gagna og séu ósparir á lýsingar á

fuglum og atvikum. Hér á eftir verður lýst þeirri meðferð sem gögnin fá, áður en þau komast á prent. Eftir að gögnum hefur verið raðað eru ákveðnar tegundir teknar út, þ.e. tegundir sem eru bæði algengar og auðgreindar og ekki ástæða til að ætla annað, en að þær séu rétt ákvarðaðar. Sem dæmi má nefna gráhegra, aðarkóng, vepju, svartþröst, gráþröst, hettusöngvara og fjallafinku. Stundum koma ákveðnar tegundir til landsins í óvenju miklum mæli. Þá eru þær gjarnan teknar út með ofangreindum tegundum, t.d. glóbrystingur árið 1982. Aðrar tegundir eru lagðar fyrir 11 manna dómnefnd, sem skipuð er reyndum fuglaskoðurum. Stefnt hefur verið að því, að nokkur endurnýjun eigi sér stað í nefndinni, þannig að einn til tveir nýir komi inn árlega og aðrir hvíli sig á meðan.

Dómar fara þannig fram, að fyrst eru gögnin metin af hverjum nefndarmanni fyrir sig, sem skilar niðurstöðum á þar til gerðum eyðublöðum. Þeim sem dæma er einungis gefinn kostur á að hafna eða samþykkja viðkomandi fugla, nema þeir séu sjálfir athugendur, en þá sitja menn hjá. Að þessu loknu er hvatt til fundar þar sem ræddar eru athuganir sem fengið hafa mótaskvæði. Þar er mönnum gefinn kostur á því að endurskoða afstöðu sína, sérstaklega ef nánari upplýsingar koma fram. Allar athuganir, sem hafa verið samþykktar samhljóða eða einungis fengið eitt mótaskvæði, eru birtar í ársskýrslunum. Fyrir kemur að athuganir, sem hafa verið afgreiddar, eru teknar til endurskoðunar síðar, ef nýrri og fyllri upplýsingar hafa komið fram.

Þegar lesendum er ljóst, hvernig athuganir eru meðhöndlaðar, gera þeir sér kannski betur grein fyrir því, hvers vegna stöðugt er verið að knýja á um vandaðan frágang gagna. Dómnefndinni er mikill vandi á höndum, og oft hefur hún þurft að leggja til hliðar gögn, sem athugendur hafa ekki gengið frá á fullnægjandi hátt. Fullvíst er, að ýmsar góð-

ar og gildar athuganir hafa ekki komist í skýrslur af þessum sökum einum. Vissulega hafa framfarir orðið í þessum efnum, þótt enn sé langt frá því, að ástandið sé viðunandi.

Að þessu sinni sátu eftirfarandi menn í dómnefnd: Árni Waag Hjálmarsson, Arnþór Garðarsson, Erling Ólafsson, Erpur Snær Hansen, Guðmundur A. Guðmundsson, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson, Jóhann Óli Hilmarsson, Kjartan Magnússon, Ólafur Einarsson og Ævar Petersen.

Yfirlit

Í þessari skýrslu er getið 94 tegunda auk einnar frá fyrra ári, sem er svipaður fjöldi og 1982, en mun fleiri en 1983. Verður nú fyrst getið lauslega helstu atburða ársins, en ítarlegri annáll fer síðan á eftir.

Sjaldgæfir varpfuglar. Kolþerna verpti öðru sinni í grennd við Stokkseyri og ungi kom úr eggjum náði a.m.k. nokkrum þroska (Erling Ólafsson 1986). Fjallafinka fannst ekki verpandi, þótt þær sæjust á nokkrum stöðum um vorið. Sama er að segja um vepju og aðrar óreglulegar varptegundir.

Vetrargestir. Tiltölulega margar æðardrottningar sáu og fjöruspóa varð vart nokkuð víða um land. Einnig sáu óvenju margir ísmáfar.

Sumargestir og sjaldgæfir fargestir. Fréttir bárust af fleiri gráskrofum en oft áður. Þær sáu aðallega af skipum, en einnig af landi sem er sjaldgæft, og ein kom í net. Nokkrir fjallkjóar og ískjóar sáu, en engin hettuskrofa. Sportittlingar voru sjaldséðir sem fyrr.

Deilitegundir. Nokkrar amerískar urtendur sáu og einnig nokkrir grænlenksir hvítfálkar. Án efa koma hingað til lands erlendar deilitegundir íslenskra fugla í nokkrum mæli, s.s. skógarþrestir, maríuerlur og fleiri tegundir. Mjög erfitt getur reynst að greina suma þessa fugla, nema hafa þá í höndunum.

Nýjar tegundir. Tvær nýjar tegundir

fugla fundust hér á landi árið 1984. Sléttumáfur sást við Höfn í Hornafirði í síðari hluta september. Hann er amerískur og sjaldséður í Evrópu. Birt er mynd af þessum fugli hér síðar í skýrslunni. Grænskriðja fannst dauð í skipi í höfn í Reykjavík í september. Þetta er amerískur spörfugl, sem er mjög sjaldséður í Evrópu. Óvíst er, hvort fuglinn hefur komið lifandi til landsins, þótt líklegt sé að hann hafi komið með skipinu. Hans var nánar getið í síðasta hefti Blika (Ævar Petersen 1985).

Flækingsfuglar. Árið 1984 sker sig ekki úr meðalári hvað fjölda tegunda og fugla varðar, en að þessu sinni varð sjaldgæfra fugla þó vart meira og minna allt árið, ekki aðeins vor og haust. Allmargir hettusöngvarar, gransöngvarar og laufsöngvarar sáust um haustið, þeir síðarnefndu þó e.t.v. í minna mæli en oft áður. Óvenjumargar turtildúfur sáust, einnig hnoðrasöngvarar. Syngjandi skógarsnípa sást í Ásbyrgi um vorið og sumarið, en varp var ekki staðfest. Einnig varð vart tveggja karlfugla á samliggjandi óðulum við Egilsstaði. Nokkrir óvæntir og mjög sjaldgæfir fuglar sáust, svo sem brúðendur við Eskifjörð, hrókendur við Egilsstaði og á Mývatni, förfálki á Tjörnesi, dílarella við Akureyri, grástítur á Suðurnesjum, lyngstelkur við Höfn, dílastelkur á Reykjanesi, þaraberna á Áltanesi, bergtittlingur í Hróarstungu og græningi við Grindavík. Einnig sást dvergsvanur í Vopnafirði, gulllóa, rákatíta og hrísastelkur á Suðurnesjum og nokkrar fleiri fremur sjaldgæfar tegundir.

Annáll ársins

Janúar: Lítið var um flækingsfugla framan af mánuðinum, en ýmsir vetrargestir sáust að vanda, eins og gráhegrar, hvinendur, æðarkóngur og skógarsnípur. Seinni hluta mánaðarins dró til tíðinda. Hinn 21. janúar var mjög djúp lægð (965 mb) komin vestur undir Skotland. Að morgni næsta dags láu skil yfir

Bretlandi og allt til Íslands. Þeim fylgdi hvass suðaustanvindur (9 vindstig í Færeyjum og á Hjaltlandseyjum) og mikil snjócoma. Þessi veðurskilyrði héldust allt fram til kvölds 23. janúar. Í kjölfar lægðarinnar varð ýmissa fugla vart á austanverðu landinu. Mesta athygli vöktu helsingjar, sem sáust víða á Austurlandi, flestir 15 saman í Lóni (sjá Ævar Petersen 1985). Einnig sáust vepja, svartþrestir, gráþrestir, hettusöngvari og bláhragnar.

Febrúar: Nokkurra flækingsfugla varð vart. Þar ber helst að nefna fjóra dómþápa, sem sáust í Neskaupstað í byrjun mánaðarins, en þeir gætu hafa borist með lægðinni áðurnefndu. Söngþrestir sáust á Selfossi, eyrugla fannst dauð á Seyðisfirði, en brúnönd og ljóshöfði voru í Ósum í lok mánaðarins.

Mars: Lítið var um markverða fugla. Grákráka sást þó á Borgarfirði eystra, og bláhrafn í Norðfirði, korpönd í Reykjavík og vepja á Kvískerjum. Snæugla sást á Vatnsleysuströnd, en það er sjaldséd tegund á suðvestanverðu landinu.

Apríl: Nokkuð barst af fuglum til landsins í þessum mánuði. Vepja sást við Bessastaði og önnur á Skagaströnd, turnfálki í Sandgerði, tvær blesænur á Húsavík og bókfinka á Kvískerjum. Hinn 20. apríl var 985 mb lægð suður af landinu með skilum norður af Skotlandi. Þá voru sunnan 6 vindstig í Færeyjum og austanátt á Íslandi. Þessi skilyrði vöruðu þó stutt. Dagana 22.-27. apríl lá sterkur loftstraumur allt frá S-Evrópu til Íslands. Víðáttumikil hæð var yfir Norðursjó og stór lægð úti yfir Atlantshafi, sem dýpkaði allt niður í 975 mb. Eins og við mátti búast á þessum tíma birtust landsvölur víða á landinu. Einnig sást bæjarsvala, mürsvölungur og hringdúfa. Á Eskifirði sáust tveir brúðandarsteggir, en sú tegund hafði aðeins einu sinni sést hér áður.

Mai: Ekki var um afgerandi fuglagöngur að ræða í maí. Í síðari hluta

mánaðarins fóru nokkrar lægðir fyrir sunnan land, en þær voru aðgerðalitlar. Í fyrstu vikunni sáu skutulendur á Mývatni og Höfn og amerísk urtönd á Akureyri, vepja í Eyjafirði, landsvala í Álftaveri, þrjár bæjasvölur í Ölfusi, glóbrýstingur í Nesjum og bláhrfn á Heimaey. Það er ekki ósennilegt, að einhverjir þessara fugla hafi borist til landsins við þau veðurskilyrði, sem ríktu í síðari hluta apríl og lýst var hér að ofan. Síðan sáu ekki fuglar fyrr en eftir miðjan mánuðinn. Markverðastar þóttu sjö hrókendur, sem settust að á Lagarfljóti við Egilsstaði, en nokkrar þeirra héldu til þar allt fram eftir júlí. Fjallafinkur sáu á nokkrum stöðum, en sýndu hvergi tilburði til varps. Turtildúfa og tvær landsvölur sáu í Öræfum, skógarsnípa í Biskupstungum, grákráka í Álftaveri og ljóshöfði á Mývatni. Ískjóar sjást hér við land í maí ár hvert, en þó sjaldan nema fáeinir fuglar. Övenju stór hópur (um 100) sást undan Rauðanúpi 9. maí.


Júní: Hinn 30. maí var 990 mb lægð suður af landinu. Næsta dag hafði hún dýpkað nokkuð (970 mb) og hæð myndast yfir Skandinavíu, en 1. júní láu skil frá Bretlandi til suðurstrandar Íslands. Í kjölfar þessarar lægðar sáu svölur og svölungar víða um sunnanvert landið. Tilkynnt var um 12 landsvölur, 8 bæjasvölur og 10 mýrsvölunga. Rósafinka sást á Kvískerjum, dvergmáfur og snjógæs í Garði, kanadagæs í Hróarstungu og fjallkjói á Jökuldal. Fleiri fuglar sáu síðan um og eftir miðjan mánuðinn, hringönd á Lagarfljóti, ljóshöfði á Mývatni og amerísk urtönd í Aðaldal, gaukur sást í Skaftafelli, dílarella á Akureyri og bæjasvölur á nokkrum stöðum. Þá sást kolþerna á Stokkseyri um miðjan mánuðinn, en hreiður fannst síðar (sjá Erling Ólafsson 1986).

Júlí: Það er venjulega lítið um flækingsfugla hér á landi í júlí. Nokkrir fuglar sáu þó að þessu sinni, en margir þeirra gætu hafa dvalið í landinu í ein-

hvern tíma. Á Egilsstöðum sáu tvær skógarsnípur, en það voru karlfuglar, sem höfðu helgað sér land. Mýrsvölungur sást í Lóni og landsvölur og bæjasvala á Kvískerjum, dvergmáfur við Hafnaberg, bókfinka á Seyðisfirði, tvær bleshænur í Kelduhverfi, dvergsvanur í Vopnafirði, sportittlingur á Skálmarnesi og dílastelkur við Reykjanesvita, en hann er mjög fáséður hér.

Ágúst: Fáir fuglar sáu fyrir hluta mánaðarins. Fjallkjói sást norður af Horni og fjórar gráskrofur út af Hafnabergi. Dvergmáfur sást í Garði, en hann gæti hafa haldið til þar allt sumarið, og silkitoppa í Neskaupstað, en sú tegund sést ekki oft að sumarlagi. Hrókönd sást á Mývatni um miðjan mánuðinn. Nokkrir flækingsfuglar sáu í seinni hluta mánaðarins, en 16., 25. og 28. ágúst beindu lægðir suðrænu lofti til landsins, en enginn kraftur var í þeim og sunnanáttin skammvinn. Fyrsti söngvarinn (talinn vera laufsöngvari) sást 18. ágúst í Grímsnesi. Þá sáu tveir laufsöngvarar á Höfn í lok mánaðarins og ógreindur söngvari að Hjarðarnesi í Nesjum. Landsvala sást í Sandgerði, grákráka í Álftaveri, hringmáfur á Höfn og veimilitá á Garðskaga. Þá sáu 5 gráskrofur úti í Berufjarðarál 31. ágúst.

September: Ýmsar tegundir flækingsfugla sáu fyrir hluta september, þótt ekki væri um að ræða veðrakerfi, sem gátu hrakið fugla til landsins á þeim tíma. Lægð yfir landinu 28. ágúst beindi suðaustan loftstraumi til landsins í nokkurn tíma og er líklegt, að smáfuglar sem sáu fyrstu daga mánaðarins hafi komið í kjölfar hennar. Sefsöngvari lenti á báti ANA af Langanesi 1. september og grágrípur í Berufjarðarál 6. september. Hauksöngvari sást á Kvískerjum. Fleiri spörfuglar sáu ekki framan af mánuðinum. Gráhegrar sáu við Ljósavatn, í Reykjavík og Ósum, hrísastelkur í Höfnum, þrír rúkragar í Garði og lappa-jaðrakan í Sandgerði, dvergmáfar á Sel-fossi og í Njarðvík. Þá sáu gráskrofur,



1. mynd. Veðurkort frá 16. september 1984. Teiknað eftir *Bulletin Quotidien de Renseignements*, 60. árg.

ein á Skrúðsgrunni og fjórar undan Vík. Dagana 14.-16. september voru lægðir V og SV af landinu, sem beindu loftstraumi til landsins úr suðvestri (1. mynd). Skömmu síðar sáust nokkrir amerískir fuglar hér á landi, tvær grastítur á Reykjanesskaga og sléttumáfur á Höfn, en hann hafði ekki áður sést hér á landi. Grænskrikja fannst nýdaud um borð í skipi, sem kom frá Ameríku, en hún hefur heldur ekki fundist hér áður. Sportittlingar sáust á Garðskaga. Lítið var um evrópska fugla um miðjan mánuðinn. Laufsöngvari sást á Heimaey, og grálour á Miðnesi og í Örfum. Þess má geta að grálóurnar gætu fullt eins verið komnar frá Ameríku eins og að austan. Hinn 18. september var komin SA-átt vegna 985 mb lægðar suðaustur af landinu. Skil láu frá Skotlandi, um Færeyjar til Íslands. Lægðin færðist hægt til ASA og dýpkaði, þannig að loftstraumi var smám saman beint frá Noregi til Íslands. Þessi skilyrði voruð allt til 22. september. Fuglar fóru að sjást strax 18. september og enn fleiri næstu daga. Skilyrði til hrakninga komu ekki aftur fyrir en 27. september. Á tímabilinu 18.-26.

september sáust m.a. þrír gráhegrar, turtildúfa og bakkasvala í Borgarfirði eystra og einnig þrír gráhegrar í Hornafirði, fjórir lappajaðrakana, lyngstelkur, turtildúfa, netlusöngvari, garðsöngvari og hnoðrasöngvari á Höfn, söngþröstur, garðsöngvari og hnoðrasöngvari á Kvískerjum, múrsvölungur á Húsavík, rákatíta, dvergmáfur, meintur laufsöngvari, hnoðrasöngvari og sportittlingur á Miðnesi. Þá sást blágæs á Mýrum vestur og fjallkjói í Húnaflóadjúpi. Hinn 27. september 980 mb lægð djúpt SSV af landinu og skil láu frá Írlandi og suður undir Ísland. Síðdegis höfðu þau færst austur yfir Bretlandseyjar og í Færeyjum voru komin SA 4 vindstig. Þessi skilyrði voruð sennilega í rúman sólarhring. Síðan sáust allmargir fuglar síðustu daga mánaðarins. Gráhegrar sáust í Álftaveri, Örfum, Reykjavík, á Barðaströnd og Eskifirði. Á Reykjanesskaga sáust garðsöngvari og hnoðrasöngvari, á Kvískerjum fjórir laufsöngvarar, tveir garðsöngvarar, þyrnisöngvari og gransöngvari. Dvergsnípur sáust á Heimaey og í Vopnafirði, bæjasvala á Húsavík og garðsöngvari á Höfn.

Október: Þær lægðir sem fóru framhjá landinu fyrstu 20 daga október voru yfirleitt kraftlitlar og suðaustlægra átta gætti stutt. Hinn 6. október var 995 mb lægð skammt SV af landinu og skil fyrir vestan Írland til Íslands, sem færðust inn yfir Bretlandseyjar. Einhverjir fuglar kunna að hafa borist með þessari lægð. Hinn 12. október var önnur heldur dýpri lægð SV af landinu og láu skilin yfir Norðursjó til Íslands. Þá var SA átt í Færeyjum. Enn voru lægðir á ferðinni 18. október, 960 mb lægð við N-Írland og önnur 975 mb SV af Íslandi. Þetta ástand var skammvinnt, en SA loftstraumur náði til landsins þann daginn. Þrátt fyrir heldur slöpp skilyrði þessa 20 daga sást töluverður fjöldi flækingsfugla á landinu, en eins og við má búast var ekki um afgerandi göngur að ræða. Mest bar á spörfuglum, einkum söngvurum, þ.e.

laufsöngvurum, gransöngvurum, hettusöngvurum og garðsöngvurum. Af öðrum spörfuglum mætti nefna grágrip, flekkugrip, gransöngvara, glókoll, gultittling, barrfinkur og fjallafinkur. Þá sást græningi við Grindavík í byrjun mánaðarins. Lítið var um framandi vaðfugla. Þó sáust veimiltitur, ein á Miðnesi og önnur í Mýrdal, vaðlatíta á Miðnesi og gulllóa við Grindavík. Þá sáust sex turtildúfur, tvær á Heimaey og Kópaskeri, ein í Lóni og ein í Garði. Ljós höfði sást í Hornafirði, snjógæs á Hvanneyri og önnur við Miðskóga í Dölum, hringmáfur í Sandgerði og dvergmáfur á Seltjarnarnesi. Hinn 21. október voru tvær lægðir suður af landinu og skil yfir Bretlandseyjum, sem færðust yfir Norðursjó næsta dag, en þá voru komin SA 6 vindstig í Færeyjum. Önnur djúp (970 mb) og víðáttumikil lægð var SV af landinu 28. október, sem beindi loftmassa frá Bretlandseyjum til Íslands. Þessa síðustu daga mánaðarins sást mikill fjöldi flækingsfugla á landinu. Gransöngvarar voru algengastir og einnig nokkuð af hettusöngvurum. Af öðrum spörfuglum má nefna hauksöngvara, laufsöngvara, bókfinku, vallskvettur, garðaskottu, mánaþröst, söngpresti, mistilpresti, glóbrystinga, fjallafinkur, bláhrafn og dvergkráku. Einnig sást vepja.

Nóvember: Óvenju mikið var af flækingsfuglum hér út allan mánuðinn, enda fóru lægðir fyrir sunnan land hver af annarri, t.d. 8., 11. og 13. nóvember. Síðdegis 15. nóvember var víðáttumikil 990 mb lægð yfir Biskayaflóa og hæð (1035 mb) yfir Rússlandi. Mikið loftstreymi var frá meginlandi Evrópu hingað til lands og stóð yfir meira eða minna til 23. nóvember. Hinn 27. nóvember var mjög djúp (950 mb) og víðáttumikil lægð sunnan við landið með sunnan og suðaustan hvassviðri á Bretlandseyjum, og 30. nóvember olli enn ein lægðin SA strekking yfir Norðursjó. Af þessu má sjá, að SA áttir voru mjög tíðar í þessum

mánuði. Hröktust fuglar hingað til lands allt til loka mánaðarins, en það er heldur fátítt í umtalsverðum mæli svo seint á haustin. Langalgengustu tegundirnar voru svartþröstur, gráþröstur, gransöngvari og hettusöngvari, og sáust þessar tegundir víða um land. Af öðrum spörfuglum mætti nefna garðaskottu í Höfnum, söngpresti á Selfossi, Kvískerjum, Reynivöllum og í Höfnum, mistilpresti og mánaþröst á Reynivöllum, dómpápa og silkitoppu í Vopnafirði, bókfinku í Hróarstungu, glóbrystinga á Höfn, í Örafum, Suðursveit, Álfaveri og Reykjavík, glókoll á Höfn, garðsöngvara á Húsavík og runntítlu í Neskaupstað. Sefgoði sást í Vestmannaeyjum. Gráhegrar sáust víða á SV-landi og á Egilsstöðum, krákönd við Grindavík, bleshæna á Kvískerjum, vepjur í Grindavík, Þorlákshöfn og Vopnafirði, dvergsnípa og cyrugla á Miðnesi, skógarsnípur á nokkrum stöðum, dvergmáfur á Eskafirði, turtildúfur í Reykjavík og Garði og dvergkrákur á Heimaey og í Hafnarfirði. Af þessari upptalningu má sjá hve líflegt og fjölbreytt fuglalífið hefur verið í þessum mánuði.

Desember: Flækingsfuglum fækkaði stórlega í þessum mánuði, eins og við mátti búast. Ýmsar ofangreindra tegunda sáust hér og þar á landinu, en nokkrar nýjar bættust við. Brúnönd sást í Ósum í lok mánaðarins og ljóshöfði á Vatnsleysuströnd. Skutulönd sást í Arnarnesvogi, turnfálki á Reynivöllum og förufálki á Tjörnesi 30. desember, en hann er mjög fáséður hér. Sefhæna birtist við lækinn í Hafnarfirði og bleshæna á Elliðaánum. Skógarsnípur sáust nokkuð víða og grálóur í Vogum.

Skýringar við tegundaskrá

Þeir sem nefndir eru á eftir hverri athugun eru annað hvort finndur eða geta fyrstir viðkomandi fugls eða fugla. Ef annað er ekki tekið fram, er aðeins um cinn fugl að ræða. ★ merkir að fuglinum hafi verið safnað eða hann

fundist dauður. Sýslur eru í stafrófsröð, en athuganir innan þeirra eru yfirleitt í tímaröð. Til einföldunar er kaupstöðum (nema Reykjavík) skipað undir sýslur, Kjósarsýslu undir Gullbringusýslu og

Hnappadalssýslu undir Snæfellsnessýslu.

Latneskar nafngiftir og röðun tegunda er samkvæmt flokkunarkerfi Voous (1977) eins og í síðustu skýrslu.

Tegundaskrá

Sefgoði Podiceps grisegena

A-Evrópa, Síbería og nyrsti hluti N-Ameríku. — Fremur sjaldgæfur vetrargestur.

Vestm: Heimaey, 11. nóvember ☆ (Viktor Sigurjónsson).

Gráskrofa Puffinus griseus

Suðurhvel. — Leitar til N-Atlantshafs utan varptíma og er sennilega árviss hér við land. *Gull:* Hafnaberg, fjórar 8. ágúst (EÓ).

Á sjó: Berufjarðaráll, 31. ágúst, fimm 4. september (25 sml frá landi) (AA). *Skrúðsgrunn,* 2. september (AA).

6-8 sjómílur undan Vík í Mýrdal (63°18'N, 18°55'V), amk fjórar um 12. september, ein kom í net ☆ (SS).

1980:

Á sjó: Faxaflói (64°19'N, 23°05'V), 3. ágúst 1980 (Holger Dietz).

1983:

Á sjó: 12 sjómílur NA af Langanesi, 12. september 1983 (AA).

Gráhegri Ardea cinerea

Evrópa, Asía og sunnanverð Afríka. — Algengur haust- og vetrargestur.

Árn: Varmá í Ölfusi, 7. janúar (EL, EP).

Opnur í Ölfusforum, tveir 7. janúar (EL, EP), 21. apríl (APS, KL), fjórir 17. nóvember (HPH).

V-Barð: Grænhóll, Barðastrandarhr., miður september (Eiríkur Helgason).

Gull: Ósar, ungur 8. september (ESH, GP, GP, HPH, Ævar Petersen ofl.), fimm 17. nóvember (GP, KM, ÓE).

Stafnes á Miðnesi, 7. október (HPH, KL).

Sandgerði, ungur 14. október (GP, ÓE).

Arfadalsvík, Grindavík, 3.-4. nóvember (GP ofl.).

Járngerðarstaðir, Grindavík, ungur 10. nóv-

ember (ESH, GP, HPH, KM, ÓE).

Hvaleyjarlón við Hafnarfjörð, um 29. nóvember til 5. desember (Ragnar Runólfsson).

N-Múl: Sólbakki í Borgarfirði, þrír um 18.-25. september (Ólafur Aðalsteinsson).

S-Múl: Eskifjörður, 30. september (Thor Klausen).

Egilsstaðir, ungf 27. október (við Lagarfljótsbrú), ungf 21. nóvember til 15. apríl 1985 (við Eyvindará við Vonarland) (SP).

Rvík: Laugarnes, ungur 6.-24. apríl ☆ (Jóhann Helgason ofl.).

Gufunes, um 7.-10. september (Ásmundur Reykdal).

Korpúlfsstaðir, 30. desember (ÓE).

A-Skaft: Kvísker í Örafum, 23.-24. janúar (HB).

Skaftafell í Örafum, 10. mars (Jakob Guðlaugsson).

Fagurhólmsmýri í Örafum, tveir seint í september (Ari B. Sigurðsson).

Þveit í Nesjum, þrír 24. september (HB, IP), tveir 27. október (Benedikt Þorsteinsson, EP).

Stóralág í Nesjum, tveir 20.-25. október (Eiríkur Helgason).

Höfn í Hornafirði, tveir 5. október (ESH ofl.), einn 18. nóvember, tveir 23. nóvember (Benedikt Þorsteinsson, EP). Líklega sömu fuglar í Nesjum og við Höfn.

V-Skaft: Mýrar í Áltaveri, fullu 27. september, þrír 7. október (Þórarinn Eggertsson).

S-Þing: Stórutjarnir, Ljósavatnshr., tveir 1.-2. september (Sverrir Thorstensen).

1979:

N-Þing: Krossdalur í Kelduhverfi, sex frá september 1978, fjórir til amk 20. mars 1979 (Sveinn Þórarinnsson).

Dvergsvanur *Cygnus columbianus bewickii*
Síbería (*C.c. bewickii*) og N-Ameríka (*C.c. columbianus*). — Mjög sjaldgæfur flækingur, sást fyrst 1978 (*C.c. bewickii*).

N-Múl: Skógalón í Vopnafirði, ársгамall kvenf 30. júlí, náð og merktur (Reykjavík 02777 og gulur hálshríngur með stöfunum AU). Fuglinn hefur síðan sést í Svíþjóð og á Englandi (AG ofl.).

Snjógæs *Anser caerulescens*

N-Kanada og NA-Síbería. — Lifir sums staðar hálfvilt í Evrópu. Árviss hér á landi, oftast í fylgd með blesgæsum. Ef annað er ekki tekið fram er um hvítar gæsir að ræða. **Borg:** Hvanneyri, 7.-12. október (Ævar Rafnsson ofl.).

Dal: Miðskógar í Miðdölum, 10.-14. október (Rafn Sigurðsson).

Gull: Garður, 3.-12. júní (Loftur Þorsteinson ofl.).

Mýr: Langholt, Álfтанешr., „blágæs“ um 25. september (Sigurgeir Sigurgeirsson).

A-Skaft: Svínafell í Öræfum, „blágæs“ 24. október (Hannes Guðlaugsson).

1983:

S-Múl: Fljótsbakki í Eiðáþinghá, vorið 1983 (sást „allt vorið“) (Sólveig Þórarinsdóttir ofl.).

Kanadagæs *Branta canadensis*

Norðurhluti N-Ameríku. — Verpur víða villt og hálfvilt í Evrópu. Árviss hér á landi, og er sennilegt að þar eigi í hlut bæði amerískir og evrópskir fuglar.

N-Múl: Litli-Bakki í Hróarstungu, karlf paraður grágæs *Anser anser* 5. júní, hreiður fundið 7. júní, um 17. júní reyndist hreiðrið yfirgefið, egg hurfu nokkru seinna (Jóhann Gunnarsson, Skúli Björn Gunnarsson ofl.).

Vallanes, Vallahr., júní, ungar úr amk einu (etv tveimur) hreiðrum reyndust vera kynblendingar kanadagæsar og grágæsar. Ungarnir teknir í fóstur og aldir upp (skv SP).

Brandönd *Tadorna tadorna*

NV-Evrópa, slitrótt í S-Evrópu og Mið-Asía. — Allalgeng hér á landi.

1983:

Gull: Álfтанes, karlf í byrjun maí 1983 (Jón Baldur Hlíðberg).

Brúðönd *Aix sponsa*

Vesturströnd og suðausturhluti N-Ameríku. — Víða höfð í haldi í Evrópu og verpur villt á nokkrum stöðum á Englandi. Líklegt er að fuglar sem sjást hér á landi séu komnir frá Evrópu. Mjög sjaldséð hér.

S-Múl: Eskifjörður, tveir karlf 26.-27. apríl 2★ (Páll Leifsson).

Ljóshöfði *Anas americana*

Norðurhluti N-Ameríku. — Árviss hér á landi og allalgeng í Evrópu.

Gull: Ósar, paraður fullu karlf 27. febrúar (APS, AG, KL).

Brunnastaðir á Vatnsleysuströnd, fullu karlf 30.-31. desember (ESH ofl.).

A-Skaft: Þveit í Nesjum, karlf 10. október (EP, ESH).

S-Þing: Mývatn, fullu karlf við Kálfaströnd 31. maí (KHS), fullu karlf 15.-16. júní við Reykjavíð (Martin Sutherland), karlf 10. júlí milli Mikleyjar og Nónhóls (A. Martinez, A. Motis, Philippe Sagot).

Urtönd *Anas crecca carolinensis*

Norðurhluti N-Ameríku. — Ameríska deilitegund urtandarinnar er árviss í Evrópu og nær árviss hér á landi.

Eyf: Ós Eyjafjarðarár, karlf 6. maí (KL, Sigrún Huld Jónasdóttir).

Gull: Kópavogur, karlf 16. desember (GP).

Anas crecca carolinensis × *A.c. crecca*. Bar einkenni beggja deilitegundanna.

S-Þing: Sandur í Aðaldal, karlf 22. júní (IP).

Brúnönd *Anas rubripes*

Norðausturhluti N-Ameríku. — Sjaldgæf í Evrópu. Árviss hér á landi hin síðari ár.

Gull: Ósar, karlf 27. febrúar (APS, AG, KL), karlf 30.-31. desember (EÓ ofl.).

Skutulönd *Aythya ferina*

Miðbik Evrópu og Asíu. — Árviss og hefur orpið nokkrum sinnum hér á landi.

Gull: Arnarnesvogur, Garðabæ, karlf 8. desember (HPII).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, karlf 5.-11. maí (Benedikt Þorsteinsson, EP ofl.).

S-Þing: Mývatn, fullu karlf á Neslandavík 4.-8. maí (ÓKN ofl.).

Hringönd *Aythya collaris*

N-Ameríka. — Sjaldgæfur flækingur hér á

landi, en er nú algengasta ameríska öndin í V-Evrópu.

N-Múl: Lagarfljót við Skipalæk, karlf 13.-19. júní (KHS ofl.).

Æðarkóngur *Somateria spectabilis*

Nyrstu héruð N-Ameríku og Síbiríu; Grænland og Svalbarði. – Sést hér allt árið, en er algengastur seinni part vetrar.

Árn: Stokkseyri, kvenf 7. janúar (Jón Baldur Hlíðberg, KHS).

A-Bard: Garpsdalsey í Gilsfirði, karlf í varpi um vorið (Halldór Gunnarsson).

V-Bard: Patreksfjörður, karlf frá um 6. mars til 6. apríl, amk tveir karlf að auki 6. apríl (Atli Snæbjörnsson).

Eyf: Akureyri, karlf á fyrsta vetri 4. febrúar til 19. apríl, fullu kvenf 9. febrúar til 19. apríl (ÓKN ofl.), fullu karlf 31. mars (GH).

Gull: Arnarnesvogur, Garðabæ, fullu karlf 18. febrúar til 17. maí (APS, KL ofl.), fullu karlf 16. september (KM).

Ósar, ungur kvenf 27. febrúar (AG), kvenf 11. mars (GP, KM, ÓE).

Garðskagi, ungur og fullu karlf 21. apríl (EP, ESH, JÓH, ÓE).

Grindavík, ungur karlf 7. júní (APS, KL).
Keflavík, ungur kvenf 30. desember (GP).

A-Hún: Kálfshamarsvík á Skaga, kvenf 23. apríl til 4. maí ☆, karlf 20. maí ☆ (Þorvaldur Skaftason).

N-Ísf: Æðey, Snæfjallahr., fullu karlf 3. júní (Jón Guðmundsson).

V-Ísf: Lækur í Dýrafirði, karlf í varpi í seinni hluta maí (Zophonías Þorvaldsson).

S-Múl: Urðarteigur í Berufirði, karlf 3. apríl (Ingimar Sveinsson).

Rvík: Sundahöfn, Viðeyjarsund, Elliðavogur og nágr., fullu karlf 30. janúar til 29. apríl, annar fullu karlf að auki 5. apríl, tveir karlf á fyrsta vetri 31. mars, einn á fyrsta vetri 19.-29. apríl, kvenf 19. febrúar til 29. apríl (ýmsir), karlf á öðrum vetri 25. nóvember og 23. desember, ógr karlf 26. desember, karlf á fyrsta vetri 30. desember, kvenf 22. nóvember til 26. desember (ýmsir).

A-Skaft: Kvískerjafjara í Örafum, fimmtán karlf 7. mars, sautján karlf 8. mars (HB).
Jökulsá á Breiðamerkursandi, tveir karlf 8. mars (BA).

Hvalnes í Lóni, karlf 16. júlí (Lars Lund Hansen, Peter Lange).

S-Ping: Ærvíkurhöfði við Skjálfanda, ungur karlf 15. október (GH, HeB).

Kynblendingur æðarfugls og æðarkóns

Somateria mollissima × *spectabilis*

Rvík: Sundahöfn, karlf 18. mars (ÓE ofl.).

Krákönd *Melanitta perspicillata*

Norðurhluti N-Ameríku. – Árviss í Evrópu en sjaldgæf hér á landi.

Gull: Arfadalsvík, Grindavík, kvenf/ungf 3.-17. nóvember (EP, EÓ, GP, HPH ofl.).

Korpönd *Melanitta fusca*

N-Evrópa, N-Asía, Kákasus og N-Ameríka. – Sjaldséður, en þó líklega árviss flækingur.

Rvík: Grafarvogur - Elliðavogur, fullu karlf 17. mars til 2. apríl (EL, EP, ÓE ofl.).

Hvinönd *Bucephala clangula*

N-Evrópa, N-Asía og N-Ameríka. – Vetrar-gestur, einkum á SV-landi og Mývatni. Sést hér einnig á sumrin. Einnig er gerið ógreindra hvinanda/húsanda (ógr *Bucephala*) utan Sogs, Mývatns og Gullbringu-sýslu.

Árn: Hraunsá við Stokkseyri, tveir kvenf/ungf og einn ungur karlf 7. janúar (Jón Baldur Hlíðberg, KHS).

Sogið, sautján fullu karlf, sjö kvenf og fjórir kvenf/ungf 30 desember (AG).

Pingvallavatn, tveir ungir karlf við Kára-staðanes 6. maí (KM).

Úlfjótavatn, tólf fullu karlf, ungur karlf og fimm kvenf 26. janúar (APS, AG, KL), tveir fullu karlf 3. nóvember (GAG, KL ofl.).

Hlíðarvatn í Selvogi, fullu og ungur kvenf 17. nóvember (EP, ESH, HPH, JÓH).

Gull: Ósar, þrír fullu karlf, ungur karlf og tveir kvenf 7. janúar (EÓ), tveir fullu karlf, ungur karlf og kvenf 8. febrúar (EL, EP, JÓH), tveir kvenf og ungur karlf (sennilega) 27. febrúar (AG), fullu karlf 3.-4. nóvember, ungur karlf 10. nóvember, kvenf 3.-17. nóvember (GP, HPH, KM ofl.), fullu karlf og fjórir kvenf/ungf 30. desember (EÓ).

Arnarnesvogur, Garðabæ, tveir fullu karlf 11. janúar til 15. febrúar, fjórir fullu karlf 17. febrúar til 6. mars, ungur karlf 15.

febrúar til 11. mars, einn kvenf 11. janúar til 15. febrúar, tveir kvenf 17.-18. febrúar, þrír kvenf 19. febrúar, einn kvenf 6. mars (ýmsir), fullu karlf og ungur karlf 8.-24. desember, tveir kvenf/ungf 15. desember, einn kvenf 16.-24. desember, einn kvenf að auki 23. desember (ýmsir).

Hvalsnes á Miðnesi, kvenf/ungf 20. október (ESH).

N-Múl: Lagarfljót við Skipalæk, ungur karlf 13.-21. júní (KHS ofl.).

Straumur í Hróarstungu, karlf og tvær ógr *Bucephala* 4. október (SP, Þórhallur Borgarsson).

Rvík: Elliðavogur, ungur karlf 6. janúar til 19. febrúar (EP, ÓE ofl.), ungur kvenf 19. febrúar (GP).

Skerjafjörður, fullu karlf 26. janúar (HPH), karlf og kvenf 5. febrúar (KM), kvenf/ungf 18. nóvember til 24. mars 1985 (HPH ofl.), tveir fullu karlf 25. desember (KM).

Elliðavatn og nágr., tveir fullu karlf, einn ungur karlf og þrír kvenf 15.-31. mars, ungur karlf og kvenf 24. apríl, tveir ungrir karlf og kvenf 27. apríl (APS, KL ofl.).

Tjörnin, fullu karlf 6. apríl (HPH).

A-Skaft: Þveit í Nesjum, þrír ógr kvenf/ungf *Bucephala* 24. september, kvenf/ungf 25. september (IP), tvær ógr *Bucephala* 7. október, fjórir kvenf/ungf 7.-10. október (EP, ESH).

Kvísker í Öræfum, kvenf/ungf 14. október (EP, ESH, HB).

S-Ping: Mývatn, tveir karlf á Breiðunni 26. janúar, tveir karlf á Álum 16. apríl, fullu kvenf og fullu karlf á Breiðunni 19. apríl (ÓKN), karlf 19. júní (Martin Sutherland).

Laxá í Laxárdal, ungur karlf við Hrapstaðacy og tveir fullu karlf við Brettingsstaði 19. maí (AG).

N-Ping: Lón í Kelduhverfi, tveir fullu karlf og fullu kvenf 17. febrúar, fjórir fullu karlf og fullu kvenf 11. nóvember (ÓKN), fimm þar af þrír karlf 31. desember (Brynjúlfur Brynjólfsson, GH, HeB, SG), líklega þeir sömu og á Skjálfartavatni í október.

Skjálftavatn í Kelduhverfi, þrír karlf 13. október (GH, HeB, Pröstur Eysteinnsson, SG).

Presthólalón, Presthólal., ógr kvenf *Bucephala* 14. desember (ÓKN).

Hvítönd *Mergus albellus*

Nyrst í Evrópu og N-Asía. — Nokkrir fuglar hafa sést hér á undanförunum árum.

S-Ping: Laxá, Mývatnssveit, kvenf/ungf 8. október (HeB, GH, SG).

Hrókönd *Oxyura jamaicensis*

Vestanverð Norður- og Suður Ameríka. — Flutt til Evrópu og verpir nú víða á SV-Englandi. Sjaldséd hér á landi og talin koma frá Englandi.

S-Múl: Lagarfljót við Egilsstaði, séðar frá 19. maí til 25. júlí (bæði kyn): fjórir karlf 19. maí og 1. júní, síðan tveir til þrír karlf frá 9. júní til 21. júní, fjórir karlf 2.-5. júlí, fimm karlf 6.-13. júlí, tveir karlf 17.-25. júlí, þrír kvenf 19. maí og 1. júní, einn kvenf 13. júní, tveir kvenf 2. júlí, þrír kvenf 3.-13. júlí (Völundur Jóhannesson ofl.).

S-Ping: Mývatn (Neslandavík), karlf 17. ágúst (AG, KL), tveir fullu karlf og einn kvenf 5. september, fullu karlf 14. september (Árni Einarsson, JSÓ ofl.).

Turnfálki *Falco tinnunculus*

Evrópa, Asía og Afríka. — Allalgengur flæk- ingur hér á landi.

Gull: Sandgerði, kvenf miður apríl ☆ (Haraldur Grétarsson).

A-Skaft: Reynivellir í Suðursveit, fullu karlf 28. desember (BA).

Fálki *Falco rusticolus* „candicans“

Grænland, Kanada og Alaska. — „Hvítfálkar“ sjást hér aðallega á veturna.

N-Ping: Bangastaðahöfn í Kelduhverfi, fund- in rytja 14. júní ☆ (ÓKN).

S-Ping: Húsavík, karlf í lok október (skv ÓKN).

Förufálki *Falco peregrinus*

Evrópa, N-Asía, norðanverð N-Ameríka og víðar. — Mjög sjaldgæfur flæk- ingur hér á landi.

S-Ping: Bakki á Tjörnesi, karlf 30. desember (Örn Jensson).

Keldusvín *Rallus aquaticus*

Evrópa og Asía. — Sjaldgæfur varpfugl, en flest keldusvín sem sjást núorðið eru senni- lega flækingsfuglar.

S-Ping: Hlíðarendi í Bárðardal, handsamað 10. nóvember, haft í haldi til 13. nóvemb-

er og sleppt þá við Holtakot í Ljósavatsnshreppi (merkt Reykjavík 622910) (Sverrir Thorstensen).

Dílarella *Porzana porzana*

Evrópa og vestanverð Asía. — Mjög sjaldgæfur flækjngur.

Eyf: Akureyri, karlf í lok júnf til 21. júlí (Sverrir Vilhjálmsson ofl.).

Sefhæna *Gallinula chloropus*

Evrópa, Asía og Ameríka. — Allalgengur flækjngur.

Gull: Hafnarfjörður, ungf 26. desember til 1985 (KM ofl.).

N-Múl: Hrafnabjörg í Jökulsárhlíð, ungf 7. nóvember 1983, höfð í haldi til 23. apríl, drepin af ketti ☆ (Halldór Stefánsson), sjá einnig skýrslu 1983.

Blesæna *Fulica atra*

Evrópa, Asía og Ástralía. — Árviss og hefur orpið hér á landi.

Rvfk: Elliðaár, 24. desember til 1985 (GP ofl.).

A-Skaft: Kvísker í Örafum, 19.-20. nóvember (HB).

N-Ping: Víkingavatn í Kelduhverfi, tvær 24. júlí til 11. ágúst (HeB, JÓH, ÓE, ÓKN ofl.).

S-Ping: Húsavík, ein 16.-19. apríl, tvær til 9. maí (SG ofl.).

1979:

N-Ping: Krossdalur í Kelduhverfi, nóvember 1978 til mars 1979 (Sveinn Þórarinnsson).

Gulllóa *Pluvialis dominica*

N-Ameríka (*P.d. dominica*) og NA-Asía (*P.d. fulva*). — Sást fyrst hér 1979, en er allalgeng í Evrópu.

Gull: Arfadalsvík, Grindavík, 8. október (EÓ). N-ameríska deilitegundin *P.d. dominica*.

Grálóa *Pluvialis squatarola*

Nyrstu héruð Síbiríu og N-Ameríku. — Alltíð að haust- og vetrarlagi.

Gull: Breiðabólstaður á Álftanesi, 13. október (HPH).

Miðnes (Stafnes-Fitjar), ein 16. september til 17. nóvember (GP, HPH ofl.), ein að auki 3. október (EP, ESH, ÓE) og 17. nóvember (ÓE).

Njarðvík, 30. september til 21. október (GP ofl.).

Vogar, tvær 30.-31. desember (ESH ofl.).

A-Skaft: Fagurhólsmýri í Örafum, 16. september (HB).

Vepja *Vanellus vanellus*

Evrópa og N-Asía. — Árviss og hefur orpið hér.

Árn: Þorlákshöfn, um 26. nóvember til 3. desember ☆ (Júli Hjörleifsson).

Eyf: Gröf, Öngulsstaðahr., 1.-6. maí (Þorsteinn Ingólfsson).

Gull: Bessastaðir á Álftanesi, 5. apríl (APS, KL).

Lambastaðir í Garði, 27. október (ESH, GP, GP, ÓE).

Grindavík, tvær 4. nóvember (GP, HPH, KM).

A-Hún: Kelduland á Skagaströnd, seint í apríl (skv Kristni Pálssyni).

N-Múl: Strandhöfn í Vopnafirði, 17. nóvember (Jón Trausti Jónsson).

A-Skaft: Kvísker í Örafum, 22. mars (HB).

Vestm: Heimaey, 30 janúar (SS).

S-Ping: Húsavík, 26.-30. janúar (Aðalgeir Þógrímsson, Gunnar Guðmundsson, SG).


Veimiltíta *Calidris minuta*

Nyrsti hluti Evrópu og Asíu. — Algeng um fartímann í Evrópu, en sjaldgæf hér á landi.



2.mynd. Grastíta *Tryngites subruficollis*. Hafurbjarnarstaðir á Miðnesi, 19. september 1984. Ljós. Erpur Snær Hansen.

4.mynd. Hrífastelkur
Tringa flavipes ásamt
tildru *Arenaria interpres*
(til vinstri). Hafnir, 8.
september 1984. Ljós-
Gunnlaugur Pétursson.



Vestm: Heimacy, 29. nóvember ☆ (Viktor
Sigurjónsson), 6. desember ☆, 19. des-
ember ☆ (SS ofl.).

N-Ping: Ásbyrgi í Kelduhverfi, karlf 29. apríl
til 19. júní (ÓKN ofl.).

Lappajaðrakana *Limosa lapponica*

Skandinavía, Sibiría og Alaska. — Haust- og
vetrargestur á SV-landi, en mun sjaldgæfari
en fjöruspói.

Gull: Miðnes (Sandgerði-Miðhús), einn ungf
9. september til 27. október, einn ungf að
auki við Garðskaga 16. september
(ýmsir).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, fjórir ungf 19.-
28. september (IP ofl.).

Fjöruspói *Numenius arquata*

Evrópa og Asía. — Vetrargestur, einkum á
SV-landi. 3. mynd.

Árn: Stokkseyri, 7. janúar (Jón Baldur Hlið-
berg, KHS).

Eyf: Grímsey, amk. einn í janúar ☆ (Sæ-
mundur Traustason).

Gull: Arfadalsvík, Grindavík, tveir 4.-27.
október (APS, JSÓ, KL ofl.), einn að
auki 8.-14. október (EÓ ofl.).

Álftanes, einn 13. október og þrír 27. októ-
ber við Lambhaga (HÞH), einn 3. nóv-
ember á Hliðsnesi (KM) og þrír sama dag
við Garða (Steinar Björgvinsson). Etv er
aðeins um þrjá fugla að ræða.

Hafnarfjörður, 13.-28. október (HÞH ofl.).

Hafnir, sjö 7. janúar, átta 8. febrúar, þrír
19. febrúar og 11. mars. Aftur 30. sept-
ember til 30. desember, tveir 30. sept-
ember, síðan flestir fimm 4. nóvember,
fjórir 17. nóvember, tveir 30. desember
(ýmsir).

Miðnes (Stafnes-Garður), 22 í Sandgerði 7.
janúar (Sigurður Blöndal, Þorsteinn Ein-
arsson [Rvík]), einn á Garðskaga 21. apríl
(EP, ESH, JÓH, ÓE). Aftur 26. ágúst til
30. desember, ellefu 26. ágúst, þrettán 9.-
16. september, 27 fuglar 19. september,
30 fuglar 22. september, 34 fuglar 7. októ-
ber, 29 fuglar 14. október, 22 fuglar 27.
október, 31 fugl 3. nóvember, 21 fugl 10.
nóvember, 25 fuglar 17. nóvember, ellefu
30. desember (ýmsir). Frá haustinu eru
aðeins tilgreindir þeir dagar, er öll strönd-
in frá Stafnesi til Gerða var könnuð, þó
var aðeins skoðað í Sandgerði 26. ágúst.

Njarðvík, 11. mars (GP, KM, ÓE).

Seltjarnarnes, 8. mars (HÞH).

Rvík: Skildinganes, þrír 28. október (KM).

Etv sömu fuglar og á Álftanesi.

A-Skaft: Hvalnes í Lóni, tíu 17. júlí (Lars
Lund Hansen, Peter Lange).

Höfn í Hornafirði, 8. janúar til 4. mars,
flestir fimmtán 8. janúar, fjórtán 30. janú-
ar, átta 5.-8. febrúar, þrír 4. mars (Bene-
dikt Þorsteinsson, EP, Sigbjörn Kjartans-
son ofl.), einn 25. ágúst til 5. október (IP
ofl.), einn að auki 5. október (ESH).

Ingólfshöfði, 25. mars ☆ (Páll Björnsson).

Snæf: Grundarfjörður, 20. janúar ☆ (Páll Cecilsson).

Vestm: Heimaey, 1.-8. febrúar (SS).

N-Ping: Kópasker, tveir 24. janúar (Guðmundur Baldursson).

Lyngstelkur *Tringa nebularia*

Skotland, Skandinavía og N-Asía austur að Kyrrahafi. — Mjög sjaldgæfur flækingur hér á landi.

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, 25.-26. september (IP).

Hrísastelkur *Tringa flavipes*

N-Ameríka. — Sést árlega í V-Evrópu, en er mjög sjaldgæfur flækingur hér á landi.

Gull: Hafnir, 8. september (ESH, GP, GP, HPH, Ævar Petersen ofl.), 4. mynd.

Flóastelkur *Tringa glareola*

N-Evrópa og N-Asía. — Hefur sést hér öðru hvoru frá 1959, og er strjáll varpfugl við Mývatn.

Gull: Gerðar í Garði, 27.-31. október (ESH, GP, GP, ÓE), 5. mynd.

Dílastelkur *Actitis macularia*

Norðanverð N-Ameríka. — Mjög sjaldgæfur flækingur hér á landi, en sést árlega í V-Evrópu.

Gull: Reykjanes, 28. júlí (Francois Sagot, Philippe Sagot, A. Motis, A. Martinez).

Ískjói *Stercorarius pomarinus*

Íshafslönd N-Ameríku og Sibiríu, einnig Grænland. — Hluti stofnsins hefur vetursetu í Mið-Atlantshafi og fer hér um að einhverju leyti vor og haust.

Á sjó: Skagagrunn, 27. júlí ☆ (AA).

12 sjómílur V af Grímsey, 12. júlí (AA).

1 sjómíla undan Rauðanúp, um hundrað 9. maí (Stefán Þóroddsson).

1980:

Mýr: Mýrar, um 1. júní 1980 (G.K. Greenwood).

Á sjó: Milli Vestmannaeyja og lands, 23. júlí 1980 (Holger Dietz).

Fjallkjói *Stercorarius longicaudus*

Nyrsti hluti N-Ameríku, N-Evrópu og Sibiríu, einnig Grænland. — Sjaldséður fargestur.

N-Múl: Merki á Jökuldal, fullu 4. júní (KHS).

Skag: Selnes á Skaga, fullu 13. júlí (Francois Sagot, Philippe Sagot, A. Motis, A. Martinez).

Á sjó: 4 sjómílur N af Horni, 3. ágúst (AA).

Húnaflóadjúp (66°54'N, 21°15'V), 24. september (Sigfús A. Schopka).

Sléttumáfur *Larus pipixcan*

Verpur inn til lands í norðanverðri N-Ameríku. — Sjaldséður í Evrópu og hefur ekki sést áður hér á landi.

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, fullu 21.-26. september (IP ofl.), 6. og 7. mynd.



5. mynd. Flóastelkur *Tringa glareola*. Gerðar í Garði, 27. október 1984. Ljós. Ólafur Einarsson.



6. og 7.mynd. Fullorðinn sléttumáfur *Larus pipixcan*. Höfn í Hornafirði, september 1984. Ljós. Ib Petersen.

Dvergmáfur *Larus minutus*

Austanverð Evrópa og Mið-Asía. — Sést hér á öllum tímum árs, en er einna algengastur á vorin.

Árn: Selfoss, árgamall 7.-14. september (ÖÖ ofl.), 8. mynd.

Gull: Miðhús í Garði, árgamall 12. júní (APS, KL), árgamall 8. ágúst (EÓ).

Hafnaberg, fullu 19. júlí (APS).

Njarðvík, fullu 9. september (ESH, GP, GP, HPH).

Garðskagi, fullu 26. september (EP, ESH, ÓE).

Seltjarnarnes, fullu 20. október (EL, EP, HPH).

S-Múl: Eskifjörður, fullu 5. nóvember (BA).

Hringmáfur *Larus delawarensis*

N-Ameríka. — Sást fyrst á Íslandi 1978. Til skamms tíma óþekktur í Evrópu, en er þar nú algengasti ameríski máfurinn.

Gull: Sandgerði, tveggja ára 17. október til 10. nóvember (EP, ESH, ÓE ofl.).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, tveggja ára 25. ágúst til 26. september (IP ofl.), 9. mynd.

Ísmáfur *Pagophila eburnea*

Íshafseyjar N-Ameríku og Asíu, Svalbarði og Grænland. — Íshafsfugl, sem leitar lítið suður á bóginn á veturna. Slæðingur sést þó hér nær árlega, einkum við Norðurland.

Eyf: Akureyri, ungf 27. janúar (Jón E. Aspar).

N-Múl: Bakkagerði í Borgarfirði, ungf 6. nóvember ☆ (Ólafur Aðalsteinsson).


Rvík: Örfirisey, ungf 18.-20. janúar (Skjöldur Þorgrímsen ofl.).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, fullu 10. janúar (BA).

N-Þing: Kópasker, ungf 17. janúar (Guðmundur Baldursson, Jón Guðnason).

S-Þing: Húsavík, ungf 6. janúar, tveir ungf 21. maí, fullu 2. nóvember (SG).

Á sjó: Sporðagrunn, tveir 18. júlí (AA).



8.mynd. Árgamall dvergmáfur *Larus minutus*. Selfoss, 7. september 1984. Ljós. Örn Óskarsson.



9. mynd. Hringmáfur
Larus delawarensis,
tveggja ára, ásamt ung-
um silfurmáfi *Larus arg-
entatus* (til hægri). Höfn
í Hornafirði, í ágúst/
september 1984. Ljós-
m. Ib Petersen.

Paraperna *Sterna sandvicensis*

Slitrótt við strendur Evrópu, Mið- og Suður-
Ameríku. — Hefur aðeins sést einu sinni
áður hér á landi (Bliki 4: 7-9).

Gull: Bessastaðir á Álftanesi, 11. júní (IP,
Jón Baldur Hlíðberg).

Kolperna *Chlidonias niger*

Evrópa til Mið-Asíu, N-Ameríka. — All-
algeng hér á landi og hefur orpið hér (Bliki 2:
48-55).

Árn: Stokkseyri og nágr., ein 13.-15. júní
(Steingrímur Jónsson ofl.), par með einn
unga 17.-23. júlí (Stefán Jónsson ofl.), 10.
mynd.

Hringdúfa *Columba palumbus*

Evrópa, NV-Afríka og V-Asía. — Árviss að
vor- og sumarlagi. Hefur orpið hér.

Vestm: Heimaey, 28. apríl (SS).

Turtildúfa *Streptopelia turtur*

N-Afríka og Evrópa (nema Fennóskandía)
austur í Mið-Asíu. — Árviss, einkum að sum-
ar- og haustlagi. 11. mynd.

Gull: Varir í Garði, 10.-14. október (Hlynur
Óskarsson, ÓE ofl.), 7. nóvember (EP,
ÓE).

N-Múl: Sólbakki í Borgarfirði, 25. septemb-
er ☆ (Ólafur Aðalsteinsson).

S-Múl: Skorrastaður í Norðfirði, 20. apríl
(Þórður Júlíusson).

Rvík: Hringbraut, 6. nóvember (KM).

A-Skaft: Hof í Örafum, tvær um 20. maí,
dvöldu fram eftir sumri (Ari Magnússon,
Sigrún Sæmundsdóttir ofl.).

Höfn í Hornafirði, 18. september (IP).

Hraunkot í Lóni, 8.-9. október (EP, ESH).

Vestm: Heimaey, tvær 5. október (SS).

N-Ping: Kópasker, um 12.-19. október (Stef-
án Þóroddsson).

Gaukur *Cuculus canorus*

Evrópa, Asía og Afríka. — Fremur sjaldgæf-
ur flækingur hér á landi.

A-Skaft: Skaftafell í Örafum, 13. júní (Da-
vid Okill).

Snæugla *Nyctea scandiaca*


Nyrstu héruð Evrópu, Asíu og N-Ameríku
og N-Grænland. — Sjaldséð, en árviss og
hefur orpið hér á landi.

Árn: Sandfell í Haukadal, Biskupstungum,
tvær 10. júlí til 20. ágúst (Greipur Sig-
urðsson), ein í byrjun október (Sigvaldi
Ásgeirsson).

Gull: Brunnastaðir á Vatnsleysuströnd,
kvenf/ungf 11. mars (Hreinn Ás-
grímsson).

S-Múl: Fljótsbakki - Eiðar, Eiðapínghá,
karlf frá um 25. júní til amk 9. júlí (Guð-
mundur Þórarinnsson).

Við Grímu í Reyðarfirði, karlf 29. desemb-
er (Hilmar Hilmarsson, Þórhallur Þor-
valdsson).



10.mynd. Kolþerna *Chlidonius niger* og kría *Sterna paradisaea* (til vinstri) við Stokkseyri, 17. júlí 1984. Ljós. Erling Ólafsson.

Snæf: Hólsdalsá, Neshr., karlf 2. september (Henning Kristjánsson).

S-Þing: Veggjastykki á Mývatnsöræfum, byrjun nóvember (skv Sigurgeir Stefánssyni).

Norðmelsstykki við Jökulsá, nóvember/desember (skv Sigurgeir Stefánssyni).

Svartárvot í Bárðardal, kvenf/ungf 9. desember (Hörður Tryggvason, Tryggvi Harðarson).

Miðhálf: Laufrönd í Óðáðahrauni, júní (Páll Kjartansson), og nálægt Laufrönd í ágúst (Sigurgeir Stefánsson).

Þjófadalir á Kili, karlf 16. október (Gísli Þorsteinsson, Þorsteinn Jónsson).

1983:

Miðhálf: Háumýrar í Þjorsárverum, júlí/ágúst 1983 (Þóra Ellen Þórhallsdóttir).

Eyrugla *Asio otus*

Miðbik N-Ameríku, Evrópa og N-Afríka til Asíu. — Árviss að haust- og vetrarlagi.

Gull: Flankastaðir á Miðnesi, 17. nóvember (KM).


N-Múl: Seyðisfjörður, fundin nýdauð 25. febrúar ☆ (Emil Tómasson).

Kirkjubær í Hróarstungu, 6. desember ☆ (Jóhann Gunnarsson).

Múrsvölungur *Apus apus*

Evrópa og NV-Afríka til Mið-Asíu. — Árviss að vor- og sumarlagi.

Gull: Kópavogur, 27. apríl við Fífuhvamsveg (HÞH).



11.mynd. Fundarstaðir turtildúfna 1984. — *Records of Streptopelia turtur in 1984.*

A-Skaft: Bær í Lóni, 11. júlí (Lars Lund Hansen, Peter Lange).

Vestm: Heimaey, átta 5. júní, amk tíu 6. júní (SS), amk einn 18. júní (Jouko Hakala).

S-Ping: Kaldbakur við Húsavík, 19. september ☆ (Kristján Arnarson).

Landsvala *Hirundo rustica*

Evrópa, N-Afríka, Asía og N-Ameríka. — Algeng á vorin og hefur orpið hér alloft.

Árn: Selfoss, 4. október (ÖÖ).

Gull: Sandgerði, þrjár 4. júní, fjórar 5.-6. júní, tvær 7. júní, ein 22. ágúst (Þórhallur Ásgrímsson ofl.).

S-Múl: Neskaupstaður, 19. apríl (Þórður Júlíusson).

Mýr: Borgarnes, 25. apríl (Ingbór Friðriksson).

Rvík: Ægissíða, 24. apríl (KM).

A-Skaft: Skaftafell í Örafum, tvær 24. maí (Jakob Guðlaugsson).

Kvísker í Örafum, ein 2.-4. júní, tvær 12. júlí (HB).

V-Skaft: Norðurhjáleiga í Álftaveri, 24. apríl (Þórarinn Eggertsson).

Hraungerði í Álftaveri, ein 27. apríl, tvær 28. apríl, þrjár 1.-4. maí (Þórarinn Eggertsson).

Snæf: Öxney á Hvammsfirði, 8. júní (IP).

Vestm: Heimaey, tvær 24. apríl, sex 12.-14. júní (SS).

N-Ping: Kópasker, 4. október (Einar Magnússon).

Bæjasvala *Delichon urbica*

Evrópa, NV-Afríka og Asía. — Algeng á vorin og hefur orpið hér.

Árn: Hraun í Ölfusi, þrjár 4. maí (APS, KL, Sigrún Huld Jónasdóttir).

Sandafell (Sultartangi), tvær 2. júní (Ólafur Jensson ofl.).

Selfoss, 28. júní (ÖÖ).

Dal: Klifmýri á Skarðsströnd, mánaðamót apríl/maí (Edda Hermannsdóttir).

Gull: Sandgerði, þrjár 5.-6. júní, ein 7. júní (Þórhallur Ásgrímsson ofl.).

N-Múl: Bakkagerði í Borgarfirði, 10. september ☆ (Ólafur Aðalsteinsson).

Rvík: Boðagrandi, 15. júní (APS).

Örfirisey, 21. júní (Martin Sutherland ofl.).

A-Skaft: Kvísker í Örafum, 22. júlí (HB).

V-Skaft: Hraungerði í Álftaveri, 3.-8. júní (Þórarinn Eggertsson).

Vestm: Heimaey, tvær 10. maí (SS).

S-Ping: Húsavík, 28. september (GH, Þróstur Eysteinnsson).

Bergtittlingur *Anthus spinoletta*

Streundur N-Evrópu (strandtittlingur *A.s. petrosus* og *littoralis*), S-Evrópa (fjalltittlingur *A.s. spinoletta*) og N-Ameríka og V-Grænland (fjalltittlingur *A.s. rubescens*). Aðrar deilitegundir eru í austanverðri Asíu. — Þessi tegund er mjög sjaldgæfur flækingur hér á landi.

N-Múl: Húsey í Hróarstungu, 7. desember ☆ (Örn Þorleifsson), strandtittlingur *A. spinoletta* (*petrosus* gr.).

Silkittoppa *Bombicilla garrulus*

NA-Evrópa, N-Asía og N-Ameríka. — Stórir hópar flakka öðru hvoru út fyrir venjubundin vetrarheimkynni, þ.á.m. til Íslands.

N-Múl: Þorbrandsstaðir í Vopnafirði, 24. nóvember ☆ (Jakob Hallgrímsson).

S-Múl: Neskaupstaður, 9. ágúst (Jón Einarsson ofl.), um miðjan desember (MG).

Runntítla *Prunella modularis*

Evrópa og SV-Asía. — Sjaldgæfur flækingur.

S-Múl: Neskaupstaður, 29. nóvember (MG, SP).

Glóbrystingur *Erithacus rubecula*

Evrópa, NV-Afríka og V-Asía. — Algengur flækingur.

Gull: Háí-Bjalli, Vatnsleysuströnd, 31. október (APS, GAG, KL).

Seltjörn, Njarðvík, 31. október (APS, GAG, KL).

Þorbjörn, Grindavík, amk þrír 31. október 2☆ (APS, GAG, KL).

Hafnarfjörður, 22. nóvember (Unnur Einarsdóttir).

S-Múl: Lindarbrekka í Berufirði, frá fyrri hluta desember til amk 27. mars 1985 (Guðmundur Valur Gunnarsson).

Rvík: Laugardalur, 25. nóvember (KM).

A-Skaft: Hafnarnes í Nesjum, 7. maí (Þórarinn Sigvaldason).

Höfn í Hornafirði 27. október (EP), 30. nóvember (Guðrún Háldánardóttir, HB).

Fagurhólmsmýri í Örafum, 18. nóvember (HB).

Kvísker í Örafum, 19. nóvember ☆ (HB). Reynivellir í Suðursveit, tveir 20. nóvember

☆, tveir 13. desember til 15. apríl 1985 (BA).
 Svínafell í Örafum, desember (Jóhann Þorsteinsson).
 V-Skaft: Hraungerði í Álftaveri, tveir 24. nóvember, annar til amk áramóta (Þórarinn Eggertsson).
 S-Ping: Húsavík, 15. október til 10. apríl 1985 (GH, HeB ofl.).

Garðaskotta *Phoenicurus phoenicurus*
 Evrópa og Asía. — Allalgengur haustflæk-
 ingur.

Gull: Hafnir, karlf 3.-5. nóvember ☆ (EP, EÓ, GP, HPH).
 S-Múl: Egilsstaðir, kvenf 29. október (SP).

Vallskvettta *Saxicola rubetra*

Evrópa og V-Asía. — Fremur algengur haustflæk-
 ingur.

Gull: Vogar á Vatnsleysuströnd, kvenf/ungf 27. október (APS, JSÓ, KL).
 Sandgerði, kvenf/ungf 30.-31. október ☆ (EÓ ofl.).

Mánapröstur *Turdus torquatus*

Skandinavía, Bretlandseyjar, Mið- og S-Evrópa og SV-Asía. — Sjaldgæfur flæk-
 ingur.

A-Skaft: Reynivellir í Suðursveit, karlf 19. nóvember (BA).
 S-Ping: Laxamýri í Aðaldal, karlf 21. október (SG).

Svartþröstur *Turdus merula*

Evrópa, NV-Afríka og sunnanverð Asía. — Mjög algengur haust- og vetrargestur og hefur orpið hér á landi. Eftirfarandi athuganir eru frá 1. september 1983 til 31. ágúst 1984.

Arn: Gljúfur í Ölfusi, fullu karlf um 13. nóvember (Rósa Finnsdóttir).
 Ragnheiðarstaðir, Gaulverjabæjarhr., fullu karlf 15. nóvember (Jóhannes Kjartansson).

Selfoss, kvenf 11. desember til 29. mars, fullu karlf 13. desember til 9. febrúar (ÓÓ).

Hveragerði, karlf 7. janúar (EL, EP).
 Eyf: Grímsey, einn frá hausti fram á vetur (Sæmundur Traustason).

Gull: Stafnes á Miðnesi, kvenf 5.-12. nóvember (EÓ, KM).

Staður, Grindavík, kvenf/ungf 12.-20. nóvember (KM ofl.).

Bakki á Kjalarnesi, ungur karlf 30. janúar (HPH).

Kiðafell í Kjós, fullu karlf 14.-24. apríl (Björn Hjaltason).

A-Hún: Blönduós, janúar (Kristinn Pálsson).

N-Múl: Húsey í Hróarstungu, karlf 24. mars (Örn Þorleifsson ofl.).

Möðrudalur, Jökuldalshr., kvenf 8. júní (SG).

S-Múl: Neskaupstaður, fjórir kvenf 25. október til amk 24. janúar, tveir karlf 24. janúar (MG).

Egilsstaðir, kvenf 8.-9. nóvember, kvenf 26. janúar (Þórhallur Borgarsson), fullu karlf allan janúar til 8. febrúar, kvenf 3. apríl (SP ofl.).

Karlskáli, Helgustaðahr., ungur karlf 16. febrúar (Hallgerður Stefánsdóttir ofl.).

Mýr: Borgarnes, fullu karlf 5. nóvember (Henning Kristjánsson).

Rvík: Langholtsvegur, kvenf 13. desember fram yfir áramót (EP).

Snekkjuvogur, kvenf 20. janúar og 25.-26. mars (Lis Bergs).

Skógræktin í Fossvogi, kvenf 5. febrúar (HPH).

Fossvogsblettur, 29. febrúar (ÓE ofl.).

A-Skaft: Kvísker í Örafum, karlf frá 12. júlí 1983 til 15. október, kvenf og tveir ógr 12. nóvember, einn þeirra til 26. nóvember, ungur karlf 21. janúar, kvenf 5. maí, karlf 12 maí (HB).

Fagurhólmýri í Örafum, 11. nóvember (HB).

Skaftafell í Örafum, fullu kvenf og fullu karlf 21. nóvember (Jakob Guðlaugsson), fullu fugl 27. júlí (D. Boddington).

Svínafell í Örafum, 8. desember (Jóhann Þorsteinsson).

Hraunkot í Lóni, einn um haustið (Skafti Benediktsson), 25. desember (Sigbjörn Kjartansson).

Höfn í Hornafirði, allt að átta frá 17. nóvember, þrír kvenf og karlf nær daglega frá áramótum fram yfir 20. apríl við Boga-slóð (Guðrún Björnsdóttir), amk þrír daglega við Ránarslóð frá 20. nóvember fram að áramótum, síðan fuglar daglega til 4. apríl: kvenf 16. janúar, tveir kvenf 23. janúar til 22. mars, einn kvenf til 4. apríl, karlf 1. janúar til 25. febrúar, einn karlf að auki 23. janúar, þrír karlf 26. febrúar til 26. mars, einn karlf að auki 3.

mars (EP ofl.), fullu karlf í janúar og kvenf 15. febrúar við Miðtún (Guðrún Hálfðánardóttir), karlf í seinni hluta janúar við Kirkjubraut (Guðný Eiríksdóttir), einn í Öslandi 8. janúar (Sigbjörn Kjartansson).

V-Skaft: Mýrar í Áltaveri, karlf 20. apríl (Pórarinn Eggertsson).

Vestm: Heimaey, tveir karlf 3. desember, þrír karlf 4. desember til amk áramóta (SS).

N-Ping: Ærlækur í Öxarfirði, miður janúar til um 9. febrúar (Guðmundur Jónsson).

S-Ping: Húsavík, kvenf 3.-5. janúar (SG), fullu karlf 9.-19. febrúar (Jónas Þorsteinson ofl.).

1979:

N-Ping: Krossdalur í Kelduhverfi, „óvenju margir“ haustið 1979 (Sveinn Pórarinnsson).

Grápröstur Turdus pilaris

Evrópa til Mið-Asíu, SV-Grænland. — Mjög algengur haust- og vetrargestur og hefur orpið hér á landi. Eftirfarandi athuganir eru frá 1. september 1983 til 31. ágúst 1984.

Arn: Selfoss, 2. janúar (ÖÖ).

Eyf: Grímsey, frá hausti fram á vetur (Sæmundur Traustason).

Akureyri, einn 24. janúar til amk 20. febrúar, tveir um 18. apríl (Inga Skarphéðinsdóttir, Jón Tryggvason ofl.).

Gull: Fitjar á Miðnesi, 5.-12. nóvember (EP, ESH, GP ofl.).

Fuglavík á Miðnesi, 20. nóvember (GP).

Sandgerði, 2. janúar (Pórhallur Ásgrímsson).

Keflavík, 7. janúar (HPH).

Hafnarfjörður, amk fimm 17. apríl (Ólafur Einarsson [Hafnarf]).

S-Múl: Eskifjörður, 23.-29. desember (Helga Pálsdóttir, Páll Leifsson), náðist aðframkominn 26. janúar ☆ (Dagmar Sigurðardóttir), etv sami fugl.

Egilsstaðir, 2. janúar (SP), tveir í janúar, átta 24. janúar, fjórir 26. janúar (Pórhallur Borgarsson).

Neskaupstaður, fjórir 24. janúar (MG ofl.).

Kirkjumelur í Norðfirði, 29. janúar (Hálfðán Haraldsson).

Rang: Hvolsvöllur, þrír frá hausti fram á vor (Haukur Baldvinsson).

Skógar undir Eyjafjöllum, tveir 25. des-

ember til áramóta, einn til 5. janúar (Einar Jónsson).

Rvík: Laugardalur, þrír 27. nóvember (KM ofl.).

Grenimelur, þrír 12. desember til áramóta (EL ofl.).

Víðimelur, 20. desember til 2. febrúar (Sigrún Huld Jónasdóttir ofl.).

Unnarstígur, 7. janúar (Árni Einarsson).

A-Skaft: Kvísker í Örafum, 8.-26. nóvember, 1. desember, þrír 18. desember, þrír 24. janúar (HB).

Svínafell í Örafum, 18. desember (Jóhann Þorsteinsson).

Horn í Nesjum, 8. janúar (Sigbjörn Kjartansson).

Hafnarnes í Nesjum, átta 29. janúar ☆ (BA, Pórarinn Sigvaldason).

Borg á Mýrum, 16. febrúar (Sigurður Guðjónsson).

Höfn í Hornafirði, einn 17. nóvember, síðan allt að fimm, tveir 1. janúar, tveir til þrír til 3. apríl við Bogaslóð (Guðrún Björnsdóttir), einn 21. nóvember, 23. og 31. desember, tveir til 24. febrúar, fimm 25. febrúar, fjórir til 8. mars, sex 9.-31. mars, tveir 1.-8. apríl, einn til 19. apríl við Ránarslóð (EP ofl.), einn í seinni hluta janúar við Kirkjubraut (Guðný Eiríksdóttir), einn 9. janúar við Hlíðartún (Sigbjörn Kjartansson), tveir 5. febrúar við Byggðasafnið (Guðný H. Svavarsdóttir), einn 31. mars í Einarslundi (Páll H. Benediktsson).

Vestm: Heimaey, þrír 16. nóvember (SS), tveir 26. desember (Friðrik Jesson), einn 1. febrúar (SS).

N-Ping: Ærlækur í Öxarfirði, sex um miðjan október, einn 7.-9. febrúar (Guðmundur Jónsson).

S-Ping: Húsavík, 22. nóvember (Jón Gunnarsson, SG), 25. desember til 12. febrúar við Búðará (GH ofl.), tveir 13. febrúar á sama stað (HeB), 2.-16. janúar við Ásgarðsveg (SG ofl.).

1979:

N-Ping: Krossdalur í Kelduhverfi, tveir haustið 1979 (Sveinn Pórarinnsson).

Söngpröstur Turdus philomelos

Evrópa, V- og Mið-Asía. — Árviss að haust- og vetrarlagi.

Arn: Selfoss, 4.-10. febrúar, annar 28. febrú-

ar, 29. mars (etv sami), 5. nóvember (ÖÖ).

Gull: Sandgerði og nágr., tveir 26.-30. október, einn 7. nóvember (APS, GAG, JSÓ, KL ofl.),

Fitjar á Miðnesi, 30. október (EÓ).

Hái-Bjalli á Vatnsleysuströnd, 31. október (APS, GAG, KL).

Hafnir, 24. nóvember (APS, GAG, JSÓ, KL).

A-Skaft: Kvísker í Örafum, 22. september, 12.-13. nóvember (HB).

Reynivellir í Suðursveit, fimm 19. nóvember, þrír 20. nóvember (BA).

Mistilpröstur *Turdus viscivorus*

Evrópa (nema nyrst í Skandinavíu) og NV-Afríka til Mið-Asíu. — Sjaldgæfur flækingur.

A-Skaft: Reynivellir í Suðursveit, 19. nóvember, þrír 20. nóvember ☆ (BA).

S-Ping: Húsavík, tveir 29. október (SG).

Sefsöngvari *Acrocephalus scirpaceus*

Evrópa, N-Afríka og SV-Asía. — Sjaldgæfur flækingur hér á landi.

Á sjó: 2 sml ANA af Langanesi, N-Ping, kvenf 1. september ☆ (AA).

Hauksöngvari *Sylvia nisoria*

Mið-Evrópa austur í Mið-Asíu. — Fremur algengur flækingur.

N-Múl: Eyraaland í Fljótsdal, 25.-28. október ☆ (Sveinn Ingimarsson ofl.)

A-Skaft: Kvísker í Örafum, 3. september ☆ (HB).

Netlusöngvari *Sylvia curruca*

Evrópa til Mið-Asíu. — Allalgengur flækingur.

A-Skaft: Kvísker í Örafum, 17. september, 30. september ☆ (HB).

Höfn í Hornafirði, 19. september til 6. október (náð í net 25. sept, fullu, merktur Reykjavík 936859) (EP ofl.).

Þyrnisöngvari *Sylvia communis*

N-Afríka, sunnanverð Norðurlönd og Evrópa austur í Mið-Asíu. — Sjaldgæfur flækingur hér á landi.

A-Skaft: Kvísker í Örafum, 30. september (HB).

Garðsöngvari *Sylvia borin*

Evrópa og Mið-Asía. — Árviss haustflækingur.

Árn: Selfoss, 21.-23. október (ÖÖ).


Gull: Seltjörn, Njarðvík, 27. september (EP, EÓ).

Fitjar á Miðnesi, 3. október (EP, ESH, ÖE).

Býjasker á Miðnesi, 20. október (ÖE).

A-Skaft: Kvísker í Örafum, 22. september ☆, tveir 30. september, þrír 3. október (HB).

Höfn í Hornafirði, 21.-28. september (náð í net 25. sept, fullu, merktur Reykjavík)



12.mynd. Garðsöngvari *Sylvia borin*. Höfn í Hornafirði, 25. september 1984. Ljós. Ib Petersen.

936858), 12. mynd, annar 28. september (IP).

Reynivellir í Suðursveit, 20. október ☆ (Magnús Magnússon).

N-Ping: Blikalón, Presthólahr., 17. október (ÓKN).

S-Ping: Húsavík, 18.-27. október (SG, Þróstur Eysteinnsson), 18. nóvember (SG).

Á sjó: Berufjarðaráll, um 6. september ☆ (AA).

1982:

S-Ping: Húsavík, fundinn dauður haustið 1982 ☆ (hent) (GH, SG).

Hettusöngvari *Sylvia atricapilla*

Evrópa, NV-Afríka og V-Asía. — Mjög algengur haustflækingur. 13. mynd.

Árn: Selfoss, karlf 29. október, kvenf 2.-4. nóvember (ÖÓ ofl.).

Eyf: Akureyri, kvenf 28. október við Skólástíg, karlf 8. nóvember við Holtagötu, kvenf 27. nóvember við Víðimýri (GH).

Gull: Hvalsnes á Miðnesi, kvenf 20. október (ESH), kvenf 10.-17. nóvember (KM ofl.).

Grindavík, kvenf 21. október (GP, GP, HPH, KM).

Hafnir, karlf 28. október til 3. nóvember (EP, HPH, HeB ofl.), tveir kvenf 17. nóvember, kvenf 24. nóvember (GP, KM, ÖE ofl.).

Útskálar í Garði, kvenf 30. október til 7. nóvember (EÓ ofl.), karlf 14. nóvember (EP, ÖE).

Miðhús í Garði, karlf 7. nóvember (EP, ÖE).

Stafnes á Miðnesi, karlf 7. nóvember (ESH, HeB).

N-Múl: Einarstaðir í Vopnafirði, kvenf 14. nóvember ☆ (Pétur Valdimar Jónsson).


Seyðisfjörður, karlf um 15. nóvember (Guðmundur Hjalti Stefánsson).

S-Múl: Neskaupstaður, fyrri hluti nóvember (MG).

Rang: Skógar undir Eyjafjöllum, fundinn nýdauður 2. nóvember ☆, karlf 5. desember (Jón Einarsson).

Tumastaðir í Fljótshlíð, tveir karlf og einn kvenf 23. nóvember.

Rvík: Grenimelur, karlf 27. nóvember 1983 til janúar, annar karlf 3. desember 1983 til janúar (EL ofl.), sjá einnig skýrslu 1983.



13. mynd. Staðir þar sem hettusöngvarar sáust haustið 1984 og fjöldi fugla. — *Distribution and numbers of Sylvia atricapilla in autumn 1984.*

Snekkjuvogur, karlf 3. janúar (Lis Bergs).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, kvenf 13. október 1983 til 19. apríl (Guðrún Björnsdóttir ofl.), sjá einnig skýrslu 1983, karlf 22. janúar (BA), kvenf 29. október, tveir kvenf 15. nóvember (EP).

Kvísker í Örafum, karlf 3.-4. október, kvenf 16.-17. október, þrír kvenf 20. október ☆, kvenf 26. október, fjórir karlf og tveir kvenf 29. október 6☆, karlf og kvenf 1.-12. nóvember, tveir karlf að auki 12. nóvember, kvenf fundinn nýdauður 13. nóvember ☆, kvenf fundinn nýdauður 14. nóvember ☆, karlf og kvenf 15. nóvember, þrír 17. nóvember, einn til 19. nóvember (HB).

Reynivellir í Suðursveit, kvenf 15. október (EP, ESH), tveir kvenf og tveir karlf 11. nóvember 4☆, 17. nóvember ☆, amk tíu 18.-19. nóvember (BA).

Skaftafell í Örafum, karlf 30. nóvember (HB).

Hraunkot í Lóni, karlf fundinn dauður um miðjan desember ☆ (Skafti Benediktsson).

S-Ping: Húsavík, kvenf 27. október, kvenf 4. nóvember (SG), karlf 11.-16. nóvember, kvenf 12. nóvember (Þróstur Eysteinnsson).

Öxará í Bárðardal, kvenf 19. nóvember (ÓKN).

Á sjó: Vestfjarðamið, karlf í september ☆ (Jón Pálmason).

14. mynd. Hnoðrasöngvari *Phylloscopus inornatus* við Útskála í Garði, 26. september 1984. Ljósm. Erpur Snær Hansen.



Hnoðrasöngvari *Phylloscopus inornatus*

N- og Mið-Asía. – Fremur sjaldgæfur flæk-
ingur.

Gull: Útskálar í Garði, 26.-27. september ☆
(EP, ESH, ÓE ofl.), 14. mynd.

Seltjörn, Njarðvík, 28. september ☆ (Árni
Einarsson, KL).

S-Múl: Neskaupstaður, október til 13. nóv-
ember (MG).

A-Skaft: Kvísker í Örafum, 22.-23. septem-
ber ☆ (HB).

Höfn í Hornafirði, 22. september (náð í
net, merktur Reykjavík 936854) (IP), 15.
mynd.

Grænsöngvari *Phylloscopus sibilatrix*

Evrópa til Úralfjalla. – Fremur sjaldgæfur
flæk-
ingur.

Gull: Þorbjörn, Grindavík, 4. október ☆
(APS, JSÓ, KL).

Gransöngvari *Phylloscopus collybita*

Evrópa og Asía. – Algengur haustflæk-
ingur.

Gull: Seltjörn, Njarðvík, 26. október ☆
(APS, GAG, JSÓ, KL ofl.).

Fítjar á Miðnesi, 27. október ☆ (ESH, GP,
GP, ÓE).

Vogar á Vatnsleysuströnd, 29. október ☆
(APS, GAG, JSÓ, KL).

Þorbjörn, Grindavík, þrír 31. október 3☆
(APS, GAG, KL).

Þórustaðir á Miðnesi, 3. nóvember ☆ (EÓ).

Garður á Miðnesi, 3. nóvember ☆ (EÓ).

Staður, Grindavík, 3. nóvember ☆ (EP,
EÓ, GP, HPH).

Sandgerði, 5. nóvember ☆ (Erla Kristins-
dóttir).

Garðskagi, 7.-10. nóvember ☆ (EP, ÓE
ofl.).

Rvík: Skógræktin í Fossvogi, tveir 30. októ-
ber 2☆ (APS, GAG, JSÓ, KL ofl.).

N-Múl: Hyannstöð í Borgarfirði, tekinn af
ketti 22. október ☆ (Anna Jónsdóttir)

Húsey í Hróarstungu, 16. nóvember ☆
(SP).

S-Múl: Gilsárteigur í Eiðapinghá, um 7.-24.
nóvember (þá fundinn dauður) ☆ (Kristín
Snæþórsdóttir).

Djúpivogur, 7. nóvember (HB).

A-Skaft: Kvísker í Örafum, 30. september
☆, sjö 20. október 2☆, þrír 21. október
☆, fjórir 22. október 3☆, tveir 23. októ-
ber, tveir 26.-29. október ☆, tveir 1. nóv-
ember ☆, þrír 2.-11. nóvember, fimm 12.



15. mynd. Hnoðrasöngvari *Phylloscopus inornatus*. Höfn í Hornafirði, 22. september 1984. Ljós. Ib Petersen.

nóvember, sex 13. nóvember, einn 15.-18. nóvember, fjórir að auki 18. nóvember, tveir til 15. desember, fjórir að auki 25. nóvember (HB).

Svínafell í Örafum, 21. október (HB).

Fagurhólmseyri í Örafum, 25. október, 18. nóvember (HB).

Laufsöngvari *Phylloscopus trochilus*

Evrópa og norðanverð Asía. – Algengur haustflækjgur.

Gull: Seltjörn, Njarðvík, 26. október ☆ (APS, GAG, JSÓ, KL ofl.).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, 30. ágúst til 16. september (náð í net 30. ágúst, ungf, merktur Reykjavík 923670), 16. mynd, 31. ágúst til 15. september (náð í net 31. ágúst, ungf, merktur Reykjavík 923672) (IP), 7. október ☆ (EP, ESH).

Kvísker í Örafum, fjórir 30. september 4☆, einn 1. október ☆ (HB).

Vestm: Heimaey, 15. september ☆ (SS ofl.). **1983:**

N-Múl: Hvannstöð í Borgarfirði, fundinn dauður 9. maí 1983 ☆ (Anna Jónsdóttir)

Ógreindir *Phylloscopus* söngvarar

Í sumum tilvikum er þess getið hvaða tegund fuglinn var talinn vera.

Arn: Snæfoksstaðir í Grímsnesi, „laufs“ 18. ágúst (ÓÓ).

Selfoss, „grans“ 29. október, tveir „grans“ 2.-10. nóvember, einn „grans“ að auki 6. nóvember, fjórir „grans“ 11. nóvember, einn „grans“ 12.-14. nóvember (ÓÓ).

Laugarás í Biskupstungum, „grans“ 28. október (ÓE).

Dal: Klifmýri, Skarðshri, síðast í október (Edda Hermannsdóttir).

Eyf: Akureyri, „grans“ 4. nóvember (GH).

Gull: Gerðar í Garði, „laufs“ 19. september, „laufs“ 26. september (EP, ESH, ÓE).

Þorbjörn, Grindavík, tveir „grans“ 20. október (ESH, GP, GP, ÓE).

Stafnes á Miðnesi, „grans“ 20. október (ESH, GP, GP, ÓE).

Flankastaðir á Miðnesi, „grans“ 27. október (ESH, GP, GP, ÓE ofl.).

Hvalsnes á Miðnesi, 28. október (HPH).

Þórustaðir á Miðnesi, „grans“ 31. október (ESH, ÓE).

Útskálar í Garði, „grans“ 31. október (ESH, ÓE).

Sandgerði, „grans“ 7. nóvember (EP, ÓE, Þórhallur Ásgrímsson ofl.).

Garðabær, „grans“ 25. nóvember (Jón Baldur Hlíðberg)

S-Múl: Egilsstaðir, tveir 2. nóvember (SP).

Neskaupstaður, haust til 13. nóvember (MG).

Rvík: Breiðholt, 31. október við Urðarstekk (HeB).

Keldur, „grans“ 11. nóvember (EP, ESH, HPH, JÓH, ÓE).

A-Skaft: Hjarðarnes í Nesjum, lok ágúst til 3. september (IP ofl.).

Svínafell í Örafum, 14. október (EP, ESH, HB).

Höfn í Hornafirði, fjórir 20.-29. október, einn að auki 21. október, einn 30. október til 3. nóvember, tveir 4. nóvember til 9. desember, einn að auki 12. nóvember (EP ofl.).

Reynivellir í Suðursveit, amk átta „grans“ 19. nóvember, fjórir „grans“ 27. nóvember, tveir „grans“ 5. desember, tveir „grans“ 10. desember (BA).

S-Ping: Húsavík, tveir 15. október (GH, HeB), fimm „grans“ 27. október, tveir „grans“ 28. október, amk fimm „grans“ 30. október, tveir „grans“ 1. nóvember, einn „grans“ 4. nóvember, tveir „grans“ 24.-25. nóvember (SG ofl.).



16. mynd. Laufsöngvari
Phylloscopus trochilus.
Höfn í Hornafirði, 30.
ágúst 1984. Ljósma. Ib
Petersen.

Glókollur *Regulus regulus*

Evrópa og slitrótt í Asíu. — Allalgengur flækingur.

S-Múl: Starmýri, Geithellnahr., einn um haustið ☆ (Helgi Garðarsson).

A-Skaft: Kvísker í Örafum, karlf 13. október (EP, ESH, HB).

Höfn í Hornafirði, fundinn dauður 18. nóvember ☆ (Jón Benediktsson).

Grágrípur *Muscicapa striata*

N-Afríka og Evrópa austur í Mið-Asíu. — Allalgengur flækingur hér á landi.

A-Skaft: Kvísker í Örafum, 1.-2. október ☆ (HB).

Á sjó: Berufjarðaráll (20 sml frá landi), um 6. september ☆ (AA).

Flekkugrípur *Ficedula hypoleuca*

Evrópa austur í Mið-Asíu og N-Afríka. — Fremur sjaldgæfur flækingur hér á landi.

A-Skaft: Hraunkot í Lóni, 8. október ☆ (EP, ESH).

Dvergkráka *Corvus monedula*

Evrópa, NV-Afríka og V-Asía. — Allalgengur flækingur.

Gull: Hafnarfjörður, 20. nóvember til 1985 (Ólafur Torfason ofl.).

Vestm: Heimaey, ein 28. október til 6. nóvember, tvær 7. nóvember til 30. desember (SS), síðan ein til amk 25. október 1985 (Ingi Sigurjónsson).

Bláhrafn *Corvus frugilegus*

Evrópa og Asía. — Algengur flækingur hér á landi, en mikil áraskeipti í fjölda.

Eyf: Akureyri, 7.-13. febrúar (ÓKN).

S-Múl: Djúpvogur, október 1983 til 2. apríl (Ingimar Sveinsson), sjá einnig skýrslu 1983.

Egilssstaðir, ungf frá miðjum janúar til 9. febrúar (SP ofl.).

Kirkjumelur í Norðfirði, 25. mars ☆ (Hálf-dán Haraldsson).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, fullu 30. janúar (BA).

Hnappavellir í Örafum, einn frá 1983 fram í febrúar (HB), sjá einnig skýrslu 1983.

Svínafell í Örafum, ungf í nokkra daga um 30. október (HB ofl.).

Vestm: Heimaey, 2.-3. maí (SS).

N-Þing: Kópasker, ungf 23.-31. janúar (Guðmundur Baldursson ofl.).

1983:

Vestm: Heimaey, tveir í febrúar 1983 (Lars Abrahamsen).

Grákráka *Corvus corone cornix*

Evrópa og Asía. — „Grákrákur“ eru alltíðar hér á landi, en þó mun sjaldséðari en bláhrafn og dvergkráka.

N-Múl: Bakkagerði í Borgarfirði, 10. mars (Ólafur Aðalsteinsson).

V-Skaft: Hraungerði í Álftaveri, 25.-27. maí, 24. ágúst til amk 13. febrúar 1985 (Pórarinn Eggertsson).

Gráspör *Passer domesticus*

Upphafleg heimkynni: Evrópa og N-Afríka, en verpur nú víða um heim vegna flutninga af mannavöldum. – Fremur sjaldgæfur flæk-
ingur, en hefur orpið á nokkrum stöðum, m.a. á Borgarfirði eystra frá 1971-1980.

N-Múl: Bakkagerði í Borgarfirði, kvenf allt árið (Ólafur Aðalsteinsson), sjá einnig fyrri skýrslur.

A-Skaft: Hof í Örafum, par um 10. september til 1985 (Sigrún Sæmundsdóttir).

Græningi *Vireo olivaceus*

N-Ameríka og norðanverð S-Ameríka. – Sjaldgæfur flæk-
ingur hér á landi og fremur sjaldgæfur í Evrópu.

Gull: Þorbjörn, Grindavík, 4. október ☆ (APS, JSÓ, KL).

Bókfinka *Fringilla coelebs*

Evrópa, N-Afríka og V-Asía. – Algengur flæk-
ingur.

S-Múl: Neskaupstaður, 18. september 1983 til amk 24. janúar (MG), sjá einnig skýrslu 1983.

Seyðisfjörður, karlf 19. júlí (Lars Lund Hansen).

Húsey í Hróarstungu, karlf 15. nóvember ☆ (Örn Þorleifsson).

A-Skaft: Kvísker í Örafum, karlf 10.-11. apríl, karlf 24. október (HB).

Fjallafinka *Fringilla montifringilla*

N- og NA-Evrópa og norðanverð Asía til Kyrrahafs. – Algeng vor og haust og hefur orpið hér nokkur undanfarin ár.

Gull: Þorbjörn, Grindavík, 4. október ☆ (APS, JSÓ, KL).

Vogar á Vatnsleysuströnd, 29. október ☆ (APS, GAG, JSÓ, KL).

S-Múl: Hallormsstaður, karlf 27. maí til 27. júní (Björn Björnsson, Kolbrún Sigurbjörnsdóttir).

Rvík: Skógræktin í Fossvogi, kvenf og ógr 23. maí (HÞH).

Ellihðavogur, 13. desember (Ævar Einarsson).

A-Skaft: Kvísker í Örafum, kvenf 20.-23. maí, karlf og kvenf 29. maí til 6. júní (HB).

Svínafell í Örafum, kvenf 14. október (EP, ESH, HB), tveir seint í október (Jóhann Þorsteinsson).

Höfn í Hornafirði, ein í júní (BA), karlf 28. nóvember til 29. desember (EP ofl.).

S-Ping: Húsavík, kvenf og karlf 17.-21. október (SG, Þröstur Eysteinnsson).

1983:

Rang: Gunnarsholt, tvær sumar 1983 (Sigurður Ásgeirsson).

Barrfinka *Carduelis spinus*

Slitrótt í Evrópu og Asíu. – Allalgengur flæk-
ingur hér á landi.

A-Skaft: Hraunkot í Lóni, karlf 8. október (EP, ESH).

S-Ping: Húsavík, karlf 15.-23. október (GH, HeB ofl.), kvenf 17.-18. október (SG ofl.).

Rósafinka *Carpodacus erythrinus*

NA-Evrópa og miðbik Asíu til Kyrrahafs. – Allalgengur flæk-
ingur í V-Evrópu, en sjaldgæfur hér á landi.

A-Skaft: Kvísker í Örafum, kvenf 1.-6. júní (HB).

Dómpápi *Pyrrhula pyrrhula*

Evrópa og Asía. – Fremur sjaldgæfur flæk-
ingur.

N-Múl: Vopnafjörður, kvenf 13. nóvember (Ástríður Jóhanna Gunnarsdóttir ofl.).

S-Múl: Neskaupstaður, tveir karlf og tveir kvenf 5.-7. febrúar (MG).

Grænskrikja *Dendroica virens*

Austanverð N-Ameríka. – Mjög sjaldséð í Evrópu og hefur ekki fundist hér áður.

Rvík: Sundahöfn, ungur kvenf fundinn dauður í skipi 19. september (Ragnar Guðmundsson), sjá Blika 4: 57-67.

Sportittlingur *Calcarius lapponicus*

Skandinavía, Íshafslönd Asíu og Ameríku, V- og SA-Grænland. – Óreglulegur fargestur hér á landi á leið sinni milli Grænlands og Evrópu.

A-Barð: Skálmarnes, Múlahr., fullu karlf 23. júlí (A. Martinez, A. Motis, Francois Sagot, Philippe Sagot).

Gull: Garðskagi, tveir kvenf/ungf 16. september (EP, GP), kvenf/ungf 31. október (ESH, ÓE).

Hafurbjarnarstaðir á Miðnesi, kvenf/ungf 26. september (EP, ESH, ÓE).

Arfadalsvík, Grindavík, kvenf/ungf 14. október (EÓ, GP, HPH, ÓE).

Á sjó: Berufjarðaráll, ungur karlf um 6. september ☆ (AA).

Gultittlingur *Emberiza citrinella*

Evrópa og miðbik Asfu til Kyrrahafs. – Sjaldgæfur flækingur hér á landi.

Gull: Stafnes á Miðnesi, kvenf/ungf 20. október (ESH).

Leiðrétting Correction

Æðarkóngur *Somateria spectabilis*

1983:

Gull: Seltjarnarnes, fullu karlf 4. apríl (KM).

Sagður ranglega hafa sést í nóvember í skýrslu 1983.

Athugendur

A. Martinez, A. Motis, Aðalgeir Þorgrímsson, Aldís Bjarnardóttir, Anna G. Bjarnardóttir, Anna Jónsdóttir, Ari Albertsson (AA), Ari Magnússon, Ari B. Sigurðsson, Árni Einarsson, Árni Waag Hjálmarsson, Arnór P. Sigfússon (APS), Arnþór Garðarsson (AG), Ásmundur Reykdal, Ástríður Jóhanna Gunnarsdóttir, Atli Snæbjörnsson, Auðunn Haraldsson.

Benedikt Þorsteinsson, Björn Arnarson (BA), Björn Björnsson, Björn Hjaltason, Brynjúlfur Brynjólfsson.

D. Boddington, Dagmar Sigurðardóttir, Dave White, David Okill.

Edda Hermannsdóttir, Einar Jónsson, Einar Lúðvíksson (EL), Einar Magnússon, Einar Þorleifsson (EP), Eiríkur Helgason, Elínborg Pálsdóttir (EP), Emil Tómasson, Erla Kristinsdóttir, Erling Ólafsson (EO), Erpur Snær Hansen (ESH).

Francois Sagot, Friðrik Jesson, Friðrik Jónsson.

Gaukur Hjartarson (GH), Gísli Þorsteinsson, Greipur Sigurðsson, Guðmundur Baldursson, Guðmundur A. Guðmundsson (GAG), Guðmundur Valur Gunnarsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Hjalti Stefánsson, Guðmundur Þórarinnsson, Guðný Eiríksdóttir, Guðný H. Svavarsdóttir, Guðrún Björnsdóttir, Guðrún Hálfðánardóttir, Gunnar Guðmundsson, Gunnlaugur Pétursson (GP), Gunnlaugur Þráinsson (GP).

Hálfðán Björnsson (HB), Hálfðán Haraldsson, Halldór Gunnarsson, Halldór Stefánsson, Hallgerður Stefánsdóttir, Hannes Guðlaugsson, Hannes Þór Hafsteinsson (HPH), Haraldur Grétarsson, Haukur Baldvinsson, Haukur Jóhannesson, Helga Pálsdóttir, Helgi Garðarsson, Henning Kristjánsson, Hermann Bárðarson (HeB), Hilmar Hilmarsson,

Hlynur Óskarsson, Holger Dietz, Hrafn Óskarsson, Hreinn Ásgrímsson, Hörður Tryggvason.

Ib Petersen (IP), Inga Skarphéðinsdóttir, Ingi Sigurjónsson, Ingimar Sveinsson, Ingbór Friðriks-son.

Jakob Guðlaugsson, Jakob Hallgrímsson, Jóhann Gunnarsson, Jóhann Helgason, Jóhann Óli Hilmarsson (JÓH), Jóhann Þorsteinsson, Jóhannes Kjartansson, Jón E. Aspar, Jón Benediktsson, Jón Einarsson, Jón Guðmundsson, Jón Guðnason, Jón Gunnarsson, Jón Baldur Hlíðberg, Jón Trausti Jónsson, Jón S. Ólafsson (JSÓ), Jón Pálmason, Jón Sveinbjörnsson, Jón Tryggvason, Jónas Þorsteinsson, Jouko Hakala, Júlí Hjörleifs-son.

Kjartan Magnússon (KM), Kolbrún Sigurbjörnsdóttir, Kristín Snæþórsdóttir, Kristinn Páls-son, Kristinn Haukur Skarphéðinsson (KHS), Kristján Arnarson, Kristján Lilliendahl (KL).

Lars Abrahamsen, Lars Lund Hansen, Lis Bergs, Loftur Þorsteinsson.

Magnús Guðmundsson (MG), Magnús Magnússon, Martin Sutherland.

Ólafur Aðalsteinsson, Ólafur Einarsson [Hafnarf], Ólafur Einarsson [Rvík] (ÓE), Ólafur Jens-son, Ólafur Karl Nielsen (ÓKN), Ólafur Torfa-son.

Páll H. Benediktsson, Páll Björnsson, Páll Cecilsson, Páll Kjartansson, Páll Leifsson, Peter Lange, Pétur Valdimar Jónsson, Philippe Sagot.

Rafn Sigurðsson, Ragnar Guðmundsson, Ragnar Runólfsson, Ronald J. Fearn, Rósa Finnsdóttir.

Sigbjörn Kjartansson, Sigfús A. Schopka, Sigrún Huld Jónasdóttir, Sigrún Sæmundsdóttir, Sigur-geir Sigurgeirsson, Sigur-geir Sigurðsson (SS), Sigur-geir Stefánsson, Sigurður Ásgeirsson, Sigurður Blöndal, Sigurður Gunnarsson (SG), Sigurður Guðjónsson, Sigvaldi Ásgeirsson, Skafti Benediktsson, Skarphéðinn Þórisson (SP), Skjöldur Þorgrímsson, Skúli Björn Gunnarsson, Sólvæg Þórarinsdóttir, Stefán Jónsson, Stefán Þóróddsson, Steinar Björgvinsson, Steingrímur Jónsson, Sveinn Ingimarsson, Sveinn Þórarinnsson, Sverrir Thorstensen, Sverrir Vilhjálmsson, Sæmundur Traustason.

Thor Klausen, Tryggvi Harðarson.

Unnur Einarsdóttir.

Viktor Sigurjónsson, Völundur Jóhannesson.

Zophonías Þorvaldsson.

Póra Ellen Þórhallsdóttir, Þórarinn Eggertsson, Þórarinn Sigvaldason, Þórður Júlíusson, Þórhallur Borgarsson, Þórhallur Þorvaldsson, Þórhallur Ásgrímsson, Þorsteinn Einarsson [Garði], Þorsteinn Einarsson [Rvík], Þorsteinn Ingólfsson, Þorsteinn Jónsson, Þorvaldur Skaftason, Þröstur Eysteins-son.

Ævar Einarsson, Ævar Petersen, Ævar Rafns-son.

Örlygur Kristinnsson, Örn Jensson, Örn Ósk- arsson (ÖÓ), Örn Þorleifsson.

HEIMILDIR

- Erling Ólafsson 1986. Kolþernur verpa öðru sinni við Stokkseyri. Bliki 5: 3-5.
Gunnlaugur Pétursson og Erling Ólafsson 1985. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1983. Bliki 4: 13-39.
Kristinn Pálsson 1986. Sjaldgæfir fuglar í Húnaþingi. Húnavaka 26: 83-89.
Voous, K.H. 1977. List of Recent Holarctic Bird Species. British Ornithologists' Union 1977.
Ævar Petersen 1985. Nýjungar um flækingsfugla á Íslandi. Bliki 4: 57-67.

SUMMARY

Rare birds in Iceland in 1984

Annual reports on rare and vagrant birds in Iceland have been published since 1979, and from 1981 in this bulletin. The first two reports are now out of print.

The records published have been approved by a committee of 11 members. Each member has submitted a written approval or disapproval of each record to the secretaries of the committee. If the committee members are themselves observers they abstain. At a joint meeting the records which have been disapproved by one or more member are discussed further. Upon a second vote all records with none or only one vote of disapproval, are published in these annual reports.

In general 1984 is not very different from previous years (except 1983), with respect to number of species and individuals, but 94 species from 1984 are listed in this report.

Unusually many *Pagophila eburnea* were seen, and also relatively many female *Somateria spectabilis*.

Streptopelia turtur and *Phylloscopus inornatus*. Some passerine vagrants showed up in great numbers, such as *Sylvia atricapilla*.

This year two species new to Iceland were seen: *Larus pipixcan* was observed in SE Iceland in late September, and *Dendroica virens* was found dead on board a ship in Reykjavík harbour in September. The last species is put on a side list due to the circumstances of the finding (Ævar Petersen 1985).

Some very rare species were reported: Two *Aix sponsa*, flocks of *Oxyura jamaicensis* at two localities, *Falco peregrinus*, *Porzana porzana*, *Tryngites subruficollis* (two individuals), *Tringa nebularia*, *Actitis macularia*, *Sterna sandvicensis*, *Anthus spinoletta*, and *Vireo olivaceus*.

Chlidonias niger nested near Stokkseyri, SW Iceland, as in 1983, and one young hatched (Erling Ólafsson 1986). A male *Scolopax rusticola* was found singing at a site in NE Iceland, and two territorial males at Egilsstaðir, E Iceland, but breeding was not confirmed.

For every record on the species list the following details are given: (1) county (abbreviated in italics), (2) locality, (3) number of birds (if more than one), (4) sex and age, if known, (5) date, (6) observers (in parentheses), (7) publication, if applicable.

The following abbreviations are used: karlf = male, kvenf = female, fullu = adult, ungf = immature, ☆ = collected or found dead.

Gunnlaugur Pétursson, Dalalandi 8, 108 Reykjavík.

Erling Ólafsson, Náttúrufræðistofnun Íslands, pósthólf 5320, 125 Reykjavík.

Vepjuvarp í Eyjafirði 1985

Snemma í maí 1985 sá Magnús Lorenzson fjórar vepjur *Vanellus vanellus* við Syðra-Laugaland í Eyjafirði. Héldu þær sig í mýri neðan bæjarins norðan við veginn sem liggur yfir Eyjafjarðará.

Pann 21. maí fóru Ólafur Karl Nielsen, Sverrir Thorstensen og Hjálmar R. Bárðarson að Syðra-Laugalandi. Þeir gengu um mýrina og sáu fljótlega vepju-par sem átti þar óðal. Fuglarnir vældu að gestunum og réðust einnig að kjóa *Stercorarius parasiticus*, grágæs *Anser anser* og þriðju vepjunni sem kom fljúgandi úr norðri. Einnig sást fjórða vepjan á biðilsflugi yfir mýrinni einn til tvo km norðar.

Pann 30. maí leit Ólafur Karl Nielsen yfir mýrina af veginum án þess að ganga um hana en varð ekki var við vepjur. Daginn eftir leit Sverrir Thorstensen yfir svæðið í fjarsjá og sá eina vepju í ætisleit og á flugi. Ólafur Karl, Ólafur Einarsson og Einar Þorleifsson litu yfir svæðið 8. júní og sáu þeir par í ætisleit.

Pann 21. júní fór höfundur fram að Syðra-Laugalandi. Athugun fór fram með sama hætti og í síðustu þrem heim-sóknum, þ.e. aðeins var horft yfir mýrina af veginum án þess að ganga um hana. Að þessu sinni sást aðeins ein fullorðin vepja en með henni voru tveir hálfvaxnir ungar. Fullorðna vepjan hélt



Vepja *Vanellus vanellus*. Teikning Jón Baldur Hlíðberg.

sig mest á smáhól þar sem útsýni var gott yfir mýrina á milli þess sem hún stuggaði við stelkum *Tringa totanus* sem gerðust of nærgöngulir við ungana. Einnig réðst vepjan að kjóa sem flaug yfir. Ungarnir voru í stöðugri ætisleit í mýrinni ásamt allmörgum stelksungum. Auðvelt var að fylgjast með þeim frá veginum nema þegar hættu þar að höndum, því þá lögðust þeir í felur. Vepjuungarnir voru auðgreindir frá stelksungum bæði á lit og atferli. Þeir voru ljósir á kvið og í vöngum líkt og fullorðnar vepjur en stelksungar eru aldökkir. Einnig var mikill munur á atferli þeirra við ætisleitina og þar það keim af hegðan fullorðinna fugla. Stelksungarnir gengu áfram með rykkjum og skrykkjum en vepjuungarnir gengu rólega um líkt og heiðlóungar *Pluvialis apricaria*, stóðu kyrrir og stungu síðan höfðinu snöggt niður, þegar þeir komu auga á girnilegan bita.

Næsta dag fór Ólafur Karl Nielsen enn á staðinn og sá hann einnig eina fullorðna vepju með tvo unga. Hjálmar R. Bárðarson, Kjartan G. Magnússon og María Hafsteinsdóttir fóru á staðinn 24 júní. Þau sáu einnig fullorðna vepjuna með ungana tvo á varpstaðnum en auk þess þrjár fullorðnar vepjur sem flugu hjá. Gunnlaugur Pétursson leit eftir vepjunum 1. júlí en varð þeirra ekki var. Tveimur dögum síðar sá hann hins vegar eina fullorðna vepju sem vældi. Það var í síðasta sinn sem vepja sást við Syðra-Laugaland þetta sumar.

Ólafur Karl, Gunnlaugur Pétursson, Ólafur Einarsson og Einar Þorleifsson heimsóttu varpstaðinn 6. júlí en urðu ekki varir við vepjur þrátt fyrir að þeir gengu um mýrina. Þetta var síðasta heimsókn fuglaskoðara á varpstaðinn. Hugsanlegt er, að fuglarnir hafi flutt sig til, en einnig er sá möguleiki fyrir hendi að ungarnir hafi drepist, því að þegar vepjur hafa komið upp ungum á Íslandi hafa fuglarnir haldið sig við varpstaðinn

allt fram í ágúst (Jón Baldur Sigurðsson 1967).

Samkvæmt stærð ungangna þegar þeir sáust fyrst 21. júní gætu þeir hafa verið orðnir um hálfsmánaðar gamlir. Þeir hafa þá klakist út í byrjun júní. Í lok maí sást aðeins annar fullorðni fuglinn. Hinn fuglinn hefur þá líklega legið á hreiðri. Báðir fullorðnu fuglarnir sáust hins vegar 8. júní og er því líklegt að ungarnir hafi þá þegar verið komnir úr hreiðri, þó að athugendur hafi ekki orðið þeirra varir.

Útungunartími vepju er um 27 dagar (Cramp & Simmons 1983), og því hefur parið í Eyjafirði orpið um eða fyrir miðjan maí. Þetta er í fimmta sinn sem vepja verpur á Íslandi svo vitað sé (Finnur Guðmundsson 1964, Jón Baldur Sigurðsson 1967, Erpur Snær Hansen 1983).

Að lokum skulu öllum athugendum þakkaðar veittar upplýsingar.

HEIMILDIR

- Erpur Snær Hansen 1983. Vepjuvarp í Meðallandi 1983. Bliki 2: 42-43.
- Finnur Guðmundsson 1964. Íslenskir varpfuglar. Bls. 367-382. R.T. Peterson, G. Mountfort og P.A.D. Hollom 1954, Fuglar Íslands og Evrópu (Finnur Guðmundsson þýddi og staðfærði 1962). 2. útg. Reykjavík.
- Jón B. Sigurðsson 1967. Nýr varpfugl á Íslandi - Vepja (*Vanellus vanellus*). Náttúrufræðingurinn 37: 170-178.
- Cramp, S. & K.E.L. Simmons (ritstj.) 1983. The Birds of the Western Palearctic Vol. 3. Oxford.

SUMMARY

Lapwing *Vanellus vanellus* nests in Eyjafjörður, N-Iceland, 1985

Lapwings were found breeding at Syðra-Laugaland in Eyjafjörður, N-Iceland, in summer 1985. Four adult birds were seen during May, and in June an adult bird was seen with two young. This is the fifth known breeding record of the Lapwing in Iceland.

Gunnlaugur Þráinsson, Klapparási 3, 110 Reykjavík

FRÁ FUGLAVERNDARFÉLAGI ÍSLANDS

Fræðslufundir Fuglaverndarfélags Íslands veturinn 1985-1986

Á vegum Fuglaverndarfélags Íslands voru haldnir 4 fræðslufundir veturinn 1985-86. Árni Einarsson, líffræðingur, sagði frá rannsóknnum sínum á húsöndinni við Mývatn, Sölvi Sveinsson cand. mag. rakti sögu fuglaveiða og eggjatöku í Drangey og Hjálmar R. Bárðarson sýndi litskyggjur þaðan, Kristinn H. Skarphéðinsson, líffræðingur, sagði frá niðurstöðum könnunar á stærð hafarnarstofnsins hérlendis ásamt því að sýnd var kvikmynd Magnúsar Jóhannssonar, og loks flutti dr. Páll Hersteinsson erindi um íslenska refinn.

Húsöndin og Mývatn (21. nóvember 1985)

Árni Einarsson hefur undanfarin ár unnið að rannsóknum á húsöndum við Mývatn. Hafa rannsóknirnar einkum beinst að því að finna hvernig fæðan hefur áhrif á dreifingu húsanda á varpstöðvunum (sjá Blika 4: 67-69). Eins og kunnugt er þá verpir húsöndin hér á landi svo til eingöngu við Mývatn. Vetrarstöðvar hennar eru einnig fyrst og fremst í Mývatnssveit, en eitthvað af húsöndum er á Suðurlandi á veturna.

Fyrirlesari gerði í upphafi grein fyrir vetrarstöðvum húsanda og skýrði frá því, að fuglarnir parast á haustin. Seinni hluta vetrar og snemma vors setjast þeir að á varpstöðvunum. Þar ver hvert par ákveðið svæði vatns fyrir ágangi annarra para. Stærð svæðanna er mjög breytileg.

Hreiður húsandanna eru í hraunholum og, eins og nafnið gefur til kynna, í ýmiskonar byggingum. U.þ.b. 10% af húsandarkollum verpa í þar til gerðum hreiðurkössum og eru egg þeirra nokkur búbot fyrir heimamenn. Hver kolla verpir um 10 eggjum, einu á dag. Í sumum hreiðrum eru oft fleiri egg, því stundum verpa kollurnar einnig í önnur hreiður en sín eigin. Ekki er til nein skýring á þessu háttarlagi. Eftir að ungarnir klekjast úr eggjum heldur kollan með þá út á vatnið, en áður hefur steggurinn sagt skilið við maka sinn og farið út á vatn til að fella fjaðrir.

Á meðan kollan liggur á er hún mjög gæf og má auðveldlega ná henni á hreiðri. Hefur Árni þannig getað litmerkt marga fugla á fótum og eins aldursgreint þá. Það er hægt að gera með því að athuga hversu mikið grátt er

í væng fuglanna. Af litmerkjunum má þekkja einstaka fugla og því hægt að fylgjast með ferðum þeirra. Fuglum hefur einnig verið náð og þeir merktir með því að smala þeim saman þegar þeir eru í fjaðrafelli.

Helstu uppeldissvæði húsandar eru á efsta hluta Laxár og safnast kollur allsstaðar af vatninu þangað með unga sína.

Í hverju hreiðri klekjast að meðaltali 8 ungar úr eggjum. Hins vegar sameinast ungahópar oft og stundum sjást kollur með 20-30, jafnvel allt að 100 unga. Árni útskýrði á skemmtilegan hátt með glæruteikningum hvernig ungahópar geta blandast þegar tvær kollur mætast, þannig að önnur kollan situr eftir með unga þeirra beggja.

Ungadaudi er mjög mikill í fyrstu, en í lok júlí, þegar ungarnir hafa tekið út nokkurn vöxt, dregur úr honum. Uppistaðan í fæðu unganna er bitmýslirfur, en mest er af þeim efst í Laxá. Fram kom hjá fyrirlesara, að fyrrgreint svæði er það langþýðingarmesta fyrir húsöndina. Það er aðeins nokkrir ferakílómetrar að flatarmáli, en afkoma íslenska húsandarstofnsins er undir þessu svæði kominn. Hélt Árni því fram að ef áætlun um Laxárvirkjun hefði verið framkvæmd á sínum tíma, hefði það að öllum líkindum haft útrýmingu húsandarstofnsins í för með sér.

Nú telur stofninn um 2000 fugla og eru steggir þar í meirihluta eða um 1200. Stofnstærðin sveiflast nokkuð, t.d. drapst fjórðungur stofnsins þegar lítið var um bitmýslirfur sumarið 1978. Nú hefur hann náð sér aftur að fullu.

Til nánari útskýringar á máli sínu sýndi Árni mikið af litskyggjum og glærum. Fundurinn var allvel sóttur og bárust margar fyrirspurnir að erindinu loknu.

Drangey - Saga fuglaveiða og eggjatöku (16. desember 1985)

Drangey og fuglaveiðar þar var efni þessa fræðslufundar. Sölvi Sveinsson rakti fyrst sögu fuglaveiða í eyinni og gat helstu heimildin er Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Því næst lýsti fyrirlesarinn helstu veiðiaðferðum. Minntist hann m.a. á snörustöng, en hún var notuð til að snara fugla,



Frá Drangey. Kerlinguna (t.v.) ber í Tindastól. Ljós m. Trausti Tryggvason.

eins og nafnið gefur til kynna. Einnig gat hann þess að Eggert Ólafsson skýrir frá því að lundar voru veiddir með því að breiða net yfir holur þeirra. Jafnframt var stunduð svokölluð spjaldaveiði, en það var einkum varp-fugl sem þannig veiddist. Þessi veiðiaðferð lagðist af á síðustu öld. Helsta veiðiaðferðin var flekaveiðin. Elstu öruggu heimildir um hana eru frá um 1670. Flekaveiðin fólst í því að flekum með snörum var komið fyrir á sjónum umhverfis eyjuna. Fuglinn skreiddist upp á flekana og festist í snörunum.

Veiðin hófst í byrjun maí og stóð í 8-9 vikur. Flekanna var vitjað tvisvar á sólarhring og voru yfirleitt 6-15 fuglar fastir í snörunum á hverjum fleka. Oft var fugl bundinn á flekann til að laða aðra fugla að. Var fugl þessi kallaður bandingi. Í fyrstu var langvía uppistaða veiðanna, en síðan álka og lundi. Talið er að það hafi einkum verið geldfuglar sem veiddust á flekana og veiðarnar því ekki eins skaðlegar stofnunum og ætla mætti.

Engar öruggar heimildir eru til um árstekjuna. Samkvæmt skýrslu frá því skömmu fyrir aldamót var tekjan eitt árið um 200.000 fugl-

ar. Ekki er ósennilegt, að önnur ár hafi tekjan verið svipuð. Þegar veiðarnar voru mest stundaðar lágu allt að 250 manns við í eyinni og hafði hver maður 12 fleka. Af þessu má sjá hversu mikil veiðin hefur verið.

Flekaveiðin var mjög umdeild. Þótti veiðiaðferðin ómannúðleg. Fuglar sneru af sér fætur í snörum og flekar með dauðum fuglum fundust reknir á fjörum. Einnig þótti meðferðin á bandingjanum slæm og síðustu áratugina sem veiðarnar voru stundaðar var hann ekki notaður. Árið 1965 voru svo flekaveiðarnar bannaðar með lögum.

Fuglaveiðin skipti Skagfirðinga miklu áður fyrr. Bæði var það, að nýmeti fékkst snemma vors, þegar það var af skörum skammti, og einnig var um þýðingarmikla verslunarvöru að ræða.

Síðustu sumrin hafa einungis verið stundaðar lundaveiðir í háf í Drangey, en fyrstu heimildir um slíka veiði eru frá því skömmu fyrir síðustu aldamót.

Að loknu erindi Sölva sýndi Hjálmar R. Bárðarson litskyggnur, sem hann hefur tekið í Drangey og í Skrúð, sagði frá ferðum sínum þangað og lýsti staðhättum.

Haförninn (8. janúar 1986)

Eins og fram hefur komið áður (sjá Blika 4: 70-71), gekkst Fuglaverndarfélag Íslands yfir ítarlegri könnun á útbreiðslu hafarna á Ísland sumarið 1985. Kristinn Haukur Skarphéðinsson líffræðingur annaðist könnunina og athugaði hann jafnframt eldri heimildir til að fá nokkra hugmynd um útbreiðslu og fjölda hafarna áður fyrr.

Fyrst var sýnd kvikmynd Magnúsar Jóhannssonar, Arnarstapar, er gerð var laust eftir 1950. Er hún eina kvikmyndin sem gerð hefur verið um íslenska haförninn. Að lokinni sýningu myndarinnar tók Kristinn Haukur til máls. Rakti hann fyrst þá gifurlegu fækkun arna sem átti sér stað á síðustu áratugum 19. aldar og fyrstu áratugum þessrarar. Fækkunin stafaði af beinum ofsóknum og upplýsti fyrirlesari það m.a., að á árunum 1887-89 greiddi Vargafélagið svonefnda verðlaun fyrir 132 unna erni. Talið er að árið 1880 hafi verið um 85 pör á landinu öllu, en 1920 voru þau ekki nema um 20. Þessi fjöldi hélst að mestu óbreyttur fram til 1964, en þá lét félagið kanna fjölda arna á landinu. Rakti Kristinn Haukur síðan þróun og sögu þessara mála frá því að kvikmynd Magnúsar var gerð. Kom þar fram að jöfn en lítil ungaframleiðsla hefur verið í stofninum fram til 1980, en vaxandi síðan. Með línuritum sýndi fyrirlesari hvernig fjöldi para hefur vaxið jafnt og þétt síðan 1964. Taldi hann bann við eiturútburði, sem sett var 1964, helstu ástæðu þessarar fjölgunar.

Þessu næst var gerð nákvæm grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar sl. sumar. Hafa þessar niðurstöður verið kynntar lítilliga áður (sjá Blika 4: 70-71), og verða ekki raktar aftur hér að öðru leyti en því, að fjöldi para á landinu er nú 36-38 og 25 ungar komust upp 1985. Fyrirlesari bar saman varpárangur einstakra svæða og kom fram miklu betri árangur á svæðinu sunnan Snæfellsness en við norðanverðan Breiðafjörð, eða 1 ungi á par á ári á móti 0,3 ungum að meðaltali. Þessi munur er ódilega mikill. Kristinn Haukur ræddi því næst nokkuð um hreiðurgerð og hreiðurstaði og sýndi lit-skyggjur af ýmsum tegundum þeirra. Gat hann þess að nokkur breyting hefur átt sér stað í vali hreiðurstaða. Hafa ernir í nokkrum mæli flutt sig úr hamrahreiðum og út í eyjar. Kann þetta að hafa komið til vegna ofsókna á hendur þeim. Nú munu

eyjar og hólmar vera algengustu hreiðurstaðirnir.

Jafnframt því að kanna varp hafarna safnaði Kristinn Haukur fæðuleifum við hreiður. Í ljós kom, að fyll er langalgengasta fæðan, en síðan koma hrognkelsi og máfar.

Allnokkuð var fjallað um tjón af völdum arna. Núorðið er ekki lengur kvartað undan því að ernir drepi lömb, en hins vegar heyrst stundum í æðarbændum. Kvartanir hafa oftast borist um tjón af völdum svokallaðra flökkuarna. Bæði er þar um að ræða unga erni og einnig fullorðna fugla, sem varp hefur misheppnast hjá. Aftur á móti virðist ekkert því til fyrirstöðu, að æðarrækt geti gengið vel í nábyli við erni, sem eru með hreiður. Það er einnig nokkuð ljóst, að sá þáttur sem mest áhrif hefur á dúntekjuna er veðrið. Það þarf ekki nema eitt hret til að valda miklum skakkaföllum í æðarvarpinu.

Fundurinn var mjög vel sóttur og urðu miklar umræður í lok hans.

Íslenski refurinn (20. febrúar 1986)

Á þessum fundi lýsti nýskipaður veiðistjóri, dr. Páll Hersteinsson, nokkuð þeim rannsóknnum sem hann hefur stundað á refum á Ísland undanfarin ár. Þær stundaði hann m.a. í Ófeigsfirði á Ströndum frá mars 1978 til nóvember 1979. Jafnframt hefur hann safnað miklum gögnum frá refaskyttum víðs vegar um land, m.a. kjálkum af unnum dýrum, en þeir eru notaðir til að aldursgreina dýrin.

Á rannsóknarsvæðinu í Ófeigsfirði voru 4 öðöl („territory“). Páll setti hálskraga með útvarpssemi á nokkur dýr og fylgdist þannig nákvæmlega með öllum ferðum þeirra.

Fyrirlesari lýsti ýmsum þeim rannsóknum, sem hann stundaði í Ófeigsfirði og sýndi mikið af litskyggjum, sem hann hefur tekið þar. Ræddi hann m.a. nokkuð um litarabrigði refsins og sýndi myndir til skýringar. Kom þar fram að í aðalatriðum eru afbrigðin tvö, mórautt og hvítt, þó ýmis blæbrigði önnur séu til. Hvíta afbrigðið verður mógrátt á sumrin, en það mórauða er eins árið um kring. Hér á landi eru um $\frac{3}{4}$ allra refa mórauðir. Talsverður munur er á dreifingu hvítra og mórauðra refa. Inn til landsins er herra hlutfall hvítra (um 50%), en við sjó. Var Páll með myndir sem sýndu hvernig þessi tvö afbrigði féllu misvel inn í umhverfið eftir því hvort jörð var auð eða ekki. Er fátt



Refur við hræ. Hálsasveit, Borgarfirði, maí 1981. Ljósmei. Páll Hersteinsson.

eins áberandi eins og hvítur refur á snjólausri jörð, eins og algengara er við strendurnar.

Rætt var um fæðu refanna í Ófeigsfirði. Var hún mjög fjölbreytt eins og vænta mátti því refir virðast nýta sér flesta möguleika til fæðuöflunar. Á veturna voru sjófuglar ýmis-konar stór hluti, m.a. sjóreknir fuglar, en á vorin einnig kræklingur og hrognkelsi. Á sumrin og haustin voru egg og ungar ýmissa fugla, og einnig fullorðnir fuglar, mikil-vægasta fæða refanna, auk þess sem þeir leggja sér þangflugur og krækiber til munns.

Margt athyglisvert varðandi fjölskyldulíf refanna kom fram. Það sem kom hvað mest á óvart var það, að ársögmul dýr aðstoða stundum foreldrana við að annast yngri systkini sín. Nefndi Páll dæmi um það, að alsystir gætti yrðlinganna í 3 daga, á meðan foreldrarnir þorðu ekki heim vegna þess að fylgst var með greninu.

Fyrirlesari skýrði frá rannsóknnum og rækt-un á litarafríðum sem nú fara fram á Möðruvöllum í Hörgárdal. Er þar m.a. verið að reyna að fá fram afbríði með æskilega feldeiginleika og eru notaðir til þess villtir

islenskir refir, ásamt innfluttum afbríðum. Eru rannsóknir þessar á byrjunarstigi.

Að lokum var rætt um skaða er refir eru sagðir valda og samskipti manna og refa. Meðal annars var fjallað um dýrbíti og ástæður þess að refir leggjast á fénað. Páll hefur safnað og unnið úr gögnum um fjölda lambs-hræja á grenjum. Kemur þar í ljós, að þau eru flest á svæðum nærri byggð og þar sem fallþungi dilka er lítill. Mætti e.t.v. túlka það þannig, að refir tækju lömb, þar sem mikið er af þeim og þau eru af viðráðanlegri stærð. Hins vegar gæti líka verið, að á svæðinu þar sem fallþungi er lítill, séu lömbin í lélegu ásigkomulagi og drepist því frekar af völdum sjúkdóma, eða af öðrum orsökum. Það er því meira um hræ liggjandi á víðavangi, sem refir hirða, og eru það þau sem finnast við greni. Þetta sýnir hve erfitt getur verið að túlka þau gögn sem fyrir hendi eru. Nú eru hinsvegar uppi áform um að auka rannsóknir á þessu sviði. Er m.a. í athugun að festa senditæki við lömb svo hægt sé að finna þau um leið og eitthvað verður þeim að aldurtíla, en tækið virkar þannig að það byrjar send-

ingar 5 klst. eftir að lambið hættir að hreyfast. Rannsóknir sem þessar kosta talsvert fé og er alls óvíst hvort það fæst. Óskandi væri að svo yrði, þannig að hægt væri að fjalla um þessi mál í ljósi óyggjandi staðreynda, en hingað til hefur öll umræða einkenst af órökstuddum fullyrðingum á báða bóga.

Talsverðar umræður urðu í lok fundarins og, eins og gefur að skilja, voru skoðanir skiptar.

Arnarvarp 1986

Arnarvarpið síðastliðið sumar gekk miður vel. Fregnir bárust af 39 pörum, en varp heppnaðist aðeins hjá 12 þeirra. Úr þessum 12 hreiðrum komust upp 16 ungar. Hjá 11 pörum misfórst varp af einhverjum orsökum, en a.m.k. 16 pör verptu ekki.

Þetta verður að teljast heldur lélegur árangur. Enn sem fyrr gengur örnnum illa að koma upp ungum í Dalasýslu og við norðanverðan Breiðafjörð. Á Skarðsströnd og Fellsströnd var vitað um 8 pör en enginn ungi komst upp. Við norðanverðan Breiðafjörð voru 11 pör og komust ungar upp í einu hreiðri. Eins og undanfarin ár greiddi Fugla-verndarfélag Íslands bændum verðlaun, ef ungar komust upp í landi þeirra.

Ernir sáu víða utan hefðbundinna arnar-svæða síðastliðinn vetur. Á suðvesturhorni landsins sáu ungar ernir á þremur stöðum í hinni árlegu fuglatalningu, sem Náttúrufræðistofnun Íslands gengst fyrir um hver áramót, og á Reykjavíkursvæðinu sáu nokkrir ernir á fyrstu mánuðum ársins.

Kjartan G. Magnússon tók saman



Myndin er tekin í Bjarnarey á Vopnafirði 11. júní 1985. Hún sýnir æðarkollu *Somateria mollissima* á hreiðri. Fuglinn er hvítingi („albinó“) að hluta. Slíkir fuglar sjást endrum og eins, einnig alhvítir fuglar. Ljósm. Sigrún Benediktsdóttir, Egilsstöðum.

Harðindi hjá hávellum á Austurlandi


Það vakti athygli mína, er ég var á ferð um Austurland ásamt Gunnlaugi Þráinssyni og Hálfadáni Björnssyni dagana 10. og 11. júní 1986, að hávellur *Clangula hyemalis* sáu víða á ám og vötnum á láglendi og á sjó, jafnvel allstórir hópar. Fuglarnir í þessum hópum voru flestir paraðir. Menn sem við hittum á ferð okkar voru sammála um það, að óvenju snjópungt væri á fjöllum, þar sem vorið hafði verið kalt og snjó tók hægt upp. Hávellurnar hafa því sennilega verið að bíða þess að snjóa og ísa leysti, en enda verpur hávella gjarnan við vötn og tjarnir upp til heiða.

Flestar hávellur sáu á Lagarfljóti við Egilsstaði. Ofan brúar taldi ég 280 fugla í nokkuð dreifðum hópi og 9 neðan við brúna. Þá voru 15 hávellur á Lagarfljóti við Dagverðargerði og 3 við Lagarfoss. Á norðurenda Skriðuvatns í Skriðdal sátu alls 53 hávellur í tveimur hópum uppi á bakkanum (sjá mynd). Á sjónum undir Þvottárskriðum sunnan Álftafjarðar voru 18 hávellur í hóp.

Frekari upplýsinga hef ég aflað mér frá Brynjúlfi Brynjólfssyni, sem dvaldi á Breiðdalsvík þetta sumar. Hann veitti því einnig athygli, að þetta sumar virtist hávellum erfitt. Fara upplýsingar hans hér á eftir.

Þann 15. júní voru um 100 hávellur á Skriðuvatni. Flestar voru við útfall árinna í norðurenda þess. Þann dag sáu einnig tvö pör á Heiðarvatni á Breiðdalsheiði. Vatnið var þá að hálfu leyti undir ís og héldu fuglarnir sig við ísskörina. Tveimur dögum síðar (17. júní) var enn svipaður fjöldi á Skriðuvatni og a.m.k. nokkrir tugir á Lagarfljóti við Egilsstaði. Hávellur voru enn á þessum stöðum í lok mánaðarins (29. júní), en voru þá ekki taldar.

Ís tók mjög seint af efstu heiðavötnum austanlands. Gunnlaugur Reimarsson, Djúpavogi, kom að Óðáðavötnum upp af botni Berufjarðar 19.-20. júlí. Reyndust þau þá enn undir ís og engar hávellur sáu. Vötnin eru í rúmlega 600 m hæð yfir sjó. Um mánaðamótin júlí/ágúst sá Brynjúlfur vötnin úr lofti og þá var allur ís horfinn af þeim að



Hávellur á bakka Skriðuvatns í Skriðdal 10. júní 1986. Einnig má sjá duggandarpar og skúfandarpar. Ljós. Erling Ólafsson.

sjá. Dagana 23.-24. ágúst sá hann 30-40 hávellur við stíflu í Ódádavötnum, þar á meðal nokkuð stálpaða unga, og 20-30 fugla á Líkárvatni sunnan Ódádavatna.

Af ofangreindu má ætla, að hávellur hafi orpið seint á heiðum austanlands þetta sumar og e.t.v. í minna mæli en venjulega.

SUMMARY

Delayed breeding of Long-tailed Ducks in eastern Iceland

Flocks of Long-tailed Ducks *Clangula hyemalis* were seen on rivers, lakes and sea in early sum-

mer 1986 in eastern Iceland. The largest flock, 289 birds, was observed on Lagarfljót near Egilsstaðir on 10 June. Most of the birds were paired, suggesting delayed breeding of the species this summer. The species is a widespread breeder in the highlands of Iceland. Heavy snowfall occurred in winter 1985-86 in the eastern highlands, followed by a cold spring and delayed break-up of ice on lakes. Lakes above 600 m a.s.l. did not become free of ice until late July. Therefore the breeding season started late this year, and the number of breeding pairs may consequently have been reduced.

Erling Ólafsson, Náttúrufræðistofnun Íslands, pósthólf 5320, 125 Reykjavík.

Hrafninn og trjáskemmdir

Hrafninn *Corvus corax* hefur lengi þótt öðrum fuglum fremri í ýmsum uppátækjum. Sum geta verið skaðleg en flest eru þau meinlaus. Má nefna, að hrafnar stunda eggjarán og ungadráp, geta valdið tjóni á sauðfé, éta fræ og kartöflur en eiga einnig til smáknýtti, s.s. stuldi af brúsapöllum (Árni Heimir Jónsson 1974).

Undanfarna áratugi hafa hrafnar valdið talsverðum skemmdum á sitkagreni og alaskaöspum á Selfossi (Valdimar Pálsson, munnl. uppl. 1986). Hrafnarnir sitja í trjátoppum, naga sundur og rífa af greinar, einkum vöxt síðasta árs eða síðustu tveggja ára. Sumar greinarnar hafa þeir brytjað niður í 3-5 cm stubba, en við þessa „snyrtingu“ hafa trén orðið margtoppa og aflagast í vexti.

Venjulega hefur þetta háttæni hrafnanna hafist í marsbyrjun og staðið í 3-4 vikur, en stundum þó lengur. Vorið 1986 voru 2-3 hrafnar af og til í trjánum fram yfir miðjan maí. Þeir komu einkum í morgunsárið, en lítið um hádaginn.

Einkum hefur orðið vart skemmda í gördum meðfram Ölfusá en minna inni í bæ. Árið 1985 voru hrafnarnir sérlega athafnasamir, en einn morguninn sátu t.d. 12 hrafnar í asparöð (7 trjám) og nöguðu sprota þeirra. Þetta ár lækkuðu sumar aspir um allt að 1 m af völdum hrafnanna.

Hrafnarnir hafa aldrei sést bera greinar á brott. Það er því ljóst, að þeir hafa ekki verið að ná sér í hreiðurefni. Ef til vill er um unga, ókynþroska hrafna að ræða, sem eru að herma eftir fullorðnum hröfnum, sem einmitt eru að safna sprekum í laupa sína á þessum tíma árs.

Vitað er um svipað háttæni hrafna annars staðar af landinu. Vorið 1932 ollu hrafnar miklum skemmdum á trjáplöntum (reynivið, silfurreyni og birki) í hrauninu í Vestmannaeyjum (Páll Bjarnason 1933). Hrafnar hafa einnig valdið skaða á birki og ösp á Staðarbakka í Fljótshlíð. Fyrir nokkrum árum (líklega 1982) rifu hrafnar greinar af trjám við Sámsstaði í Fljótshlíð, bæði að vori og hausti (Hrafn Óskarsson, munnl. uppl. 1986).

Ef lesendur hafa kynnst sams konar háttælagi hrafna, væri áhugavert að fá upplýsingar paraðlútandi.

HEIMILDIR

Árni Heimir Jónsson 1974. Skýrsla til Menntamálaráðuneytisins um tjón af völdum hrafna og svartbaka hjá bændum og niðurstöður úr tilraunum með „svefnlyf“ til fækkunar hröfnum og svartböfum. Menntamálaráðuneyti. Fjölrit. 34 bls.

Páll Bjarnason 1933. Hrafnarnir og birkið. Náttúrufr. 3: 123.

SUMMARY

Ravens damage garden trees

For several decades, Ravens have visited the same gardens in the town of Selfoss (S-Iceland) and have done damage to ornamental trees. Branches have been severed off, even as much as 1 m from a single tree over the season. This has normally taken place from the beginning of March, carried on for some 3-4 weeks. Similar

behaviour has been recorded in other places in Iceland (see e.g. Páll Bjarnason 1933).

This behaviour is not directly connected with nest building activities, since the cuttings have not been carried away but discarded below the trees. It is possible that immature birds are involved, showing an incomplete nest-building behaviour pattern.

Örn Óskarsson, Grænuvöllum 3, 800 Selfoss.

Saga af sjónum:

Um „veiðiskap“ súlunnar

Í grein sinni um fuglabjörg Suðurkjálkans, er birtist í árbók Ferðafélagsins árið 1984, fjallar Arnþór Garðarsson lítillega um veiði- aðferðir súlunnar *Sula bassana*. Hann segir (á bls. 141): „Hún lifir aðallega á uppsjávar- fiskum sem synda í torfum nærri yfirborði sjávar. Síld er ein mikilvægasta fæðan, en einnig tekur súlan loðnu, smáufsa og jafnvel sandsíli. Súlan veiðir þessa fiska með því að stinga sér niður í sjóinn úr allt að 50 metra hæð. Ekki er alveg ljóst hvað gerist undir yfirborðinu. Ýmsir hallast að því að súlan roti fiskinn þegar hún lætur sig falla í sjóinn á um 100 km hraða á klst. Hún grípur sennilega fiskinn á leiðinni upp, og gleypir hann áður en henni skýtur upp á yfirborðið. Þar hvílir hún sig oftast stutta stund áður en hún flýgur af stað“.

Í framhaldi af framansögðu langar mig til að lýsa því, hvernig súlan ber sig að, þegar henni „er gefið“ af sjómönnum á fiskibátum. Það er eigi óalgengur leikur að fleygt sé dauðum smáfiski, t.d. síld, smáufsa, ýsu eða þorski, fyrir súlur á hafi úti. Eftirfarandi lýsing er skráð samkvæmt athugunum sem gerðar voru á neta- og línuvertíðum við Suðvesturland og á síldarvertíð undan Suð-austurlandi fyrir nokkrum árum.

Þegar veiðarfærin voru dregin, var venju- lega töluverður hópur fugla, s.s. fýlar *Fulmarus glacialis*, stórir máfar *Larus* sp., ritur *Rissa tridactyla* og skúmar *Stercorarius skua*, kringum bátinn, og hirtu þeir flesta æta bita sem féllu frá borði. Var þá oft mikill handa- gangur í öskjunni þegar slegist var um ætið. Hæfilega stór fiskur (um 30 cm) var valinn og beðið við borðstokkinn eftir að súla sýndi

sig. Þegar súla (eða súlur) nálgadist bátinn, var fiskinum fleygt útbyrðis og réðust þá fýlarnir og máfarnir á hann, allir sem einn. Ef súlan varð fisksins vör, sem gerðist oftast, stakk hún sér utan við hópinn, og *sjaldan sá ég það bregðast*, að hún kæmi upp í miðjum hópnum með fiskinn í gogginum. Síðan gleypu hún hann, hvíldi sig að því loknu og flaug von bráðar á braut. Það bar við, að tvær súlur næðu í sinn hvorn enda fisks, og var þá slegist þangað til önnur náði að gleypa hann. En keppinautarnir, þ.e.a.s. aðrir fugl- ar, urðu að setta sig við að bíða eftir næsta bita sem til féll.

Jóhann Óli Hilmarsson

Sendlingar leita fæðu í skipi

Síðla hausta 1985 var það nokkuð algengt, að sendlingar leituðu sér fæðu í Karlsey, skipi Þörungavinnslunnar á Reykhólum í A-Barðastrandarsýslu. Var það með þeim hætti, að eftir að þang hafði verið losað úr skipinu síðdegis, komu nokkrir sendlingar um borð, flugu ofan í lestina, og leituðu sér fæðu í þanginu sem orðið hafði eftir. Lestin er 3-4 metrar að dýpt. Til að byrja með var það aðeins einn fugl sem stundaði þessa iðju, en síðar allt að 6 fuglar. Þeir voru mjög gæfir og létu nærveru manna lítið trufla sig. Einnig bar það við, að einn og einn sendlingur fór út með skipinu á morgnana. Þeir flugu þó fljótt í land.

Ofangreindar upplýsingar hafði ég eftir skipstjóranum á Karlsey, Gylfa Helgasynti, í lok október 1985.

Gunnlaugur Pétursson

Fróðleikskorn um margæsir

Inngangur

Meðal þeirra fugla, sem koma hér við vor og haust, eru margæsir *Branta bernicla*. Hér verður gerð nokkur grein fyrir þessari gæsategund, þótt stiklað verði á stóru.

Margæsir heyra til gæsaættkvíslarinnar *Branta* ásamt helsingja, *B. leucopsis*, kanadagæs *B. canadensis*, fagurgæs *B. ruficollis* og *B. sandvicensis* sem nefna mætti hraungæs á íslensku. Helsingjar fara um Ísland vor og haust eins og margæsir, milli varpstöðva á A-Grænlandi og vetrarstöðva í NV-Evrópu. Kanadagæsir verpa í norðurhluta N-Ameríku, en hafa einnig verið fluttar til nokkurra Evrópulanda og verpa þar nú villtar í nokkrum mæli. Fagurgæsir verpa í norðanverðri Síberíu austan Úralfjalla, en hafa vetursetu í SA-Evrópu, við Kaspíahaf og víðar. Hraungæsir eru bundnar við Hawai-eyjar í Kyrrahafi. Við lá að þær dæju út, en fyrir um 30 árum voru einungis til um 50 einstaklingar. Nú hefur þessari gæsategund verið bjargað frá því að deyja út.

Það sem einkennir þessar fimm gæsategundir öðru fremur og greinir þær frá gráum gæsum (*Anser*) eru svartir fætur og dökkt nef. Einnig eru þær svartar að nokkru öð mestu leyti.

Við samningu þessa pistils hefur aðallega verið stuðst við Cramp og Simmons (1977), sem er safnrit um fugla Evrópu, V-Asíu og N-Afríku, ásamt ýmsu sem ritað hefur verið um margæsir á íslensku. Í heimildaskrá hér á eftir má finna nokkur rit og greinar sem fjalla um margæsir á Íslandi.

Margæsir ganga tíðum undir nafninu „prompa“ vestur á Mýrum, en nafnið „hrota“ mun vera eldra.

Útbreiðsla


Margæsir eru hánorrænir fuglar, sem verpa á túndrusvæðum norðan 65-70 breiddargráðu (1. mynd). Þeim er skipt í þrjár deilitegundir:

B.b. bernicla verpur nyrst á tundraum Sovétríkjanna frá Kolgnev austur til Taymyrskagans, en heldur til í SA-Englandi, Frakklandi, Hollandi og Belgíu að vetrarlagi. Um 1974 voru fuglar af þessari deilitegund taldir vera um 80000.

B.b. nigricans verpur austan Taymyr, nyrst í Alaska og norðurhluta Kanada austur

að Perry-fljóti og vestari Íshafseyjunum þar fyrir norðan. Þessir fuglar hafa vetursetu við strendur Kyrrahafsins, frá Bresku Kólumbíu suður til Kaliforníu að austan og við Kóreu og Japan að vestan.

B.b. hrota verpur í nyrstu héruðum Kanada austan Melville-eyju, á N- og NA-Grænlandi, á Svalbarða og Frans-Jósefs landi. Grænlandsku fuglarnir, og nokkuð af þeim kanadísku (frá Ellesmere-eyju, Axel Heiberg eyju og austurhlutum Bathurst-eyju og Melville-eyju), dvelja á Írlandi á veturna. Farleið þeirra á haustin er eftir vesturstönd Grænlands, yfir Grænlandsjökul og um Ísland, en einnig suður eftir vesturstöndinni og fyrir Hvarf og fljúga þá líklega sunnan við Ísland. Á vorin fara þessir fuglar sömu leið, um Íslands og yfir Grænlandsjökul, en einnig norður eftir austurströnd Grænlands (Maltby-Prevett, Boyd og Heyland 1975). Um 1970 voru þessir fuglar taldir vera um 12000. Í þessum hópi eru fuglar sem komnir eru allt vestan frá 108. lengdarbaug, þar sem þær eru í nánú sambyli við *B.b. nigricans*. Hluti kanadísku fuglanna heldur einnig til við austurströnd Bandaríkjanna frá Massachusetts til N-Karólínu og á slóðum *B.b. nigricans* við vesturströndina. Fuglarnir á Svalbarða og Frans-Jósefs landi fara hins vegar eftir Norðsgröndum til Danmerkur og NA-Englands (Norðymbralands) á haustin.



1. mynd. Dökku svæðin eru varpheimkynni margæsa. Fuglar sem verpa á svæðum innan brotalínunnar fara um Ísland vor og haust.

Lýsing

Margæsir eru litlar gæsir, litlu stærri en æðarfugl *Somateria mollissima*. Höfuð þeirra er dökkt, nær svart, og sama er að segja um hálsinn niður á bringu. Á hálsinum eru hvítir blettir, sinn hvoru megin á fullorðnu fuglunum. Fætur og nef eru svört að lit. Nokkur litarmunur er annars á þessum þremur deilitegundum margæsar. Þeir fuglar sem hér fara um hafa dökkbrúnt bak og vængi, dekkri flugfjaðrir. Síður eru ljósar með brúnum þverrákum og fremri hluti kviðar cinnig. Aftari hluti kviðar er hvítur, ásamt undir- og yfirgump (2. mynd). Ungfuglar eru svipaðir að lit en hafa þó ekki hvíta hálsblettinn. *B.b. nigricans* er svipuð að lit, nema kviður er mun dekkri og síður ljósari. Þessi deilitegund hefur einnig stærri hvíta betti á hálsliðum, sem ná oft saman að framan. *B.b. bernicla* er hins vegar dekkri á baki, síðum og kvið en áðurnefndir fuglar, þannig að óglögg litarskil eru milli háls og kviðar. Nokkur munur er einnig á lögun hvítu hálsblettanna milli þessara deilitegunda.

Örfáir fuglar af deilitegundunum *bernicla* og *nigricans* hafa sést hér á landi. Síðar-

nefnda deilitegundin hefur sést árlega í V-Evrópu á síðastliðnum 10 árum (Berg, Lambeck & Mullarney 1984).

Lífshættir

Margæsir eru félagslyndir fuglar. Þær verpa í hópum á flatlendi, sjaldan fjarri sjó, og velja sér hreiðurstæði á þurrum hólum og þúfum, oft í árhólum og eyjum. Fjarlægð milli hreiðra er oftast nokkrir tugir metra, og nota þær sömu hreiðrin ár eftir ár. Egginn er tíðast 3-5 og liggur kvenfuglinn á meðan karlinn stendur vörð. Varp hefst um og eftir miðjan júní, oft áður en snjóa leysir. Fyrstu ungarnir koma úr eggjum um miðjan júlí. Sjö vikna gamlir verða þeir fleygir. Þeir fylgja foreldrunum til vetrarstöðvanna og aftur til varpstöðvanna að vori, en þá skiljast leiðir. Margæsir verpa fyrst 2ja til 3ja ára, en elsti fugl sem náðst hefur var 13 ára. Fartíminn stendur frá miðjum september til októberloka að hausti, en frá aprílbyrjun til fyrri hluta júní að vori. Þetta á við um grænlenku og kanadísku fuglana sem fara um Ísland, en fartími hinna stofnanna getur verið nokkuð annar.



2.mynd. Margæsir við Lambhúsatjörn á Álftanesi í maí 1986. Ljósm. Erling Ólafsson.

Á farflugi mynda margæsir oftast óreglulega hópa, en fljúga sjaldan oddaflug eins og gæsir eru annars þekktar fyrir. Vængjaslög þeirra eru tíðari en stóru gæsanna. Þær eru talsvert háværar á flugi, en eru annars hljóðlátar. Um röddina skrifar Bjarni Sæmundsson (1936): „Röddin er einkennilega urrandi, eða eins og bumbusláttur í fjarska“ (bls. 625). Finnur Guðmundsson (1972) orðar þetta hins vegar: „Kliðmjúkt, kokkennt „rronk“ eða „rrönk“ og fleiri svipuð hljóð“ (bls. 70).

Margæsir halda sig nær eingöngu með ströndum fram utan varptíma og eru mun hændari að sjó en aðrar gæsir. Þær eru sérhæfðar í fæðuvali, lifa á veturna að mestu á marhálmi *Zostera marina* og skyldri tegund *Z. noltii*. Þá eru einnig grænþörungur *Enteromorpha* og *Ulva* nokkur þáttur í fæðu þeirra seinni part vetrar og sjávarfítjungur *Puccinellia* á vorin. Að sumarlagi er fæða margæsa nokkuð önnur og fer eftir landsvæðum, á Grænlandi t.d. sóleyjar *Ranunculus*, hrafna-fífa *Eriophorum scheuchzeri* og músareyra *Cerastium alpinum*. Á fjörum nota margæsir oft hætti buslanda við fæðuöflun þegar fellur að, þ.e. að standa á höfði.

Upp úr 1930 fækkaði margæsum verulega á vetrarstöðvunum í V-Evrópu, um allt að þriðja fjórðu. Er talið, að orsök þessa hafi verið sjúkdómur í marhálminum, þannig að hann stórminnkaði í N-Atlantshafi (Árni Friðriksson 1936, Ævar Petersen 1984). Misheppnað varp og veiðimennska gæti einnig hafa haft þar nokkur áhrif. Á síðustu áratugum hefur margæsum aftur farið fjölgandi vegna aukinnar verndar, mildari vetra og e.t.v. endurreisnar marhálmsins.

Margæsir á Íslandi

Margæsir koma hingað á vorin um og uppúr miðjum apríl, en þá hafa sést hópar á flugi í vesturátt í Öræfum (Hálfðán Björnsson 1976). Margæsir dvelja síðan á leirum við Faxaflóa og Breiðafjörð, þar sem marhálmi er að finna, fram í júní. Í byrjun júní eru flestar margæsir komnar á varpstöðvarnar.

Stærstu hóparnir eru á Mýrum, milli Straumfjarðar og Hjörseyjar, við Hofstaðavog vestan Stykkishólms, og milli Grundarfjarðar og Hraunsfjarðar (Arnþór Garðarsson 1975, 1982 og munnl. uppl.). Þá sjást árlega 200-400 fuglar á Álftanesi, í grennd

við Bessastaði. Stakir fuglar og litlir hópar sjást auk þess víðs vegar við Vesturland.

Margæsirnar koma aftur frá varpstöðvunum seint í ágúst og í fyrri hluta september og dvelja hér fram yfir miðjan október (Magnús Björnsson 1934). Einn og einn fugl sést þó fyrr eða í síðari hluta ágúst. Á haustin eru margæsir ekki eins dreifðar og á vorin og halda að mestu til milli Straumfjarðar og Hjörseyjar á Mýrum (Arnþór Garðarsson 1975). Fyrir kemur að margæsir sjást hér fram á vetur og tvisvar hafa þær sést í fuglatalningum um jólaeytið (Ævar Petersen 1983). Einnig hefur margæsa orðið vart utan hefðbundinna viðkomustaða, svo sem á nokkrum stöðum á Norður- og Austurlandi og jafnvel víðar.

Ekki hafa margæsir orpið hér á landi svo vitað sé. Í ýmsum heimildum er þó íað að því, en í þeim tilvikum er margæs líklega ruglað saman við helsingja. Þess má að lokum geta að margæsir eru alfríðaðar hér á landi.

HEIMILDIR

- Árni Friðriksson 1936. Marhálmurinn. Náttúrufr. 6: 40-49.
- Arnþór Garðarsson 1975. Íslenskir votlendisfuglar í Votlendi. Rit Landverndar 4: 100-134.
- Arnþór Garðarsson 1982. Andfuglar og aðrir vatnafuglar í Fuglar. Rit Landverndar 8: 77-116.
- van den Berg, A.B., R.H.D. Lambeck & K. Mullarney 1984. The occurrence of the 'Black Brant' in Europe. Brit. Birds 77: 458-465.
- Bjarni Sæmundsson 1936. Fuglarnir. Reykjavík.
- Cramp, S. & K.E.L. Simmons (ritstj.) 1977. Birds of the Western Palearctic. 1. bindi. Oxford.
- Finnur Guðmundsson (þýðandi) 1972. Fuglar Íslands og Evrópu. 3. útgáfa, aukin og endurskoðuð. Reykjavík.
- Hálfðán Björnsson 1976. Fuglalíf í Öræfum, A-Skaft. Náttúrufr. 64: 56-104.
- Magnús Björnsson 1934. Nokkur orð um grágæsir og helsingja (niðurlag). Náttúrufr. 4: 166-177.
- Maltby-Prevett, L.S., H. Boyd og J.D. Heyland 1975. Observations in Iceland and Northwest Europe of Brant from the Queen Elizabeth Islands, N.W.T., Canada. Bird-Banding 46: 155-161.
- Ævar Petersen 1983. Fuglatalningar að vetrarlagi: Saga og árangur. Bliki 2: 28-42.
- Ævar Petersen 1984. Gæsir. Sportveiðiblaðið 3(1): 66-69.

Gunnlaugur Pétursson, Dalalandi 8, 108 Reykjavík.

Erlendir fuglarannsóknaleiðangrar árin 1984 og 1985

Í þriðja hefti Blika (nóvember 1984) var getið um þá útlendinga sem fengu leyfi Rannsóknarráðs ríkisins til þess að stunda rannsóknir á fuglum á Íslandi árið 1983. Þessari kynningu er fram haldið hér og er nú getið þeirra sem komu til rannsókna hingað til lands á árunum 1984 og 1985.

T.J. Cade, Bandaríkjunum: Árið 1984 var fjórða árið í röð sem stundaðar voru vistfræðirannsóknir á íslenska fálkanum í Þingeyjarsýslum. Þessar rannsóknir voru einkum í höndum Ólafs Karls Nielsen, er hann vann að doktorsritgerð um fálkann undir leiðsögn prófessors Cade. Verkefnið hefur áður verið kynnt á síðum Blika (1983, nr. 2: 62-64).

L.C.L. Hansen, Danmörku: Hann kannaði stærð íslenska skúmastofnsins sumurin 1984 og 1985. Ísland er langmikilvægasta varpsvæði skúmsins í Norður-Atlantshafi og hafa upplýsingar héðan því mikið að segja um framgang stofnsins í heild. Engin heildartalning hefur verið gerð á skúmun hérlandis frá því Finnur Guðmundsson dró að sér upplýsingar þess efnis fyrir um 30 árum og mat út frá þeim að hér yrpu um 6000 pör (sjá Náttúrufræðinginn (1954) 24: 123-136). Það var því löngu orðið tímabært að kanna þetta mál aftur, ekki síst í ljósi þess að talsverðar breytingar virðast hafa átt sér stað á þessum 30 árum.

C.J. Spray, Englandi: Hann kom hingað bæði 1984 og 1985 til að safna blóði úr álfum. Þessi rannsókn var hluti stærra verkefnis sem miðaði að því að kanna blýeitrun meðal álfta á Bretlandseyjum, en þangað fer stærsti hluti íslenska álfstofnsins á veturna. Álfir hafa fundist dauðar af völdum slíkrar eitrunar, sem er þó enn meiri meðal hnúðsvana, en þeir dveljast á Bretlandi allt árið. Aðal-

ástæða blýeitrunar er sú, að svanirnir gleypa óafvitandi sökkur sem veiðimenn hafa tapað í ám og vötnum. Þá hefur verið bent á, að fuglar éti haglaskot og geti líka orðið fyrir blýeitrun á þann hátt.

Annað meginatriði í rannsóknum Spray hér á landi var að kanna farleiðir og hvar íslenskar álfir halda sig nákvæmlega á veturna, þótt vitað sé að meirihlutinn fari til Bretlandseyja. Þetta var hluti verkefnis sem Arnþór Garðarsson hefur yfirumsjón með, sbr. Blika 3: 63-64.

B. Hughes, Englandi: Kom hingað til lands sumarið 1985 til rannsókna á straumöndum og hrafnstöndum við Mývatn og Laxá. Ráðgert var að kanna samband fullorðinna fugla og unga, hvað valdi því að sumir ungar flytjist á milli ungahópa en aðrir ekki.

Auk þeirra sem getið er hér að ofan, komu nokkrir leiðangurshópar sem ekki höfðu beinar rannsóknir að meginmarkmiði, heldur alhliða náttúruskoðun. Ákveðin markmið, t.d. fuglaskoðun, voru þó gjarnan nefnd. Hópar þessir, sem oftast eru skipaðir skólafólki, bera allmikinn keim af ævintýraleit. Leiðöngurum þessum er gefið yfirbragð rannsókna, því þannig afla hóparnir sér fjár og vista til Íslandsfararinnar hjá sjóðum og fyrirtækjum erlendis. Við það er í sjálfu sér ekkert að athuga. Hins vegar hafa þessir hópar fengið sömu fyrirgreiðslu hérlandis og um vísindaleiðangra er að ræða, s.s. tollfrjálsan innflutning á matvörum, og eru því sjálfum sér nógir. Það er full ástæða til að endurskoða reglur um þessa skóláhópa.

Ævar Petersen

FRÉTTIR

Nýtt veggspjald með fuglum


Árið 1985 gáfu Hið íslenska náttúrufræðifélag og Ferðamálaráð Íslands út veglegt veggspjald („plakat“) með teikningum af mörgum íslenskum háplöntutegundum. Spjaldið féll í góðan jarðveg, svo ákveðið var að láta ekki þar við sitja.

Nú í ár, 1986, kom út annað veggspjald, sem að þessu sinni var helgað fuglum og bar titilinn „Íslenskir fuglar“ (og undirtitilinn „Icelandic birds“).

Jón Baldur Hlíðberg teiknaði allar myndir veggspjaldsins, en hann hefur fengist við að teikna fugla í auknum mæli undanfarin ár. Meðal annars má benda á, að Jón Baldur

Íslenskir fuglar

Icelandic Birds



- | | |
|------------|--------------|
| 1. Fiskur | 20. Stærstur |
| 2. Fiskur | 21. Stærstur |
| 3. Fiskur | 22. Stærstur |
| 4. Fiskur | 23. Stærstur |
| 5. Fiskur | 24. Stærstur |
| 6. Fiskur | 25. Stærstur |
| 7. Fiskur | 26. Stærstur |
| 8. Fiskur | 27. Stærstur |
| 9. Fiskur | 28. Stærstur |
| 10. Fiskur | 29. Stærstur |

hefur góðfúslega lagt Blika lið og teiknað myndir í öll heftin sem út hafa komið til þessa.

Veggspjaldið, sem er 85,5 x 57,5 sm að stærð, sýnir 29 tegundir íslenskra varpfugla, af öllum helstu flokkum íslenskra fugla. Texti er lítill, aðeins getið íslensku fuglaheitanna og fræðiheita tegundanna. Oddi hf. annaðist litgreiningu og prentun.

Innkaupasamband bóksala annast dreifingu veggspjaldsins til bóksala. Verð þess er 598 kr. (í október 1986) út úr búð, en félagar í Náttúrufræðifélaginu geta fengið veggspjaldið á 500 kr. í Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar, Austurstræti 18, 108 Reykjavík.

Ævar Petersen

UPPLÝSINGA ÓSKAÐ

Litmerktir sendlingar

Síðastliðið sumar (1986) voru hér á ferð breskir fuglafræðingar, undir forystu Dr. R. W. Summers. Tilgangurinn var að merkja sendlinga (*Calidris maritima*), í þeirri von að fá svar við því, hvort íslenskir sendlingar fara til Bretlandseyja á veturna.

Fuglarnir voru merktir með lituðum plasthring og stálhring á öðrum fæti, en á hinn fótinn var sett litað plast-„flagg“ með númeri. Númerin eru það stór, að unnt er að lesa þau af löngu færi með fjarsjá (teleskópi), ef aðstæður leyfa.

Þeir sem sjá sendlinga merktá á þennan

hátt, eru vinsamlegast beðnir að rita hjá sér:

- 1) Dag og stað.
- 2) Litinn á plasthringnum og hvort hann er fyrir ofan eða neðan stálhringinn.
- 3) Litinn á „flagginu“, númerið á því (ef unnt er), og á hvorum fæti það er.

Vinsamlegast sendið upplýsingar til undirritaðs, sem mun sjá um að koma þeim áfram til dr. Summers.

Ævar Petersen

Náttúrufræðistofnun Íslands

Pósthólf 5320

125 Reykjavík, sími (91)-29822

RITFREGNIR

Fuglarnir okkar

Útgefandi: Bókaútgáfan Bjallan

Höfundar: Stefán Aðalsteinsson og Grétar Eiríksson

71 bls., 45 litmyndir, 255 x 195 mm

Reykjavík 1985

Verð: 1125 kr. (1 október 1986)

Scint á síðastliðnu ári (1985) kom út bók á vegum bókaútgáfunnar Bjöllunnar sem nefnist FUGLARNIR OKKAR, en hún er annað ritið í bókaflokki um náttúru Íslands fyrir börn og unglinga. Áður hefur komið út bókina HÚSDÝRIN OKKAR.

Stefán Aðalsteinsson ritaði texta bókarinnar en Grétar Eiríksson valdi myndirnar. Hann hefur einnig tekið þær flestar, en Erling Ólafsson, Skarphéðinn Þórisson og Sigurgeir Jónasson lögðu til nokkrar myndir.

Í formála bókarinnar er þess getið, að hún sé fyrst og fremst „skrifuð til fróðleiks og skemmtunar börnum og unglingum“. Bókin er 71 blaðsíða og fjallað er um 35 tegundir íslenskra varpfugla: hrafn, snjótittling, þúfu-tittling, maríuerlu, skógarpröst, stara, músarrindil, rjúpu, heiðlóu, spóa, hrossagauk, tjald, sendling, óðinshana, þórshana, haförn, fálka, branduglu, grágæs, heiðagæs, álft, stökkönd, hávellu, straumönd, húsönd, æðarfugl, svartbak, krífu, fýl, lunda, langvíu, kjóa, dílaskarf, súlu og himbrima.

Birtar eru ljósmyndir af öllum þessum tegundum og myndir af hreiðrum og ungum nokkurra þeirra. Einnig eru ljósmyndir af toppönd, toppskarfi og lómi, sem þó er aðeins lauslega getið í textanum. Ljósmyndirnar fylla rúmlega þriðjung bókarinnar.


Það má teljast sérkennilegt og jafnframt skemmtilegt við bókina, að í henni eru ekki einungis beinhardar staðreyndir um íslenska fugla, heldur einnig þjóðsögur og þjóðtrú um fugla og allmargar vísur og stökur um þá. Dágóður hluti textans er helgaður þessu efni.

Engin bók er gallalaus og það er þessi bók ekki heldur. Við lestur hennar, og þó sérstaklega uppflettingar, er hætt við að lesendur rugli saman almennum upplýsingum um fuglana og þjóðsögum. Betur hefði farið á því, að hafa mismunandi letur á þessum tveimur þáttum eða aðskilja greinilegar þar á

milli á annan hátt. Langflestar ljósmyndirnar eru mjög góðar og prentun með ágætum. Þó eru nokkrar myndir naumt skornar, til dæmis vantar hálf tælið á tjaldinn og dílaskarfinn og litlu munar að nefbrodda og stél- eða vængenda vant á aðra fugla. Toppandar-myndin stenst ekki samanburð við aðrar myndir og hefði mátt missa sín. Lýsingin á sendlingi á einungis við um vetrarbúning og hefði farið betur á því að birta mynd af sendlingi í þeim búningi, enda sjá börn og unglingar hann oftast aðeins á haustin og veturna.

Textinn er yfirleitt hnitmiðaður og fræðandi. Nokkuð af textanum eru greinilega umskrifaðar klausur úr bókinni „Fuglar“, sem Landvernd gaf út 1982, en sú bók virðist vera ein aðalheimild höfundar, og ekki að ástæðulausu.

Nokkrar efnisvillur eru í bókinni, og má þar til dæmis nefna lýsingu á lit svartbaks-eggja, sem sögð eru vera „oftast ljósblágræn á litinn“. Slík egg eru hins vegar mjög sjaldgæf. Sagt er, að þórshani verpi „hvergi eins



sunnarlega og hér“, en varpsvæði hans nær þó nokkru sunnar í Kanada og Alaska. Hann er einnig sagður verpa „aðeins við Breiða-fjörð“ nú, þótt hann verpi víðar á landinu.

Á nokkrum stöðum er textinn full nákvæmur miðað við tilgang bókarinnar, til dæmis þegar allir náttstaðir stara í Reykjavík taldir upp. Á öðrum stöðum er textinn of ónákvæmur og jafnvel villandi, og má þar nefna lýsingar á nokkrum tegundanna, s.s. hávellu, straumandarstegg og æðarblika í felubúningi. Sagt er, að þórshani „sé styggur og þoli ekki mikla umferð nálægt varpstöðvunum“, og það sé ástæðan fyrir fækkun hans. Þórshani er hins vegar fremur gæfur fugl. Um fótagerð heiðlóu (kallað fótalag í bókinni) er m.a. sagt að afturtá sé engin og „þetta fótalag sé algengt á vaðfuglum“. Flestir vaðfuglar hafa afturtá, þó lítil sé á sumum. Um haförn er sagt að „árið 1913 voru ekki taldir vera til nema 10 ernir í landinu öllu“. Hins vegar er talið að þeir hafi verið mun fleiri þá (sjá m.a. „Fugla“, Rit Landverndar 8).

Eins og áður hefur komið fram er lýst 35 tegundum, sem er tæplega helmingur íslenskra varpfugla. Íslenskir spörfuglar skipa veglegan sess, en þeim er öllum lýst. Undirritaður saknar umsagnar og myndar af hettumáfi, sem svo oft er ruglað saman við kríu. Öndum eru gerð fremur lítil skil, og hefði t.d. mátt fjalla um rauðhöfðaönd eða urtönd. Í staðinn hefði mátt fella niður músarrindil, þórshana eða jafnvel heiðagæs.

Eitt sem undirritaður rak augun í er ritháttur orðsins „máfur“ í bókinni: „mávur“. Mjög sjaldgæft er nú orðið að sjá þennan rithátt í bókum sem fjalla sérstaklega um fugla. Hann tíðkast hins vegar í dagblöðum. Rita er einnig nefnd „ryta“, en sá ritháttur hefur ekki verið notaður í neinni bók síðustu aldir (nema orðabókum), og verður að teljast jafra við prentvillu. Það er óæskilegt að nota ekki hefðbundinn rithátt í bók sem þessari.

Þrátt fyrir nokkur atriði sem út á bókina má setja, er hún verðugt framlag til fræðslu um íslenska fugla. Hún á ekki síður erindi til þeirra sem eldri eru og ættu allir fuglaáhugamenn að eiga hana og kynna sér efni hennar.

Gunnlaugur Pétursson

Fuglar Íslands

Höfundur: Hjálmar R. Bárðarson


Útgefandi: Hjálmar R. Bárðarson.

336 bls., um 500 myndir, 230 x 235 mm

Reykjavík 1986

Verð: 2413 kr. (1 október 1986)

Það er enginn hversdags viðburður, þegar út kemur ný fuglabók hér á landi. Mér telst til, að síðan Bjarni Sæmundsson ritaði bókina Fuglarnir, sem út kom 1936, hafði verið gefnar út fjórar bækur á íslensku sem fjalla sérstaklega um fuglafánu Íslands, þ.e. Fuglabók Ferðafélags Íslands frá 1939 eftir Magnús Björnsson, þýðing Finns Guðmundssonar á Fuglum Íslands og Evrópu, sem út kom fyrst 1962, Fugla úr ritröð Landverndar frá 1982 (ritstýrt af Arnþóri Garðarssyni) og að síðustu bókinn Fuglarnir okkar eftir Stefán Aðalsteinsson og Grétar Eiríksson (1985). Það hefur ekki farið leynt, að Hjálmar R. Bárðarson væri að víða að sér efni í nýja fuglabók og er óhætt að segja, að hennar hafi verið beðið með eftirvæntingu. Þessi bók, sem ber titilinn Fuglar Íslands, kom út síðastliðið vor (1986). Áður hafa komið út eftir Hjálmar 4 bækur um Ísland, m.a. Ís og eldur og Ísland, svipur lands og þjóðar. Aðalsmerki þessara fyrri bóka er ýtarlegur og vandaður texti og góðar ljósmyndir; þessi nýja bók sver sig í sömu ætt.



Fuglabókin skiptist í 14 meginkafla. Í fyrstu þremur köflunum er fjallað um samskipti manna og fugla, geirfuglinn og vinsæla fuglaskoðunarstaði. Í 11 köflum þar á eftir er fjallað um rúmlega 90 tegundir íslenskra fugla; í lesmáli er sagt frá ýmsu sem viðkemur lífsháttum þeirra og myndir sýna fuglana og heimkynni þeirra. Tegundum er raðað í kafla eftir kjörlendi, sbr. kaflaheitin: eyjar og sker, bjargfuglar, strandfuglar, votlendi, o.s.frv. Í bókarlok eru þakkarorð, stuttur kafli um Finn heitinn Guðmundsson, fuglafræðing, og annar um fuglaljósmyndun, ritskrá, efnisatriðaskrá og skrá yfir fuglahæiti. Bókin er í stóru broti (23,0 x 23,5 cm) og er prentuð á vandaðan pappír. Um 500 myndir prýða bókina, þ.a. um 400 litljósmyndir, og er þetta mesta safn mynda af íslenskum fuglum sem birst hefur í einni bók. Miðað við stærð og gerð er verði bókariinnar stíll mjög í hóf. Bókin fæst einnig með enskum texta, og von bráðar á fleiri tungumálum.

Texti bókariinnar er fræðandi og fann ég þar fáar efnis- og prentvillur. Hjálmar kys að geta ekki heimilda í meginlesmáli, enda geri ég ráð fyrir að aðalmarkmið verksins sé að upplýsa almenning. Ritskrá fylgir í bókarlok fyrir þá sem vilja kafa dýpra í efnid. Ég er ekki fyllilega sammála þeirri efnismeðferð að taka tegundirnar fyrir eftir búsvæðum. Búsvæði einstakra tegunda geta verið af ýmsum gerðum og erfitt að skipta tegundum í einn ákveðinn flokk, en það hefur höfundur orðið að gera til þess að forðast endurtekningar. Það er t.d. ankannalegt að sjá stormmáf meðal útskerjafugla, hann ætti frekar heima með strandfuglum, kjóinn er settur sem mófugl (ætti með réttu að vera með skúmum í kaflanum um strandfugla) en einkennisfugl íslenskra móa, þúfutittlingurinn, er tekinn fyrir í kaflanum um hraun og kjarrlendi. Ég tel, að hér hefði farið betur á því að deila tegundum niður að mestu leyti eftir skyldleika, sbr. efnisskipan í Fuglar, bók Landverndar nr. 8. Efnisatriðaskrá í bókarlok er til fyrirmyndar og auðveldar alla notkun bókariinnar.

Hjálmar er landskunnur fyrir ljósmyndir sínar, og frábærar fuglamyndir í bókinni bera hæfileikum hans á þessu sviði góðan vitnisburð, t.d. uglumyndirnar bls. 172-173, hávellan bls. 203, sendlingur bls. 254, hrossagaukur bls. 268, músarrindill bls. 270, fálki bls. 285, svo eitthvað sé nefnt. Allir sem

þekkja til fuglaljósmyndunar gera sér grein fyrir hvílska vinnu og þolinmæði það hefur kostað að ná öllum þessum myndum.

Þær myndir sem eru hvað sístar, og ekki í samræmi við þær miklu kröfur sem Hjálmar sannarlega gerir til sín, eru myndir af ýmsum sjaldgæfum fuglum sem erfitt hefur verið að komast í færi við, sbr. vepja bls. 317, snægla bls. 256-257. Hér er spurning hvort ekki hefði betur farið á því að sleppa slíkum myndum. Sama má reyndar segja um teiknaðar myndir í bókinni, ég tel að þeim hefði átt að sleppa. Í myndatexta með 3 myndum sá ég að ranglega var greint frá tegund eða kynferði fugla: bls. 179 gargandarungar í hreiðri eru urtandarungar, neðst á sömu bls. er mynd af gargandarstegg í felubúningi, sem sagður er kolla, og á bls. 206 eru 3 toppandarsteggir og kolla sögð vera 2 pör.

Eftir að hafa lesið þessa bók spjaldanna á milli er mér ljóst, að hér hefur verið lyft Grettistaki. Það er ekki aðeins, að Hjálmar taki góðar myndir og semji vel frambærilegan texta, heldur hefur hann einn séð um alla tæknivinnu í myrkraherbergi svo og útlitshönnun bókariinnar. Fuglar Íslands eiga erindi til allra áhugamanna um náttúrufræði. – Hjálmar, til hamingju með vel unnið verk.

Ólafur Karl Nielsen

LEIÐRÉTTING

Í síðasta hefti BLIKA (nr. 4) féllu tilvitnunarir í þrjú rit út úr heimildaskrá í grein þeirra Alan G. Knox og Timothy W. Parmenter: *Stærðarmælingar á nokkrum íslenskum spörfuglum*. Hér er bætt fyrir þessi mistök:

- Vaurie, C. 1959. The Birds of the Palearctic Fauna. Passeriformes. London.
Williamson, K. 1959. Meadow Pipit migration. Bird Migration 1: 88-91.
Witherby, H.F., F.C.R. Jourdain, N.F. Ticehurst & B.W. Tucker 1943. The Handbook of British Birds. Vol. 2. London.

CONTENTS

Kjartan G. Magnússon: Chaffinch <i>Fringilla coelebs</i> nesting in Iceland	1
Erling Ólafsson: A second breeding occurrence of Black Terns in Iceland	3
Erling Ólafsson & Hálf dán Björnsson: Birds on nunataks in the glacier Breiðamerkurjökull, SE Iceland	6
Hannes Þór Hafsteinsson: Blackbirds <i>Turdus merula</i> nesting in Iceland in 1985	16
Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson: Rare birds in Iceland in 1984	19
Gunnlaugur Þráinsson: Lapwing <i>Vanellus vanellus</i> nests in Eyjafjörður, N-Iceland, 1985	47
From the Icelandic Society for the Protection of Birds	49
Delayed breeding of Long-tailed Ducks in eastern Iceland	54
Ravens damage garden trees	55
Miscellaneous	56
Announcements	60
Request for information	61
Book reviews	62
Errata	64

EFNI

Kjartan G. Magnússon:	
Bókfinka kemur upp ungum á Íslandi	1
Erling Ólafsson:	
Kolþernur verpa öðru sinni við Stokkseyri	3
Erling Ólafsson og Hálf dán Björnsson:	
Fuglar í fjöllum og skerjum í Breiðamerkurjökli	6
Hannes Þór Hafsteinsson:	
Svartþrastarvarp Reykjavík 1985	16
Gunnlaugur Pétursson og Erling Ólafsson:	
Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1984	19
Gunnlaugur Þráinsson:	
Vepjuvarp í Eyjafirði 1985	47
Fræðslufundur Fuglaverndarfélags Íslands veturinn 1985-1986	49
Arnarvarp 1986	53
Harðindi hjá hávillum á Austurlandi	54
Hrafninn og trjáskemmdir	55
Saga af sjónum: Um „veiðiskap“ súlunnar	56
Sendlingar leita fæðu í skipi	56
Fróðleikskorn um margæsir	57
Erlendir fuglarannsóknaleiðangrar árin 1984 og 1985	60
Fréttir	60
Upplýsinga óskað	61
Ritfregnir	62
Leiðrétting	64